



Dalirnir

Fólkið og framtíðin



Dalirnir dafna



Ágæti lesandi!

Blað það sem þú ert með í höndunum er afurð samstarfs okkar starfsmanna Dalabyggðar, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og héraðsfréttablaðsins Skessuhorns og vil ég hér þakka öllu því góða fólki sem kom að undirbúningi og framkvæmd fyrir gott samstarf. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem tóku að sér greinaskrif, gáfu kost á viðtali, útveguðu myndir og allt það sem útgáfa sem þessi krefst. Að gefa út blað gerist ekki að sjálfu sér frekar en annað, takk öll.

Tilgangur okkar með útgáfu þessa blaðs er að segja frá ýmsu af því sem í gangi er hér í Dölunum og af nógu er að taka. Við fengum stuðning úr C1 potti Byggðaaætlunar stjórnvalda til þess að fara í verkefni varðandi ímynd Dalanna. Farið var í vinnu við gerð verkfærakistu í markaðssetningu, sem sveitarfélagið Dalabyggð og fyrirtæki, og í raun allir áhugasamir í Dölunum geta nýtt sér. Verkfærakistan er aðallega hugsuð til að miðla heildstæðri sýn á sveitarfélagið og samfélagið allt út á við, þar sem slagorðið er: „Við yrkjum lífsgæði í Dölunum.“ Ráðgjafafyrirtækið Cohn&Wolfe á Íslandi var samstarfsaðili okkar við gerð fyrrnefndrar verkfærakistu en verkefnið er í grunninn samstarfsverkefni Dalabyggðar og SSV (Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi). Það er ansi margt jákvætt sem hægt er að miðla um Dalina svo sem eins og hvernig hrein náttúra, gott samfélag og mikil landgæði í bland við sterk lýðgæði eru grundvöllur farsæls samfélags og lífsgæða. Frétt um verkefnið og verkfærakistuna má nálgast á heimasíðu Dalabyggðar í gegnum eftir-

farandi slóð: <https://dalir.is/frettir/yrkjum-lifsgaedin-i-dolunum/> og segja má að útgáfa þessa blaðs sé næsta skrefið í kjölfar þess að verkfærakistan varð til.

Við yrkjum samfélagið og döfnum því vel

Sveitarfélagið Dalabyggð í þeirri mynd sem það er nú á sér rúmlega þrjátíu ára sögu. Það var stofnað 11. júní 1994 og er samansett af níu hreppum sem hver um sig voru sjálfstæð sveitarfélög á sínum tíma. Dalabyggð er landstórt sveitarfélag, rúmir 2400 ferkílómetrar, já, stærra en Íslendinganýlendan Tenerife meira að segja og íbúar nú eru 679 talsins skv. Þjóðskrá 2. júní sl. Rúmlega 60% búa í dreifbýli og rétt innan við 40% þ.a.l. í Búðardal. Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður, ferðaþjónusta, framleiðsla og úrvinnsla landbúnaðarafurða og tengd þjónusta ásamt stoðþjónustu við íbúa. Við finnum fyrir áhuga fólks til þess að flytja til okkar í Dalina og höfum því lagt í vinnu við gerð deiliskipulags fyrir aukna íbúðabyggð í Búðardal og ekki veitir af því fasteignamarkaðurinn er uppurinn má segja og því full ástæða til þess að hafa lóðir tilbúna til úthlutunar líkt og sjá má hér aftar í blaðinu. Við döfnum vel hér og það skilar sér í heilbrigðum vexti sveitarfélagsins.

Ég hvet ykkur ágætu lesendur til að kynna ykkur efni blaðsins og halda upp á það því af nógu er að taka og allt efnið er kannski ekki lesið á örsötsstundu. Í framhaldinu reikna ég með ykkur í heimsókn í Dalina, þau ykkar sem ekki búa nú þegar í Dölunum. Hér er mannlíf gott og ferðaþjónar og samfélagið allt tilbúið til að taka á móti góðum gestum því í Dölunum „yrkjum við lífsgæði“ í einstöku söguhéraði þar sem loftgæði og landgæði eru sömuleiðis einstök. Dalirnir eru í ýmsum skilningi eins og falin perla má segja, fagur happafengur þeim sem uppgötva og nokkuð víst að þið komið aftur og aftur því Dalirnir heilla, það er alla vega mín reynsla kæru Dalamenn og aðrir núverandi og komandi velunnarar Dalanna.

Björn Bjarki Þorsteinsson
Höf. er sveitarstjóri í Dalabyggð



Sveitarstjórn Dalabyggðar. F.v. Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Garðar Freyr Vilhjálmsson, Þuríður Jóney Sigurðardóttir varaoddviti, Einar Jón Geirsson, Guðlaug Kristinsdóttir og Ingibjörg Þórunn Steinudóttir oddviti.

Við yrkjum líf - og lífsgæði alla daga

Kæru íbúar Dalabyggðar og aðrir vinir okkar og velunnarar!

Þegar við lítum yfir það, sem hefur gerst í Dalabyggð á undanfórnum árum, getum við öll verið afar stolt af þeim árangri sem við höfum náð saman. Þennan árangur má fyrst og fremst að þakka þeirri samheldni, dugnaði og trú á framtíðina sem samfélagið sýnir í verki á hverjum degi. Hlutverk okkar í sveitarstjórn er að viðhalda þessum krafti og stuðla að því að Dalabyggð haldi áfram að vera lifandi, blómlegt og eftirsóknarvert samfélag fyrir okkur öll, unga sem aldna. Þetta blað sem við ákváðum að gefa út er til marks um það hvað Dalirnir hafa að bera og heiti þess, Dalirnir, fólkið og framtíðin, speglar tilgang þessarar útgáfu að mínu mati.

Endurreisn ímyndar

Fyrir nokkrum árum stóð Dalabyggð frammi fyrir áskorunum sem mörg dreifbýl svæði þekkja, fólksfækkun og erfiðleika því samfara en í dag getum við státað okkur af því að hafa tekist á við þær aðstæður af festu. Við höfum unnið markvisst að því að endurreisa ímynd Dalabyggðar og sýna fram á þau tækifæri sem eru í héraðinu. Það er ekki lengur spurning um hvort Dalabyggð sé fær um að laða að sér fólk og fyrirtæki, heldur hvernig við getum best nýtt þau tækifæri sem skapast með okkar öfluga mannaúði.

Slagorð herferðirnar fyrir endurreisn ímynd Dalabyggðar er; „Við yrkjum lífsgæðin.“ Þetta slagorð og val á því er ekki tilviljun; það lýsir kjarna Dalabyggðar og þeim gildum sem við stöndum fyrir. Það vísar til djúpstæðra róta okkar í landbúnaði – þar sem landið er unnið og fær að blómstra – en það nær einnig til miklu víðari merkingar. Það táknar þá staðreynd að við erum ekki bara að rækta jarðveginn, heldur erum við að rækta og byggja upp lífsgæði hér í Dölum.

Lífsgæði í Dölunum eru sannarlega öfundsverð. Við íbúarnir njótum þess að búa í hreinu lofti og friðsælu umhverfi, fjarri ys og þys borgarinnar. Þetta er umhverfi þar sem ríkuleg náttúra er aldrei langt undan og býður upp á óteljandi tækifæri til útivistar og hvíldar. En það er ekki bara náttúran sem skilgreinir

lífsgæðin hér; það eru einnig sterk samfélagstengsl og einstök samkennd sem einkenna Dalabyggð. Hér styðja íbúar hver annan og félagslíf er blómlegt. Þessi samfélagskjarni er ómetanlegur og ein helsta ástæðan fyrir því að fólki líður vel og vill búa hér.

Landbúnaðurinn er burðarás atvinnulífsins okkar og við erum stolt af þeirri nýsköpun og sjálfbærni sem bændur okkar sýna. Við höfum einnig séð mikla aukningu í ferðaþjónustu, sem hefur skapað fjölda nýrra starfa og aukið umsvif í samfélaginu. Þessi fjölbreytni í atvinnulífinu hefur styrkt hag okkar og gert Dalabyggð að áhugaverðum stað fyrir frumkvöðla og fjárfesta en við viljum og þurfum meira, enn frekari fjölbreytni í atvinnulífið til að styrkja stoðirnar frekar. Við höfum lagt áherslu á að skapa góð skilyrði fyrir fjárfestingar og nýsköpun, til dæmis með bættum stafrænum innviðum sem styðja við fjarvinnu og nýjar tegundir fyrirtækja. Þetta er allt hluti af stærri sýn um að byggja upp seigt og fjölbreytt atvinnulíf sem stenst tímans tönn.

Stórkostleg uppbygging – Nýtt íþróttahús

Eitt skýrasta dæmið um þá miklu framsýni og uppbyggingaranda sem einkennir Dalabyggð er bygging nýs íþróttahúss. Þetta hefur verið stórt og krefjandi verkefni en við erum ótrúlega stolt af því að sjá það verða að veruleika. Nýja íþróttahúsið er ekki bara bygging; það er fjárfesting í lýðheilsu íbúa okkar, hjá ungum sem öldnum. Það mun veita nútíma aðstöðu fyrir íþróttaiðkun, stuðla að virkara félagslífi og verða miðpunktur fyrir samfélagið allt. Hér geta kynslóðir hist, stundað saman íþróttir, rætt heimsmálin í heita pottinum og skapað minningar. Þetta er verkefni sem byggir brýr milli kynslóða og eflir samheldni.

Þetta er aðeins eitt dæmi um þá markvissu uppbyggingu sem er í gangi víðs vegar um sveitarfélagið. Við erum stöðugt að vinna að bættri þjónustu og tryggja að umhverfið okkar sé eftirsóknarvert til búsetu. Allar þessar framkvæmdir eru gerðar með framtíðina í huga, til að styrkja Dalabyggð sem heild.

Áhersla á mannauð – Skólinn og mikilvægi foreldrasamstarfs

Árangur samfélags mælist ekki bara í hagvexti eða stórframkvæmdum, heldur fyrst og fremst í lífsgæðum íbúa og hvernig við hlúum að mannauðnum okkar. Í Dalabyggð leggjum við áherslu á að skapa öflugt og styðjandi umhverfi fyrir börnin okkar og unglinga. Við erum afar stolt af skólunum okkar og því framúrskarandi starfi sem þar fer fram. Stuðningur við skólann er grundvallaratriði, því þar er grunnurinn lagður að framtíð Dalabyggðar.

En lykillinn að árangri skólastarfs er ekki einungis innan veggja skólans. Við vitum að virkt og gott foreldrasamstarf er ómetanlegt fyrir velgengni barna okkar. Þegar foreldrar og skóli vinna saman að sama markmiði, skapast öflugur samstarfsvettvangur sem ýtir undir nám og þroska. Við hvetjum foreldra til að taka virkan þátt í skólastarfinu, í gegnum foreldrafélög, skólaráð eða með því einfaldlega að halda góðum samskiptum við kennara. Ykkar þátttaka er grundvallaratriði fyrir það jákvæða umhverfi sem við viljum skapa fyrir börnin okkar.

Við trúum því að með því að hlúa vel að börnum okkar og unglingum, tryggjum við blómlegt samfélag til framtíðar.

Samfélagið okkar – Drifkraftur árangurs

Kæru íbúar. Allur þessi árangur, hvort sem það er nýja íþróttahúsið, blómlegt atvinnulíf eða áhersla á velferð barna okkar er ykkur að þakka. Það er samheldni ykkar, vilji til samstarfs og trú á framtíðina sem er drifkrafturinn á bak við allt sem við höfum áorkað.

Saman höfum við byggt Dalabyggð sem er ekki bara staður á korti, heldur heimili þar sem fólk blómstrar og framtíðin er björt og samfélag sem tekið er eftir á landsvísu.

Ég vona og veit að þetta blað og þessi útgáfa mun bæði styrkja sjálfsmynd okkar íbúa Dalabyggðar og ekki síður sýna og segja ykkur hinum sem það lesið hvað Dalirnir og ekki síst Dalamenn eru í raun magnað og duglegt fólk sem yrkir líf- og lífsgæði alla daga.

Með bestu kveðju fyrir hönd sveitarstjórnar Dalabyggðar,
Ingibjörg Þórunn Steinudóttir, oddviti

Dalirnir
Fólkið og framtíðin

Útgefandi: Dalabyggð í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Skessuhorn.

Ábyrgðarmaður: Björn Bjarki Þorsteinsson.

Höfundar efnis: Björn Bjarki Þorsteinsson, Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Ingibjörg Þórunn Steinudóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Linda Guðmundsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Valdís Einarsdóttir. Útgefandi vill koma á framfæri þakklæti til viðmælenda og allra sem lögðu til efni og myndir.

Umsjón með útgáfu: Skessuhorn / Magnús Magnússon.

Hönnun og umbrot: Skessuhorn / Siggí Sigbjörnsson.

Prentun: Landsprent.

Blaðið er prentað í 8.000 eintökum, dreift til áskrifenda Skessuhorns og auk þess á heimili í Dalabyggð. Blaðið mun liggja frammi víða á Vesturlandi og Norðvesturlandi.



Farsæl uppbygging í miðjum heimsfaraldri

Það var um mitt ár 2020 sem hugmynd vaknaði um stofnun nýsköpunarseturs í Búðardal. Fyrirmyndir að slíkum setrum höfðu spröttið upp víða á Vesturlandi, sumar gengið betur en aðrar, en á þessum tíma virtust ýmis tækifæri liggja í slíkri aðstöðu í Dalabyggð. Það var Uppbyggingarsjóður Vesturlands sem hafði fyrst trú á þessu verkefni og styrkti það sama ár. Í framhaldi var leitað til Fjármálaráðuneytisins sem bauð sveitarfélaginu að kaupa húsnæði á jarðhæð Stjórnsýsluhússins að Miðbraut 11 í Búðardal og gekk það eftir ári síðar. Ýmislegt á leiðinni gekk hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir þar sem stofnun setursins fram að opnun var öll unnin á tímum heimsfaraldurs af völdum Covid-19 sem setti oft strik í reikninginn. Það fór þó svo að þann 30. mars 2022 var Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur Dalabyggðar loksins opnað formlega.

Hugmyndin að baki stofnun setursins var nokkuð frábrugðin öðrum. Þegar leitað var eftir samstarfsaðilum var ekki farið fram á beint fjármagn til setursins heldur óskað eftir vinnuframlagi svo sem við ráðgjöf, áætlanagerð, námskeiðahaldi og viðveru. Þá var einnig lagt upp með að í upphafi yrði setrið frekar opið fyrir fleiri möguleikum en færri. Þetta hefði ekki verið hægt nema fyrir tilstilli

samstarfs- og styrktaraðila. Má þar nefna NýVest, SSV, Eflu, KB, BÍ, Arion, LbhÍ, Símenntun og Háskólann á Bifröst.

Frá stofnun hefur því verið hægt að vinna störf án staðsetningar, sinna fjarnámi, leigja pláss til skemmri tíma í samvinnurými og halda námskeið. Síðar bættist við samstarf við Símenntun á Vesturlandi um próftöku og leiga á skrifstofum til lengri tíma. Þörf fyrir prófamiðstöðina sannaði sig þegar yfir 30 próf voru í setrinu einn desembermánuðinn.

Dalabyggð hefur einnig staðið fyrir dagskrá fyrir íbúa sem hefur meðal annars snúið að kynningar- og samráðsfundum, styttri og lengri námskeiðum og kaffispjalli um hin ýmsu málefni. Setrið er því ekki síst samráðsvettvangur fyrir íbúa og hefur það haft gífurlega jákvæð áhrif á samfélagið í Dölum sem slíkt. Sést þetta skýrast í þeim góða árangri sem náðst hefur í íbúakönnun landshlutanna, þar sem Dalirnir skora hátt í þáttum eins og samráði og virku lýðræði.

Auðarstofa – lifandi nýsköpunar- og þekkingarsetur

Frá stofnun hefur starfsemi setursins vissulega tekið nokkrum breytingum. Húsnæðið verið



Nýsköpunarsetrið, tilvonandi Auðarstofa er staðsett í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal. Sveitarfélagið eignaðist nýverið allt húsið sem býður upp á mikla vaxtarmöguleika.

aðlagð betur að notkun og stefnan orðin skýrari, ekki síst með tilkomu hugmyndarinnar um Auðarstofu. Vaxtarmöguleikar jukust enn þegar Dalabyggð keypti eignarhlut FSRE í Stjórnsýsluhúsinu að Miðbraut 11 í Búðardal og tvöfaldaði þar með rými setursins. Var farið að velta upp möguleikum með frekari nýtingu og hugmyndin um þekkingarsetur varð ofan á. Í Auðarstofu er ætlunin að leggja áherslu á rannsóknir og sérfræðistörf í Dalabyggð ásamt því að byggja upp verklegt rými fyrir námskeiðahald og frumkvöðla.

Tækifærin eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg en það má nefna að árið 2024 vann starfshópur á vegum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins að skýrslu um eflingu samfélagsins í Dalabyggð. Þar er

meðal annars lagt til að í Dalabyggð verði unnið að nokkrum sértækum verkefnum á sviði málaflokka ráðuneytisins. Myndi það kalla á fleiri sérfræðistörf og auka þekkingaröflun innan byggðarlagsins. Með Breiðafjörðinn í bakgarðinum, menningararfinn allt um kring og framsækni í landbúnaði í héraðinu, er óhætt að segja að tækifærin til að stuðla að fræða- og frumkvöðlastarfi séu til staðar. Með Auðarstofu verður til umhverfi og aðstaða sem rúmar þessi fjölbreyttu verkefni og störf.

Veglegur styrkur til uppbyggingar

Í mars 2025 var tilkynnt að verkefnið Auðarstofa hefði hlotið 13,5 milljónir króna úr byggða-



Í setrinu er meðal annars samvinnurými þar sem hægt er að leigja aðstöðu til skemmri eða lengri tíma. Þar er að finna allan helsta búnað sem þarf til að geta sest niður og unnið eða lært.

áætlun. Verkefnið er til tveggja ára. Fyrri árið fer í þróun stefnu ásamt endurbótum á rýminu sem nýverið komst í eigu Dalabyggðar. Seinna árið verður unnið markvisst að því að efla starfsemi í setrinu með áherslu á fjölgun sérfræðistarfa og skipulagt fræðsluáttak fyrir frumkvöðla, atvinnurekendur og íbúa. Markmiðið hefur alltaf verið að styrkja þá þætti sem íbúar meta mikilvæga en jafnframt ekki mjög sterka í íbúakönnun landshlutanna í Dalabyggð. Má þar nefna námsmöguleika á háskólastigi, launatekjur, atvinnuöryggi og fjölbreytni atvinnulífs. Markmiðið með Auðarstofu er að styrkja þessa þætti íbúum til heilla.

jms

Íþróttamannvirki í Búðardal

Mikilvægt innviðaverkefni


Dalabyggð er 14. landstærsta sveitarfélag á Íslandi með 675 íbúa. Þéttbýlið er í Búðardal og býr tæplega helmingur íbúa sveitarfélagsins þar. Grunn- og leikskóli Dalabyggðar, sem ber heitið Auðarskóli, er staðsettur í Búðardal sem leiðir af sér að um 50% barna sem sækja skólann nú koma með skólabílum. Búðardalur er einn örfárna þéttbýlisstaða á Íslandi þar sem ekki hafa verið til staðar íþróttamannvirki, hvorki íþróttasalur né sundlaug. Nemendur Auðarskóla stunda íþróttir í sal Dalabúðar sem er í grunninn félagsheimili. Á haust- og vorönn er svo farið með eldri nemendum skólans í nokkur skipti í sund inn að Laugum í Sælingsdal en þangað er um 20 mínútna akstur frá Búðardal.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hafði áður um alllanga hríð unnið að undirbúningi þess að byggja upp íþróttamannvirki í þéttbýlinu í Búðardal m.a. í því ljósi að allt skólahald er þar og því töluverður ávinningur í því að koma upp íþróttaaðstöðu í næsta nágrenni.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum í maí 2022, þegar búið var að manna nefndir, ráð og lykilstöður, var allt sett í fullan gang við að koma verkefninu formlega af stað. Rétt er hér að nefna að það var algjör einhugur í sveitarstjórn Dalabyggðar um að reyna allt til þess að áformin yrðu að veruleika og hægt yrði að vígja íþróttamannvirki í Búðardal á kjörtímabilinu ef allt gengi eftir.

Það er stór biti fyrir 670 manna sveitarfélag að fara í fjárfestingu upp á 1,3 milljarð króna eins og fyrirbyggjandi áætlanir gerðu ráð fyrir á sínum tíma. Á móti má

segja að það sé töluverð áhætta fyrir samfélagið í Dalabyggð að huga ekki að fjárfestingu sem þessari því til að mynda ungt fólk með börn hugar að þessum innviðum líkt og gæðum leik- og grunnskóla áður en tekin er ákvörðun um búsetu. Til áréttingar þessum þætti þá er hér mynd, tekin af vef Bygðastofnunar, þar sem fram kemur hvernig aldurssamsetning íbúa í Dalabyggð var í upphafi árs 2024:



Á þessum skýringarmyndum sést mætavel hve aldurssamsetning íbúa Dalabyggðar er frábrugðin því sem alla jafnan er á landinu og þá sérstaklega aldursbilið 20 til 50 ára hjá konum og aldursbilið 30 til 50 ára hjá körlum. Þetta er sá hópur sem er með börn í skóla og töldum við að ein af skýringum á þessu sé skortur á ásættanlegri aðstöðu til íþróttar- og sundiðkunar þegar fólk velur sér stað til búsetu.

Einnig var í undirbúningi þessa verkefnis horft til þess að það skiptir máli að geta boðið upp á sundlaug og heita potta í Búðardal þegar tekið er tillit til þeirrar ört stækkandi atvinnugreinar sem ferðapjónusta er í Dalabyggð.

Auk þjónustu við skólabörn og þar með fjölskyldufólk, ferðafólk og aðra gesti þá höfum við haft


uppi hugmyndir um að geta boðið eldri borgurum í Dalabyggð upp á aðstöðu í mannvirkinu eða í félagsheimilinu Dalabúð sem við höfum hug á að endurbæta í fyllingu tímans. Eldri borgara hefur skort húsnæði til þess að geta sinnt félagsstarfi sínu og úr því viljum við bæta og þá mögulega með samþættingu við félagsheimilið. Einnig myndum við huga að því að geta boðið þeim hópi sem og heimilisfólki á hjúkrunarheimilunum í Dalabyggð;



Íþróttahúsið í byggingu.

Verkefnið hefur gengið vel frá upphafi þess. Veturinn setti ekki strik að neinu marki á framkvæmdir og var vinnuflokkurinn frá Eykt ehf. að störfum nánast óslitið frá hausti þó auðvitað hafi verið gert hlé yfir

öll þau markmið sem sett voru fram í samtölum við Eykt ehf. hafi gengið eftir hvað það varðar að leitað hefur verið til heimafólks í Dölum til samstarfs. Verklök eru áætluð 4. febrúar 2026 og er mikil tilhlökkun í sam-



jól og áramót. Verkefnið hefur haft ýmis önnur jákvæð áhrif á samfélagið í Dölum nú þegar og má þar nefna aðkomu heimaaðila með beinum og óbeinum hætti að verkefninu, verktakar og þjónustuaðilar hafa fengið viðskipti og má segja að

félaginu í Dölum fyrir þeim tímamótum sem verða þegar íþróttamannvirkin verða tekin í gagníð og við heimafólk getum farið að sprikla í íþróttasalnum, sula í sundlauginni eða slaka á í heitu pottunum.

bbþ



Þrívíddarmynd sem sýnir íþróttamannvirkin í Búðardal sem nú eru í byggingu.



Staða lykilinnviða í Dölum og búsetukannanir

Í verkefnisáætlun DalaAuðs sem byggð er í grunninn á íbúðingum sem haldið var í upphafi verkefnisins „Brothættar byggðir“ snemma á árinu 2022 má sjá að meginmarkmið 1 af 4 er að innviðir í Dölum skulu verða samkeppnishæfir, sjá eftirfarandi texta:

„Meginmarkmiðið er að í Dala-byggð verði samkeppnishæfir innviðir en þeir eru forsenda fyrir uppbyggingu atvinnutækifera og þjónustu í byggðarlaginu. Uppbygging vega og öruggra fjarskipta er bryn, ásamt því að tryggja þrífösun rafmagns og raforkuöryggi. Auka verður frambod á atvinnu- og íbúðarbúsnaði og byggja ný íþróttamannvirkni í Búðardal.“

Atvinnumálanefnd Dalabyggðar hefur á undanförunum tveimur árum unnið vandaðar úttektir og gert tillögu að forgangsörðun úrbóta í vegamálum og hvað fjarskipti varðar. Hefur sú vinna reynst gagnleg í öllum samskiptum Dalabyggðar við ríkisvaldið og aðra hagaðila. Hér verður rakin staðan á þeim þáttum innviða í Dölum er snúa að ljósleiðara og fjarskiptum, rafmagni og þrífösun en kastljósinu beint að umfjöllun um vegamál enda hefur það málefni verið mest í deigluinni hvað varðar innviðabrest hér í Dölum, nú sem fyrr.

Ljósleiðari

Ljósleiðari var lagður í dreifbýli Dalabyggðar fyrir nokkrum árum og var það verkefni hluti af landsátaki því sem nefnt var „Ísland ljóstengt.“ Dalabyggð átti og rak kerfið fyrstu árin en árið 2024 keypti Míla hf. kerfið og yfirtók rekstur þess. Hluti af því samkomulagi var að Míla hf. tæki að sér lagningu á ljósleiðara í Búðardal og var fyrri hluta þess verkefnis lokið sumarið 2024 og verður seinni hluta þess lokið nú í sumar. Heilt yfir má segja að staða þess sé góð í Dalabyggð og frá hausti 2025 hafa öll heimili í sveitarfélaginu möguleika á því að tengjast ljósleiðarakerfi.

Fjarskipti og þrífösun

Staða fjarskipta, eða nánar tiltekið farsímasambands, er víða ansi gloppótt í Dölum og hafa verið lagðar margar vinnustundir í að greina stöðuna og þrýsta á um úrbætur. Farsíma- og fjarskiptasamband skiptir miklu máli hvað varðar almennt öryggi heimafélks sem og ferðamanna og því ljóst að hamma þarf járníð hvað varðar að úrbætur verði gerðar í sveitarfélaginu.

Áfangar hafa náðst á undanförunum árum hvað varðar lagningu þriggja fasa rafmagns í Dalabyggð. Meðal annars hafa verið teknir kaflar á Fellsströnd, Miðdölum, Skógarströnd og Hvammssveit, en betur má ef duga skal.

Vegamál - aukin umferð um Dali

Umferð í gegnum Dali hefur aukist mjög á síðustu árum. Stærstur hluti umferðar til og frá Vestfjörðum og Ströndum fer í gegnum Dalabyggð. Pungaflutningar hafa aukist í gegnum héraðið í tengslum við sjókvíaelði á Vestfjörðum, með tilheyrandi álagi á vegi.

Allt hefur þetta haft áhrif á vegakerfið í Dalabyggð. Það fer ekki fram hjá þeim sem ferðast um héraðið að víða er slitlag vægast sagt illa farið. Þá fara malarvegir einnig illa á aukinni umferð, ekki síst þar sem ferðamannatímabilið hefur lengst og nær nú lengra inn í vor og haust en áður, eða inn á mánuði þar



sem úrkoma er meiri og eins raki í jarðvegi.

Á Vesturlandi eru um 14% allra vega á Íslandi, þar af eru um 3% í Dalabyggð. Samkvæmt Samgöngu- og innviðaáætlun Vesturlands frá 2021 eru aðeins níu sveitarfélög með stærra vegakerfi en Dalabyggð og ekkert þeirra er með jafn hátt hlutfall malarvega innan sinna marka. Af 1.845 km vega á Vesturlandi eru næst flestir kílómetrar vega í Dalabyggð, alls 402.

Malarvegir og aftur malarvegir...

Í Dalabyggð er starfsstöð Vegagerðarinnar. Hún þjónustar vegakerfi sem teygir sig inn í þrjú önnur sveitarfélög sem telur 564 km í heild. Árið 2023 voru 369 km malarvegir eða um 65%. Síðan þá hefur verið lokið við tæpa sex km á Snæfellsnesvegi, tæpa átta km á Laxárdalsvegi, (sem er afar mikilvæg varaleið þegar Holtavörðuheidi lokast í vetrarveðrum) og nú síðast á Klofningsvegi í Hvammssveit rúmir átta km. Þó að þær úrbætur, sem og framkvæmdir í Reykhólahreppi, séu teknar með í reikninginn er enn stærra hlutfall vega á starfsvæði Vegagerðarinnar í Búðardal malarvegir eða um 60%, því á móti framkvæmdum til úrbóta kemur að áður skilgreindir slitlagskaflar hafa sumir hverjir fengið stöðu malarvega eftir aðgerðir vegna þess að slitlag á viðkomandi vegakafla var dæmt ónýtt. Íbúar Dalabyggðar búa einnig við það að Skógarstrandarvegur er eini stofnvegur á Vesturlandi, sá lengsti á láglandi landsins alls, sem er án bundins slitlags. Starfsmenn Vegagerðarinnar á svæðinu eiga þakkir og hrós skilið fyrir þeirra óeigingjarna starf við erfiðar aðstæður, það er alls ekki við þá að sakast hvernig komið er fyrir vegum í Dölunum.

Í Dalabyggð eru um 845 km af héraðsvegum, þar af eru 75 km malarvegir, sem búa við þá sérstöðu að hafa ekki fengið fjárveitingu

frá árinu 2007. Það fjármagn sem skrifað er á héraðsvegi í samgönguáætlun 2020-2034 eru stofnframlög til nýrra héraðsvega og þeirra héraðsvega sem hafa verið aflagðir en eru að koma inn að nýju. Fjármagn þetta er ekki til viðhalds núverandi héraðsvega.

Viljum samkeppnishæfa innviði

Samkvæmt íbúakönnun landshlutanna sem unnin var 2023 af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) í samráði við önnur landshlutasamtök kemur fram að Dalir komi einna verst út hvað varðar umferðaröryggi, aðeins Skaftafellssýslur komu verr út. Sömu sögu er að segja varðandi vegakerfið þar sem niðurstaðan var sú sama og í íbúakönnun frá 2020, þ.e. að íbúar Dalabyggðar eru næst óánægðastir íbúa landsins með vegakerfið, aðeins íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum eru ósáttari. Þá hefur óánægja íbúa aukist ef miðað er við sambærilegar kannanir, sem hafa verið gerðar á Vesturlandi allt frá 2004. Þessi óánægja kom skýrt í ljós á íbúðingum árið 2022, sem haldið var vegna inngöngu Dalabyggðar inn í verkefnið Brothættar byggðir. Bentu íbúar ítrekað á mikilvægi þess að byggja upp vegi til að auka byggðafestu í sveitarfélaginu. Samkeppnishæfir innviðir urðu í kjölfarið eitt af fjórum meginmarkmiðum verkefnisins og hefur ítrekað verið minnt á stöðu vegamála í Dölum í ræðu og riti.

Það er komið að Dölunum

Íbúar Dalabyggðar hafa verið virkir í hagsmunabaráttu vegna bágrar stöðu í vegamálum og hafa þeir staðið fyrir friðsömum aðgerðum samanber golfínót sem haldið var á Skógarstrandarvegi á Jónsmessunótt árið 2023, vorið 2024 voru gróðursett sumarblóm í völdum holum á sama vegi og áfram mætti

telja. Dalirnir hafa orðið út undan í mörgum skilningi hvað varðar vegabætur og teljum við nú óhikað að röðin sé komin að okkur þegar unnin verður tillaga að nýrri uppfærðri Samgönguáætlun á haustþingi 2025.

Hástökkvari í búsetuskilyrðum

Íbúakönnun landshlutanna kallast samstarfsverkefni allra landshlutasamtaka utan höfuðborgarsvæðisins, ásamt Byggðastofnun. Í könnuninni er mældur hugur íbúa til búsetuskilyrða, aðstæðna á vinnu- markaði og afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða, svo sem hamingju og hvort íbúar séu á förum frá landshlutanum. Íbúakönnunin var fyrst framkvæmd á Vesturlandi árið 2004 en hefur síðan verið gerð á þriggja ára fresti. Könnunin var framkvæmd í annað sinn á öllu landinu á tímabilinu 2023-2024.

Það voru skemmtilegar fyrirsgnir sem blöstu við Dalamönnum þegar greining á könnuninni 2023-2024 fóru að berast. Dalir hækkuðu mest frá árinu 2020 og talað var um þá sem hástökkvara milli kannana. Kannski ekki svo undarlegt orðalag þegar eitt sveitarfélag fer úr 23. sæti, eða því næst neðsta upp í 15. sæti á aðeins um þremur árum. Í Dölunum löguðust mest á milli kannanna fjórir þættir er tengjast afþreyingu, þ.e. íþróttir, afþreying, unglingastarf og menning; þrír þættir er tengjast vinnumarkaði, þ.e. atvinnuöryggi, atvinnurekstur og atvinnuúrval, en líka munaði um þjónustu við fólk í fjárhagsvanda, skipulagsmál og framhaldsskóla. Ánægja með búsetuskilyrði í Dölum hækkaði mest á milli kannana og eftir nánari greiningu var niðurstaðan sú að Dalir skoruðu hæst á landsvísi hvað varðar íbúalýðræði.

Hvaðan kemur stökkið?

Varðandi íþróttir og unglingastarf má nefna að á tímabilinu milli kannana var Íþróttafélagið

Undri stofnað sem heldur úti öflugu íþróttastarfi. Félagið stendur fyrir reglulegum íþróttæfingum í nokkrum greinum ásamt því að bjóða ýmis námskeið yfir árið. Hvað varðar afþreyingu og menningu telur án efa sú innspýting sem fékkst með inngöngu í verkefnið DalaAuð sem hefur styrkt við fjölbreytt menningarverkefni sem hafa svo verið fyrirmynd og hvatning annarra í menningar- og félagsstarfi innan sveitarfélagsins.

Ef við skoðum árangur varðandi íbúalýðræði, þ.e. ánægju með samráð sveitarfélagsins við íbúa, eru þar nokkrir þættir sem má nefna. Samráð við íbúa í gegnum verkefnið DalaAuð er bæði reglulegt og vel skipulagt hvernig því er fylgt eftir. Þá hefur Dalabyggð staðið fyrir kaffisþjalli, fundum og fræðslu í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar þar sem íbúar hafa m.a. fengið innsýn í vinnuferla, hitt fagnefndir til viðræðna og kynnt sér verkefni og fjárfestingar sveitarfélagsins. Fagnefndir hafa einnig tekið upp meiri samskipti við íbúa. Má þar nefna að atvinnumálanefnd hittir reglulega atvinnurekendur í sveitarfélaginu og tvisvar á ári er haldinn samhristingur með ferðaþjónum, vaxandi atvinnugrein í héraðinu. Það er óhætt að segja að þessi árangur er ekki úndur upp af gólfinu heldur margþætt markmið að baki sem skilar loks heildarútkomunni.

Eru lífsgæði í fámenninu?

Það hefur fylgt Dalabyggð í gegnum síðustu kannanir að friðsæld og loftgæði eru að koma mjög vel út. Þessir þættir virðast kannski ekki svo veigamiklir einir og sér. Er þetta ekki eitthvað sem er alls staðar á landinu? Af hverju eru Dalirnir þá að skora herra en önnur sveitarfélög hvað þetta varðar?

Í dag er friðsæld oftast tengd við eitthvað sem fólk leitar að og reynir að fullkomna með hugleiðslu og ferðalögum. Þessi þáttur virðist einnig samkvæmt íbúakönnunum síðastliðinna ára vera mikilvægari í fámennari samfélögum heldur en þeim fjölmennari. Ef við skoðum friðsæld í orðaneti Árnastofnunar er einungis að finna þar jákvæð skyld- og grannheiti. Má þar nefna; veliðan, hamingju, frelsi og töfra. Það má nefnilega ekki vanmeta hvað hægt er að fá mikið út úr því að lifa á stað þar sem friðsæld er umlykjandi. Sama má segja með loftgæði. Loftgæði eru ekki sjálfsögð, þau eru auðlind og ánægjulegt að sjá íbúa í Dölum meta þessi lífsgæði.

Tækifæri í því sem má bæta

Vissulega eru þættir sem íbúar telja mikilvæga sem skora lágt í könnuninni en það virðist þó ekki draga úr trú íbúa á samfélagið og uppbyggingarmöguleikum í sveitarfélaginu. Það væri auðvelt að leggja árar í bát og einblína aðeins á þá þætti sem óánægja er með, en hvað hefst með því þegar til staðar er metnaður til að gera betur?

Haft er eftir íbúum að hamingjan sé ákvörðun og sú ákvörðun eigi stóran þátt í þessum árangri. Það er kannski ekki svo fjarri lagi, það sé ákvörðun að fagna og halda því á lofti sem við erum ánægð með. Allt hitt býður upp á tækifæri, til að gera betur, byggja upp og ná lengra. Við gleymum ekki því sem betur má fara, við kjósum bara frekar að vinna að úrbótum um leið og við hömpum því sem gott er.

bbp/jms

Tilbúin í frekari uppbyggingu

Í Búðardal búa tæplega 40% íbúa sveitarfélagsins en þörf er á frekara íbúðarhúsnæði í þorpinu. Leiguhúsnæði er í samfelldri útleigu og hús sem koma á markað stoppa þar stutt. Það er ánægjulegt að fylgjast með fjölgun í Dölum að nýju og hvítleitt ef húsnæðisskortur yrði þröskuldur. Því hefur sveitarfélagið lagt áherslu á að deiliskipuleggja Búðardal til að hafa nóg af lausum lóðum til uppbyggingar. Þetta þýðir samt ekki að uppbygging hafi staðið í stað, síður en svo.

Árið 2019 var ráðist í tilraunaverkefni í samstarfi við stjórnvöld um uppbyggingu leiguhúsnæðis. Útkoman varð sú að fimm íbúðir risu árið 2020, þrjár á vegum húsnæðissjálfséignarstofnunarinnar Bakkahvams hses. og tvær á vegum byggingaverktaka. Byggðar voru þrjár leiguíbúðir til viðbótar



Verið er að deiliskipuleggja Búðardal í heild sinni í fyrsta sinn. Skipulagið gerir ráð fyrir tugum lausra lóða.

2022-2023 á vegum Bakkahvams hses. sem fékk heimamenn til verksins. Hafa allar íbúðir sem stofnunin byggði verið í samfelldri útleigu frá því þær voru teknar í notkun.

Átta íbúðir á fimm árum virðast kannski ekki mikið en horfa má á stærð sveitarfélagsins. Átta íbúðir í Búðardal eru á við 170 íbúðir í Mosfellsbæ eða 1700 í Reykjavíkurborg.



Dalasmíði byggði þrjár hagkvæmar leiguíbúðir í Búðardal fyrir Bakkahvamm hses. sem voru teknar í notkun 2023.

Leigufélagið Bríet eignaðist fjórar íbúðir í Búðardal síðla árs 2023 og stefnir félagið á uppbyggingu tveggja íbúða til viðbótar sumarið 2025. Það þýðir að

á fimm ára tímabili, í lok árs 2025, hafa verið byggðar tíu leiguíbúðir í Búðardal og nægt pláss er fyrir frekari uppbyggingu.

jms

Dalafólk rifjar upp minningar úr æsku



Í Sundlauginni. Tómas Ragnar fyrir framan og frá hægri: Jón Jóel í Miðgarði, Börkur á Orrahóli, Sturla í Hvamm, Alli á Skarfstöðum og Guðmundur Aðalsteinn á Sámstöðum.

TÓMAS R. EINARSSON Skemmti mér mest og best í sundlauginni

Brauðerturnar í fermingarveislunum? Trommuleikur Péturs Östlund í Búðardal 1966? Þetta er erfið spurning, en ég skemmti mér mest og best í sundlauginni á Laugum í Hvammssveit. Það er mjög löng minning, hún nær yfir meira en áratug. Í þessari laug dvaldi ég lungann úr deginum og var svo heppinn að eiga mömmu sem skaut með mjólkurglas og kex út á bakkann, húsið okkar var við hliðina á lauginni. Sundlaugarbyggingin var alhliða menningarhús, þar var synt, þar var barnaskóli og þar voru haldnar kvikmyndasýningar, jólaböll og dansleikir – þeir fóru fram í tæmdri lauginni og færanlegir tréþallar giltu sem dansgölf. Nikkararnir kynntu mér fagnaðarerið tónlistarinnar, og hún hefur verið förunautur minn síðan. Og ég iðka daglega mitt hundasund sem ég náði að halda óspilltu þrátt fyrir leiðréttingartilraunir sundkennara. Grasið hylur nú gömlu lagina en tónlistin og vatnið munu fylgja mér meðan öndin blaktir í vitunum.



Tómas R. Einarsson mundar hljóðfærið góða. Ljós. Anna V. Dyrseth.



Mynd frá heyskap á Staðarfelli.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR Bæjarheitin eru þarna ennþá

Sem barn átti ég oft sólríka sumardaga á Staðarfelli hjá Sveini föðurbroður mínum og Þóru konu hans. Hvammsfjörðurinn í allri sinni dýrð, krækiber í brekkunni, kvöldkaffi, endalaus hlátur með mínum kærri frænkum, Guðnýju og Kristínu. Heyskapur og hrífur, skarfafar, selkópar og skafin skinn. Nýtt selkjöt á disk, skúffukaka með kvöldkaffinu, ættingjar og vinir, fullt af krökkum og kannski lakkris, ullarsokkar og bók í kassa að heiman. „Mundu að bjóða með þér,“ sagði mamma. „Settu á þig bæjarheitin,“ sagði pabbi. Bæjarheitin eru þarna ennþá – og sólríkar minningar.

Þessir björtu dagar eru hluti af rötum mínum og kjarna. Undir Dalanna sól.



Sveinn Samúel Steinarsson, Svandís Svavarsdóttir og Kristín Guðrún Gestsdóttir.

SIGURÐUR RÚNAR FRÍÐJÓNSSON Eftirminnilega verkefni stór og smá

Það er nokkuð erfitt að nefna eitt atriði, Dalirnir tengjast mjög mikið nánast öllu mínu lífi og fjölskyldu minnar.

Í minningunni voru uppvaxtar árin í Búðardal mjög góð. Hópur af góðum félögum, mikil athafnasemi hjá okkur krökkunum, skólaga góð í fámennum barnaskóla. Byrjuðum snemma að vinna alvöru vinnu. Sumarvinna mín frá apríl



Þrír athafnamenn nýfluttir í Búðardal. Bræðurnir; Helgi Þorgils fremstur, Þórður (nú látinn) og Sigurður Rúnar aftast.

1964 var í nýstofnuðu Mjólkursamlaginu í Búðardal, fékk frí til að fara í ferminguna mína.

26 ára gamall var ég skipaður mjólkurbússtjóri í Búðardal og bjó fjölskyldan þar næstu 30 árin. Á starfssvæði samlagsins voru 160 mjólkurframleiðendur. Samstarf við bændur og samstarfsfólk í samlaginu var alla tíð ánægjulegt og gott. Nýjungar í ostum og drykkjarvörum, sérstaklega eftirminnilegt þegar við hófum framleiðslu á LGG.

Sat einnig í sveitarstjórn, fyrst Laxárdalshreppi og Dalabyggð eftir sameiningu. Fyrsta hreppsnefndin sem ég sat í var samansett af ungu fólki, meðalaldur okkar var sá lægsti á landinu ef ég man rétt. Fyrsta verkefni ungu sveitarstjórnarinnar var ný vatnsveita frá Svínadal, 25 km löng, næst lengsta veitan á landinu á eftir Vestmannaeyjum.

Það sem sittur eftir er mjög góður tími, eftirminnileg verkefni stór og smá. Góð kynni og samvinna margra einstaklinga í Dalabyggð.



Sævar Hjaltason tekur við starfi mjólkurbússtjóra í desember 2006.



Jón Kalman Stefánsson. Ljós. Einar Falur Ingólfsson.

JÓN KALMAN STEFÁNSSON Fimm mínútum síðar var Bergur mættur í fjósagallanum

Ég kom fyrst vestur í Dali með rútunni í maímánuði 1975, fór út við afleggjarann milli Sauðafells og Kvennabrekku, þar sem Magnús bóndi á Oddsstöðum beið eftir mér í bláa Land Rovernum. Ekki grundaði mig þá að þessi ókunna sveit ætti eftir að verða mitt annað heimili næsta áratuginn. Hvaða minningar þaðan lýsa mest og skærast? Æ, svo ótal margar; mannfögnuður, gleðin, söngurinn í Haukadals- og Fellsendarétt, að fara að kvöldlagi í sund inn í Reykjadal eftir langan dag í heyskapnum; böllin í Dalabúð, haustin þrjú í Sláturhúsinu, fótboltaæfingar á Nesodda þar sem bændur spiluðu í gúmmistígvélum; einn bóndinn afar skotfastur, en stígvélið á skotfætinum fylgdi ósjaldan með boltanum og ruglaði markmanninn í ríminu. Einhverju síðar var völlurinn kom-



Jón með hundinn Snata og Lalla heimaling, sumarið 1975.

inn á flatirnar neðan við Kringlu, þar sem nú er félagsheimilið Árblik og byrjað að keppa við lið úr öðrum hreppum; Bergur, vinur minn og vinnumaður á Kringlu, lang mikilvægastur í liði Miðdælinga. En eitt sumarkvöldið þegar leikurinn átti að hefjast stóðu mjaltir ennþá yfir í fjósinu á Kringlu og þegar fréttist niður á völl að húsbændum Bergs þótti út í hött að hann tæki fótbolta fram yfir störfin í fjósinu, neitaði lið Miðdælinga að byrja að spila fyrir en hann mætti – og dómariinn ákvað einfaldlega að biða. Áhorfendur, um það bil hundrað, hölluðu sér upp að bílum, einhverjir reyktu pípu og spjölluðu, allir horfandi upp að Kringlu. Loks sást gulur traktor leggja af stað frá bænum, fimm mínútum síðar var Bergur mættur í fjósagallanum, en strigaskóm, og leikurinn gat hafist. Ekki löngu síðar sá ég hvar kýrnar á Kringlu lötruðu niður bratt túnið og röðuðu sér meðfram girðingunni ofan við völinn. Fylgdust þar stoltar með sínum manni leiða lið Miðdælinga til sigurs.



Heyjað í bagga sumarið 2017. Myndin tengist viðmælendum okkar ekki með beinum hætti. Flestir eru nú hættir baggaheyskap, jafnvel fyrir áratugum síðan. Ljós. úr safni Skessuhorns/Steina Matt

„Að búa í Reykjavík er ekki fyrir mig“

Rætt við búfræðinginn Ernu Hjaltadóttur á Fellsenda í Miðdölum

Á Fellsenda er búið með sauðfé og hross og þegar blaðamaður Skessuhorns renndi heim að fjárhúsunum var sauðburður í fullum gangi. Erna Hjaltadóttir gaf sér samt nokkrar mínútur til að setjast niður í sólinni og spjalla. Þó brast næðið um stund þegar hún þurfti að hlaupa til og aðstoða þrilembu við burð. Sólin skein í heiði og eitthvað af fé gat verið úti. Um 470 fjár eru á bænum.

Allir í búfræði

Erna er dóttir Lindu Traustadóttur og Hjalta Vésteinssonar sem búa á Fellsenda. Þaðan er Hjalti og móðir hans Erna eldri býr þar einnig. Erna yngri á því djúpar rætur á staðnum. „Pabbi minn er þriðji ættliður bænda á jörðinni“, segir hún. „En mamma er frá Laufskálum í Hjalta-dal. Hún er textíl- og heimilisfræðikennari.“ Erna á einn bróður sem er í námi í Reykjavík. Hún segir að hann hafi ekki mikinn áhuga á búskap, en það hefur hún hins vegar ómældan og er búfræðingur frá Hvanneyri. Värstu ánægð þar? „Já, mjög“, segir hún. „Ég útskrifaðist árið 2021 og bekkurinn minn er rosalega þéttur hópur. Ég mæli með því að allir sem hafa áhuga á búskap fari í búfræði.“

Stúdent frá MB

Blaðamaður rýnir í sólina og útsýnið og spyr Ernu hvort hægt sé að flytja frá svona stað. Hún hristir höfuðið. Sem barn bjó hún í Borgarnesi en var sex ára þegar hún flutti að Fellsenda með foreldrum sínum og þau tóku við búi af foreldrum Hjalta árið 2007. Värstu svo alltaf ákveðin í að fara í búfræðina? „Já, alltaf“, svarar hún að bragði. „Ég fór í Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi því þar

er náttúrufræðibraut með búfræðisviði. Þá tekur maður tvö ár þar og tvö á Hvanneyri; stúdentspróf frá MB og búfræðipróf frá Hvanneyri. Þetta sparar eitt ár, í stað þess að taka stúdentinn á þremur árum og fara svo í búfræðina í tvö ár. Þá er maður líka með tryggt pláss í búfræðina þar sem er mikil aðsókn.“

Gaman að grúska í genunum

Erna segir að það sé meiri von um hjarta framtíð í sauðfjárrækt eftir að farið var að rækta með tilliti til riðuvarna. „Það á sérstaklega við á riðusvæðum, að þurfa ekki að eiga á hættu að fella allan fjárstofninn.“



Séð heim að Fellsenda.

Það er alveg gaman að pæla í þessu, grúska í þessum genum.“ Hún er mikið fyrir ær sem eru skemmtilegar á litinn. „Þær eru alveg fallegar hvítar líka“, segir hún. „En skemmtilegast er að fá litrík lömb, svo ég er mikið með mislitt. Þegar ég var í búfræðinni var stelpa þar sem átti gólsotta kind og vann með ullina í lokaverkefninu sínu. Hún rúði ána og þrjónaði lopapeysu úr ullinni. Það var mjög skemmtilegt því peysan varð bara eins og kindin var, ekki öll eins. Mér fannst það fallett.“

verðmætt hráefni ullin sé. „Það eru mikil gæði í þessu og jákvætt að geta nýtt fleira af skepnunni en kjötið. Svo er það lambsullin, hún er einstaklega mjúk.“

Biti og fjöður aftan hægra og stig aftan vinstra

Við sitjum á vörubrettum við fjárhúsdýrnar og sárt jarm frá svartri á í gerði við hlið okkar vekur athyglina. Lítið lamb er við hlið hennar. „Þessi fór út í gær“, segir Erna.

Nýr litur að ári

Við ræðum nánar um ullina og verðmæti hennar. „Það hefur verið borgað mest fyrir hvíta ull og hvíta lambsull“, segir Erna. „Svo er flokkað í svart, grátt og þannig. En tvílitur ær hafa ekki hentað eins vel og ullinni af þeim hefur eiginlega verið hent. En það væri alveg hægt að blanda því öllu saman og þá kæmi fyrir mismunandi ár ólíkur litur.“ Hún telur að þrjónafólk myndi fagna slíkri fjölbreytni. „Það er alltaf hægt að kaupa svart og mórætt en ef það er marglitað eða blanda verður til sérstakur litur sem kemur kannski ekkert aftur.“ Hún áréttar hversu



Erna Hjaltadóttir.



Ánum finnst gott að geta farið út að vild.



Erna með föður sínum Hjalta Vésteinssyni.

„En kom svo heim jarmandi greyið og lambið var dautt. Ég fláði það og setti á þetta lamb sem ég er að venja undir hana. Ég var að setja það á rétt áðan og tek það svo af eftir nokkra daga.“ Erna hefur átt kindur síðan hún var krakki og segist sækja áhugann á búskap til föður síns. „En ég á engar hvítar, allar mislitar“, segir hún. „Pabbi gaf mér kindur og lömb þegar ég var yngri og ég á mitt eigið mark; biti og fjöður aftan hægra og stig aftan vinstra.“

Að læra sjúkraliðann

Erna vinnur í 60% starfi á Hjúkrunarheimilinu Fellsenda. Búskapinn stundar hún með og er líka að læra sjúkraliðann í fjarnámi hjá Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. En hér og nú er það sauðféð sem á hug hennar allan og hún er meira en liðtæk í sauðburðinum. Svo er farið að sleppa lambfénu út, mun fyrr en áður hefur verið gert, vegna góðrar tíðar. „Þær eru farnar að liggja við hliðið og langar að fara í fjallið“, segir Erna. „Það er skógur þarna fram frá og þó ég blóti honum í smalamennskum á haustin er hann gott skjól fyrir lömbin á vorin.“



Erna hefur látið húðflúra markið sitt á handlegginn.

Ekki Reykjavík

Sólarstundinni á Fellsenda er að ljúka. Lokasurningin til Ernu er hvort hún gæti hugsað sér að búa á höfuðborgarsvæðinu? „Nei, það held ég ekki“, segir hún. „Ég var í þrjár vikur í vinnustaðanámi á Landspítalanum og fannst það alveg nóg. Umferðin og erillinn áttu ekki alveg við mig þótt það væri mjög gaman að vinna á spítalanum. En að búa í Reykjavík, það var ekki fyrir mig“, segir Erna Hjaltadóttir að lokum, kveður og hverfur inn um fjárhúsdýrnar.

gj/ Ljós. gj og aðsendar

Auður djúpúðga, kristna landnámskonan

Svo segir í Landnámu: „Auður djúpúðga nam Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár og bjó í Hvammi. Hún gaf Katli land frá Skraumuhlaupsá til Hörðadalsár. Hann bjó á Ketilstöðum. Herði gaf hún Hörðadal. Vífli gaf hún Vífilisdal, en Hunda Hundadal. Sökkólfi Sökkólfsdal. Hann bjó á Breiðabólstað. Erpi gaf hún Sauðafellslönd.“

Steinkross er á Krosshólaborg í Hvammssveit, þar sem sagt er að Auður hafi látið reisa krossa og haft bænahald. Eftirfarandi er lettað á krossinn:

Auðr djúpúðga bjó í Hvammi. Hon hafði bænahald sitt á Krosshólum. Þar lét hún reisa krossa, því at hon var skírd ok vel trúuð.

Krossinn var ekki síst reistur fyrir tilstilli kvenna í nærliggjandi byggðum og hann gerði Arsæll Magnússon steinsmiður (1907-1969) sem hafði numið steinsmiði í Þýskalandi. Við afhjúp-



Steinkrossinn á Krosshólaborg.

Ljós. gj

unina árið 1965 var fjölmenni viðstatt og sr. Eggert Ólafsson prestur á Kvennabrekku ávarpaði samkomuna. Sagði hann m.a. þetta: „Á meðan því tákni verður lotið, sem borgin fagra dregur nafn sitt af, og líf og

auðna ræður sköpun þessa lands, mun jafnan vera fagurt í Breiðafjarðarbyggðum.“ Nú eru því 60 ár síðan minnisvarðinn um Auði var afhjúpaður á Krosshólaborg, það var 8. ágúst.

gj

Kíktu á söfnin í Dalabyggð og fáðu landnámstímann í æð

Á ferðalagi um Dalina er hægt að stíga inn í fortíðina og kynnast landnámstímanum á lifandi og skemmtilegan hátt. Tvö söfn eru í Dalabyggð, sem bæði bjóða upp á upplifun og fræðslu um þennan merkilega tíma – þó með ólíkum hætti. Þá eru ótal sögustaðir víða í héraðinu, þar sem hægt er að komast í návígi við landnámstímann.

Eiríksstaðir – fáðu fræðslu um daglegt líf landnámsfólks

Landnámsbærinn Eiríksstaðir er í Haukadal og er hann hluti af sögu-sviði Eiríks sögu rauða og Græn-lendingasögu. Þar bjuggu Eiríkur Rauði og Þjóðhildur kona hans. Sonur hans Leifur heppni er tal-inn fæddur þar. Eftir ítrekaðar úti-stöður við nágranna sína fór Eiríkur rauði og nam land á Grænlandi. Sonur hans Leifur heppni fór síðan fyrstur Evrópumanna til Ameríku.

Landnámsbærinn hefur verið endurgerður og var skálinn sem þar stendur nú byggður sem eftir-mynd langhússins sem þar stóð á fyrri tímum. Viðamiklar fornleifar-annsóknir hafa verið gerðar á svæðinu og voru niðurstöður þeirra nýttar til uppbyggingar á landnáms húsinu. Þar hafa einnig gefið mikilvæga inn-sýn inn í daglegt líf landnámsfólks en áherslan í sýningarhaldi Eiríksstaða er einmitt á það að miðla sögum og vitneskju um daglegt líf fólks á landnámstímanum með lifandi leiðsögn á staðnum. Leiðsögufólkið á Eiríksstöðum leiðir gesti inn í 10. öldina, þar sem hægt er að hand-leika fornleg vopn, tól og tæki, sem landnámsmenn notuðu. Hægt er að spyrja og spjalla og fá allskonar upp-lýsingar sem ekki fást á hefðbundnum söfnum. Leiðsagnir eru í gangi yfir allan daginn og hægt er að setjast inn í langhúsið og hlusta á sögur af dag-legri lífsbaráttu fólksins sem byggði Ísland á 10. öld. Gestir mega hand-leika muni og skoða með öllum skilningarvitum. Hver leiðsögn tekur um 40 mínútur.

Lífleg dagskrá í sumar

Á miðvikudögum frá kl. 17-19 verða handverkskvöld, þar sem fólk er velkomið að koma og æfa sig í fornu handverki (eða nýju), spjalla og mögulega læra hand-tök sem mikilvægt er að komandi kynslóðir þekki. Aðgengi að hand-verks kvöldunum er ókeypis og öll velkomin.

Helgina 12. og 13. júlí verður svo Eiríksstaðahátíð, þar sem áhersla verður á handrit og sagnalist. Þar verða prófaðar aðferðir við ritun, sem voru notaðar á miðöldum. Einnig verður í boði sítun, handrita-



Starfsfólk Eiríksstaða saumar lak á rúmið hans Eiríks.



Vinlandssetur er staðsett á fallegum stað í Búðardal.

lýsing, sagnamennska og fjör fyrir alla aldurshópa. Leirlistarhópurinn Brennivargar tekur þátt með til-raunabrennslu í anda víkingaaldar en reglulega er stunduð ýmis til-raunaformleifafræði á Eiríksstöðum. Starfsfólk Eiríksstaða verður líka sýnilegt á Víkingahátíðinni í Hafnarfirði en þar verða þau með varning til sölu, sérstaklega heima-litaða jurtalitaða ull, sem einnig fæst á Eiríksstöðum.

Í sumar verður svo unnið að óhefðbundnu refilsverki í Búðar-dal, þar sem söguvið Laxdælu og Eiríks sögu rauða verður málað á Miðbrautina, götuna sem liggur þvert í gegnum bæinn. Krakkarnir í vinnuskólanum munu aðstoða við verkið og eru þau svo sannarlega til í að fá hjálp við þetta verkefni, enda heilmikið verk og lýkur eflaust ekki fyrr en á næsta ári eða þarnæsta. Einnig verður bygging jarðhýsis hafin á Eiríksstöðum í sumar, þar sem ætlunin er að byggja upp eft-irlíkingu af dyngju Þjóðhildar, sem verður svo í framtíðinni vettvangur handverkskvenna og þeirra sögu.

Gaman er líka að segja frá því að í sumar verður mikið bætt úr aðgengi fyrir fólk í hjólastólum um allt svæðið, en það þýðir að það verða

nokkrar framkvæmdir í gangi á Eiríksstöðum, núna snemma í sumar. Eiríksstaðir eru opnir daglega frá kl. 10 - 17, fram til 31. október.

Vinlandssetrið

Vinlandssetrið Leifsbúð er í Búðar-dal, niðri við höfnina og er stutt að fara þangað frá aðalgötunni og tjald-svæðinu. Á efri hæð Vinlandssetursins er falleg sýning þar sem sögum af landafundum Eiríks rauða og Leifs heppna Eiríkssonar á Grænlandi og í N-Ameríku eru gerð skil. Sýningin samanstendur af myndverkum tíu þekktra íslenskra myndlistarmanna og er hugverk leikstjórans og leikskáldsins Kjartans Ragnarssonar. Hönnun sýningarinnar var í höndum Axels Hallkels Jóhannes-sonar. Listaverkin eru eftir Aðalheiði Eysteinsdóttur, Finn Arnarsson, Fjölni Bragason, Helga Björnsson, Helga Þorgils Friðjónsson, Hrund Atladóttur, Ingibjörgu Ágústsdóttur, Kjartan Ragnarsson, Þórarinn Blöndal og Örn Sigurðsson.

Á sýningunni kynnast gestir frá-sögnum Eiríks sögu rauða og Græn-lendingasögu, sem segja frá því þegar norrænt fólk settist að á Grænlandi og í kjölfarið fóru í landkönnunar-



Sýningin í Vinlandssetrinu er sannkallaður töfraheimur.



Eiríksstaðahátíð er haldin árlega.

leiðangra til Ameríku. Gestir kynnast Leifi heppna, Eiríki rauða og fleiri áhugaverðum persónum í gegnum hljóðleiðsögn sem leiðir þig í gegnum töfraheim sýningarinnar. Töluvert er um gagnvirkt efni á sýningunni og hentar hún bæði ungum sem öldnum. Hljóð-leiðsögnin er á íslensku, ensku, þýsku og frönsku og því tilvalið að benda erlendu ferðafólki einnig á safnið.

Að sýningu lokinni er gott að setjast niður og njóta góðra veitinga en á neðri hæð hússins er notalegur veitingastaður og kaffihús sem tekur um 50 manns í sæti. Áhersla er lögð á að bjóða gestum upp á afurðir úr héraði.

Opið verður í sumar frá morgni til kvölds alla daga.

Sögu svæðið Dalir

Ef fólk þyrstir enn í að komast í návígi við landnáms söguna eftir heimsókn á bæði söfnin, þá er upplagt að keyra Söguhringinn en þegar ekið er yfir í Hvamms-sveitina og þaðan á Fellsströnd og Skarðsströnd, má finna söguslóðir nokkurra Íslendingasagna. Þar hafa verið sett upp söguskilti sem segja frá þekktu landnámsfólki og frá Sturlu Þórðarsyni sagna-meistara sem bjó á Staðarhóli í Saurbæ. Sturla skrifaði hluta af Sturlungasögu, ásamt öðrum merktum ritum. Úr Saurbænum er hægt að keyra inn í Ólafsdal, sem er einn fegursti dalur landsins en Ólafsdalur er einnig merkilegur sögustaður því þar var fyrsti landbúnaðarskólinn starfræktur á Íslandi. Þar hafa einnig fundist skáli frá landnámsöld og fleiri fornminjar, sem verið er að rannsaka.

Á Laugum í Sælingsdal er síðan náttúrulaug sem hægt er að baða sig í. Laugar eru sögu-svið Laxdælu og er Guðrúnarlaug nálægt þeim stað þar sem Guðrún Ósvífursdóttir baðaði sig forðum daga. Baðlaugin að Laugum er einnig nefnd í Sturlungu og því líklegt að hún hafi verið vinsæl á landnámstímanum. Guðrúnarlaug er opin allt árið og frítt í hana. Hún er rétt fyrir ofan Dalahótel á Laugum.



Hægt er að njóta veitinga í Vinlandssetri.



Guðrúnarlaug.

Gamlar myndir úr Dölum



Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands og frú Dóra Þórhallsdóttir í opinberri heimsókn 1957. Ljós. Vigfús Sigurgeirsson. Byggðasafn Dalamanna.



Skóarakonan dæmalausa var fyrsta uppsetning Leikklúbbs Laxdæla 1971 en félagið er enn virkt í menningarlífi Dalamanna. Ljós. Lárus Magnússon í Tjaldanesi. Byggðasafn Dalamanna.



Tjaldbúðir við Dalabúð. Kaupfélag Hvammsfjarðar í baksýn. Myndasafn Borghildar Hjartardóttur og Ásgeirs Guðmundssonar á Bjargi. Byggðasafn Dalamanna.



Byggt steinsteypt íbúðarhús á Hnúki í Klofningi 1941-1942. Myndasafn Kristínar Teitsdóttur og Jóhannesar Sigurðssonar á Hnúki. Byggðasafn Dalamanna.



Mjólkurstöðin í Búðardal og Dalabúð í baksýn 1966-1968. Fyrsti starfsdagur mjólkurstöðvarinnar var 18. mars 1964. Ljós. Sigurhans Vignir. Byggðasafn Dalamanna.



Heyskapur í Búðardal um 1966-1968. Ljós. Sigurhans Vignir. Byggðasafn Dalamanna.



Búðardalur 30. júní 1935. Ljós. Bjarni Árnason á Brennistöðum. Byggðasafn Dalamanna.



Heyskapur í Langeyjarnesi 1969. Ljós. Egill Kristbjörnsson. Byggðasafn Dalamanna.



Gillsfjarðarbrú í byggingu 1997 rétt áður en haftið lokaðist 14. júlí 1997. Með brúnni jókst samstarf Dalamanna og Reykhólahrepps, svo sem um heilsugæslu og UDN. Ljós. Lárus Magnússon í Tjaldanesi. Byggðasafn Dalamanna.



Litlu jólin í Húsmæðraskólanum á Staðarfelli 1970. Kvinnaskóli Herðisar og Ingileifar Benediktson var starfræktur á Staðarfelli 1927-1976. Ljós. Lárus Magnússon í Tjaldanesi. Byggðasafn Dalamanna.



Vegavinnuskúr fluttur yfir nýbyggða brúna á Skraumu í Hörðudal 1958. Skrauma var fyrst brúuð 1892 af nokkrum bændum í Hörðudal. Ný brú tók við þessari brú 2023. Ljós. Lárus Magnússon í Tjaldanesi. Byggðasafn Dalamanna.



Gillastaðarétt í Laxárdal 21. september 1975. Ljós. Jón Trausti Markússon. Byggðasafn Dalamanna.



Gamla lækniúsíð (Brekka) í byggingu 1901-1902. Sigurður Sigurðsson var fyrsti héraðslæknir Dalasýslu. Ljós. Jón Guðmundsson í Ljárskógum. Byggðasafn Dalamanna.



Horft yfir Saurbæinn. Ljós. Lárus Magnússon í Tjaldanesi. Byggðasafn Dalamanna.

Veisluföng úr Dölum

Dalirnir eru sannkallað landbúnaðarhérað. Landbúnaður er stærsta atvinnugreinin og innan hans er sauðfjárræktin mjög sterk en um þriðjungur alls fjár á Vesturlandi er í Dölum. Í Dölum er þó einnig búið með nautgripi og á síðustu árum hefur ræktun grænmetis svo sem rôtargrænmetis og hvítlauks ásamt kjúklingaeldi verið að hasla sér völl. Spannandi tilraunir eru nú með ræktun bláskeljar í Hvammsfirði og því má segja að í Dölum sé verið að framleiða matvæli bæði í hafi og haga.

Gott hráefni skilar betri útkomu í matseld. Á sumrin og haustin er hápunktur fersks hráfnis á Íslandi þó alltaf séu fleiri tegundir að verða aðgengilegar árið um kring. Í Dölum fer þessi uppskerutími ekki fram hjá okkur og því þótti okkur tilvalið að taka hérna saman nokkra söluaðila með veisluföng úr Dölum.



Fjölbreytt vöruúrval á Erpsstöðum.



Nípur frá Þurranesi í Saurbæ. Trefjaríkar, kalíum- og fólínríkar.



Dalirnir eru sannkallað landbúnaðarhérað og þar er sauðfjárræktin stærst.



Dala ostar frá MS í Búðardal, þar eru allir mygluostar MS framleiddir.



Í Ásgarði er stunduð útiræktun á grænmeti og ýmis framleiðsla úr lambakjöti.



Hvítlaukur frá Dalahvítlauk í Saurbæ. Í dag er m.a. framleitt hvítlaukssalt.



Smakkplatti hjá Erpsstöðum. Þar eru m.a. framleiddar ýmsar mjólkurvörur.



Íslenskt lambakjöt er fyrsta íslenska matvaran sem hefur fengið PDO-merkingu, sem er hæsta stig verndaðra upprunaheita í Evrópu. Mynd: Icelandic Lamb



Í Mið-Skógi er stundað kjúklingaeldi. Fyrsta eldishúsið var tekið í notkun haustið 2023 og nú er langt komið að reisa annað eldishús.

Söluaðilar

LAMBA- OG/EDA ÆRKJÖT:

- Valpúfubúið
- Vallarfé
- Sauðafell
- Geirmundarstaðir
- Ásgarður

NAUTAKJÖT:

- Miðskógur
- Lyngbrekka
- Erpsstaðir

MJÓLKURVÖRUR:

- Erpsstaðir; ís, ostar, skyr, mysa og fleira
- MS (Mjólkursamsalan Búðardal); ostar og LGG+

GRÆNMETI:

- Dalahvítlaukur; hvítlaukssalt og aðrar afurðir eftir stöðu ræktunar
- Ásgarður; brokkolí, blóm-kál, hvít-kál, rófur og fleira
- Þurranes; gulrætur og nípur

ANNAD:

- Mið-Skógur; kjúklingur
- Ásgarður; pylsur og fleira
- Erpsstaðir; sultur og síróp, saft, kex og fleira
- Valpúfa; sultur og síróp

Spennandi uppskriftir

FORRÉTTUR

Ostabakki með pylsum og gröfnu lambi

GRAFÐ LAMB

Leggið 500 gr lambafile eða annan góðan fitulausan vöðva í gröft salt og hyljið vöðvann með saltinu. Geymið við stofuhita í 3,5-4 klst. og skolið þá saltið af. Perrið og veltið kjötinu upp úr kryddblöndu. Hægt er að kaupa tilbúna grafblöndu t.d. hjá Flóru/Vilko. Annars er gott að blanda saman rósmarín, tím-ían, basil, rósapipar, dill- og sinnepsfræjum. Hyljið vöðvann með kryddinu og geymið í kæli yfir nótt. Geymist vel í kæli í 4-5 daga. Bankið mesta kryddið utan af, skerið í þunnar sneiðar og berið fram.

PYLSUR FRÁ ÁSGARÐI

Í Ásgarði í Hvamssveit eru m.a. framleiddar pylsur; Eyvindur fjallapylsa með osti og Eyvindur með einiberjum. Þær er einstaklega gott að skera niður í munnbita og snæða með ostum.

OSTAR FRÁ ERPSSTÖÐUM OG MS

Við mælum meðal annars með *Séra Guðna* ostur með chili, cayenne og heitreyktri papriku og *Harra* gruyer ost frá Erpsstöðum. Með þeim er svo hægt að hafa ostaprennu úr Dölum frá MS sem samanstendur af blámygluostinum Ljót og hvítmygluostunum Dala Auði og Kastala.

ADALRÉTTUR

Hvítlaukskrydduð nautasteik fyrir tvo með ofnbökuðum nípum

NAUTASTEIK

500 gr nautakjöt t.d. ribeye eða sirloin. Kryddið með hvítlaukssalti og pipar. Setjið 2 ts olíu á heita pönnu og leggið nautakjötið á. Steikið í ca. 2 mínútur á hvorri hlið. Þegar þið snúið steikinni á seinni hliðina, bætið þá 2 msk smjör á pönnuna. Ausið smjörinu yfir steikina á meðan hún steikist. Að þessu liðnu getið þið snúið steikinni og steikt í 30 sekúndur á hvorri hlið þar til þið hafið náð þeirri eldun sem þið óskið. Þegar þið takið steikina af pönnunni, leyfið henni að hvíla smá áður en þið skerið í hana. Berið fram til dæmis með heitri sósu og fersku salati.

OFNBAKAÐAR NÍPUR

Hitið ofninn í 210 °C. Takið 2-3 meðalstórar nípur og skerið þær niður í u.þ.b. 1 cm þykkar lengjur. Veltið upp úr góðri olíu, rósmarín, salti og pipar. Leggið nípurnar á bökunarplötu og setjið inn í ofn. Eftir 15 mínútur skuluð þið snúa þeim til að þær brúnist allan hringinn. Bakið í 10 mínútur í viðbót en passið að þær brenni ekki. Takið úr ofninum og setjið á fat, dreifið ferskri steinselju yfir og njótið.

Komin sál í húsið

Rætt við Guðlaugu og Sigurð sem fluttu í Búðardal og hafa búið sér þar nýja framtíð

Við Sunnubraut í Búðardal stendur fallett húsið sem greinilega hefur verið nostrað við. Þar búa þau Guðlaug Kristinsdóttir og Sigurður Ólafsson. Í höndum þeirra hefur húsið tekið stakkaskiptum og þar líður þeim vel. Bæði eru þau Dalamenn að uppruna en þjuggu lengi á Akureyri. Blaðamaður leyfir sér að nota gælunöfn þeirra hjóna í viðtalinu. „Þegar ég fæddist þjuggu foreldrar mínir á Svarfhóli í Laxárdal en voru að byggja nýbýlið Engihlíð á jörðinni og þar ólst ég upp,“ segir Sigggi. Gulla er hins vegar úr Saurbænum. „Ég er fædd á bænum Þverdal í Saurbæ,“ segir hún. „En fór þaðan sjö ára gömul á Akranes þar sem ég var öll grunnskólaárin.“

Akureyri er enn „heim“

Eftir grunnskóla lá leið Gullu til Reykjavíkur þar sem hún fór í Verslunarskólann í tveggja ára nám til verslunarprófs. „Við Sigggi vorum farin að búa saman seinni veturinn þar,“ segir hún. „Svo fluttum við norður.“ Af hverju norður? „Jú, á þessum tíma þurftu iðnnemar að fara á námssamning hjá meistara,“ segir Sigggi. „Ég ætlaði að fara að læra rafvirkjun og það var ekkert hægt að komast á samning í Reykjavík. Meiningin var að vera fjögur ár á Akureyri. Þau urðu hins vegar 45 árin fyrir norðan.“

Atvinnuleysi í tvö ár

Þegar norður kom fór Gulla fyrst um sinn að vinna hjá KEA. „Það gerðu allir sannir nýbúar á Akureyri,“ segir hún og hlær. „Svo lentum við í atvinnuleysi árin 1992 til 1994, því þá voru erfiðir tímar fyrir norðan. Ég varð atvinnulaus og Sigggi náði yfirleitt ekki fullri vinnuviku. Eitt af því sem hamlaði mér í atvinnuleitinni var að ég var ekki með stúdentspróf. Svo ég dreif mig í nám og varð stúdent. Svo var ég ekki búin að vera með hvíta kollinn nema í tvær vikur þegar það var hringt og mér boðin vinna hjá Pósti og síma.“

Viðskiptafræðinám og eigin rekstur

Gulla gat ekki hugsað sér að verða atvinnulaus aftur og dreif sig í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Það var ekki þrautalaust, en henni tókst að ljúka þessu þriggja ára námi á fjórum árum með fullri vinnu. Seinni tvo veturna var hún orðin forstöðumaður þjónustuveris hjá Íslandspósti og það þýddi miklar annir. Því tók hún seinni tvo veturna utan skóla. Hún hefur lengi rekið eigin bókhaldsþjónustu og segir það mikilvægt að hafa námið að baki.

Óvænt einkenni

Sigggi tók fyrstu önnina í rafvirkjanáminu í Reykjavík og kláraði svo fyrir norðan en hann komst á samning hjá Raftækni og meistaranum Ingva Rafni Jóhannssyni. Þar var hann í átta ár en lengst af starfaði hann að fjölbreyttum verkefnum hjá Ljósgefjafanum ehf. En lífið átti eftir að sýna á sér óvæntar hliðar. „Þegar Covid herjaði snemma árs 2020 var ég einn af verkstjórunum,“ segir hann. „Á

sama tíma vann ég líka fyrir Rauða krossinn; var í aðgerðastjórn fyrir þeirra hönd, en ég hef starfað á vegum samtakanna frá árinu 1979. Fyrst sem skyndihjálparkennari en fljótlega í stjórn og síðar sem formaður. Fyrst í átta ár í Akureyrardeildinni og seinna í fjögur ár í sameinaðri Eyjafjarðardeild. Allt starf fyrir Rauða krossinn var unnið í sjálfböðavinnu. Þetta var erfiður vetur, vond veður, banaslys og svo kom Covid sem flækti allt með nýjum umgengnisreglum, það voru sífellt ný verkefni sem þurfti að leysa. Á sama tíma og álagið var mikið vegna Rauða krossins þurfti ég að sinna minni vinnu. Það kom að því að þetta varð hreinlega of mikið; ég fór í kulnun og datt út úr vinnu um miðjan maí.“

Griðastaður

Sigggi segir að megin ástæðan hafi verið álagið í vinnunni. „En þetta var líka uppsafnað,“ segir hann. „Ég var einn af þeim sem

svona fjós er mikið orkuver. Þarna hafði ég félagsskap; vann með heimilisfólkinu og öðrum iðnaðarmönnum í nokkrar vikur en annars var rólegt.“

Loksins rétt greining

Fyrst þegar Sigggi veiktist fór hann upp á sjúkrahús, með andköf og öndunarerfiðleika. „Einkennin voru strax stimpluð sem Covid,“ segir hann. „Það var ekki fyrr en í þriðja skiptið sem ég fór að ég varð svolítið pirraður og spurði hvort það gæti ekki verið streita sem ylli þessu. Læknirinn játtaði því eftir nokkra umhugsun, þetta gætu alveg verið einkenni kulnunar. Þá fór af stað nýtt ferli, það var allt gert fyrir mig og meira en það.“ Hvenær fannst þér þetta byrja að lagast? „Ja, ég hætti náttúrulega að vinna,“ segir hann. „Ég gerði ekkert í sex mánuði. En eitt af því sem læknirinn sagði var að ég þyrfti helst að skipta um umhverfi. Hún sagði mér ekki beinlínis að flytja, en



Húsið er eins og nýtt og Sigggi hefur smíðað finan pall við innganginn.



Hrafnhildur Guðrún, Stefán, Jenný Dagbjört og Enok Olli.



Í þessu húsi á Akureyri var heimili Gullu og Siggja í um 30 ár.

þar ábyrgðina á starfsmannahópi með mörg stór verkefni sem voru flókin í framkvæmd af sóttvarnaáæðum. Það var mikil áskorun og mætti mismiklum skilningi. En ég gat bakkað svolítið út fljótlega eftir að Covid byrjaði því ég hafði farið í verkefni við fjósbyggingu í Hörgárdal og kom ekkert á verkstæðið nema bara á kvöldin ef þurfti. Rafvirkjavinnan var umfangsmikil;

ég tók hana á orðinu,“ segir hann og brosir.

Ný hugmynd

Um fjórum vikum eftir að Sigggi veiktist áttu þau hjónin leið vestur í Dali vegna kaupa á bíl. Pálmi bróðir Siggja sem þá bjó í Haukadalnum kom norður ásamt Guðrúnu konu sinni til að heimsækja bróður sinn



Gulla og Sigggi í gróskumiklum garðinum á Sunnubrautinni.

„Við fórum svo með þeim hingað vestur,“ segir Gulla. „Pálmi rúntaði þá með okkur um þorpið í Búðardal og sýndi okkur ýmis hús.“ Sigggi bætir við að hann hafði þá eiginlega verið komin á það að fara að hætta að vinna. „Svo það læddist að okkur ný hugmynd; að mögulega ættum við að kaupa eign hérna,“ segir hann.

Örlagaríkt símtal

Þetta leiddi til þess að þau kíktu inn á fasteignavefinn og sáu húsið á Sunnubrautinni á söluskránni. „Ég kannaðist dálítið við fasteignasalan,“ segir Gulla. „Svo ég taldi að ég gæti nú alveg hringt í manninn, enda hefðum við ekkert annað að gera.“ Í kjölfarið fóru þau svo og skoðuðu húsið, sem var tóm. En hvernig var þessi upplifun fyrir mann með einkenni kulnunar? „Ég hef alltaf haft gaman af húsum sem þarf að endurbæta,“ segir Sigggi brosandí. Gulla bætir við að henni hafi strax litist vel á húsið þegar hún leit yfir rúmgóða stofuna. Þau eiga eina dóttur, Hrafnhildi Guðrúnu sem býr í Reykjavík. Á leiðinni norður aftur hringdu þau í hana og sögðust hafa verið að skoða hús í Búðardal. Hún hvatti þau til að láta verða af því að kaupa.

Húsið

Vissulega var ákvörðunin stór, að flytja burt eftir 45 ára búsetu á Akureyri. Þar hafði þeim fundist gott að búa og voru bæði að nálgast eftirlaunaaldur. Þau ræddu málið vel á leiðinni norður og niðurstaðan varð að slá til. Sigggi var áhugasamur. „Ég sá strax að ég gæti gert hvað sem ég vildi í þessu húsi,“ segir hann. „Það er byggt þannig að það er hægt að taka alla milli-veggi í burt eða færa þá.“ Hvað Gullu varðaði var málið flóknara því hún var með tvær konur í vinnu fyrir norðan. „Ég hefði alveg verið til í að selja reksturinn,“ segir hún. „En þá hefði ég ekki endilega getað tryggt þeim vinnu áfram. Auk þess hafði ég áhyggjur af viðskiptavinum okkar ef ég seldi.“

Drjúg verkefni

Í tvö ár var Gulla því áfram fyrir norðan, en kom aðra hverja helgi í Búðardal eða vann þar í mislangan tíma. Svo kom að því að önnur samstarfsskvenna hennar bauðst til að halda rekstrinum áfram og keypti búnaðinn. „Þannig gátu viðskiptavirnir verið hjá okkur áfram,“ segir Gulla og er nú með ágæta vinnuað-

stöðu á Sunnubrautinni. Þaðan vinnur hún fyrir viðskiptavinum um allt land og erlendis líka auk fólks og fyrirtækja í Dölunum. Þeim hjónum finnst ótrúlega margt jákvætt vera að gerast í Búðardal og Sigggi segir vista-skiptin góð. „Þegar ég kom byrjaði ég að byggja mig upp,“ segir hann. „Ég var fyrst algerlega þreklaus, vann í um klukkutíma og varð að leggja mig í þrjá. Það hjálpaði mér mikið að dóttir okkar var í sumarfrí fyrstu vikunar sem ég var að vinna í húsinu og var mér til halds og traust í verkefnum og barnabörnin voru hér líka.“ Gulla tekur undir þetta. „Það er sterk tenging á milli þeirra feðgin-anna og ég tel að það hafi hjálpað Siggja mikið til að byrja með.“

Sóttur í vinnu

En svo jókst orkan áfram og í nóvember var haft samband við mig frá MS í Búðardal, hvort ég gæti komið í ákveðið verkefni hjá þeim þar sem rafvirkinn þeirra var ekki tiltækur í það þá. Á þessum tíma og fram á næsta sumar vann ég í gegnum Ljósgefjafann.“ Sigggi hafði líka verið búinn að hafa samband við Hilmar Óskarsson rafvirkja sem var reyndar frekar að draga saman seglin sjálfur og vildi ekki bæta við sig manni. „En sumarið eftir að ég flutti var ég farinn að vinna hjá honum,“ segir hann. „Og geri það eftir því sem ég sé mér fært. Og það er drjúgt að gera!“

Fagið skemmtilegt

Sigggi hefur ekki enn fengið bakslag en segist líka reyna að ofgera sér ekki. Það þarf líka að njóta hússins sem þau hafa byggt við og gert upp bæði að utan og innan. „Svo við erum ekkert að fara að hætta að vinna,“ segir Sigggi og hlær. Í dag er hann enn í miklum tengslum við fyrrum vinnufélaga sína á Akureyri og kaupir raflagnaefni frekar þar en í Reykjavík, það er yfirleitt komið fyrr vestur með því móti. „Ég hef gaman af faginu mínu,“ segir hann. „Og að sumu leyti er það líka áhugamál.“

Næsta haust hafa þau búið saman í 49 ár. Þau fara bráðlega í frí erlendis með fólkinu sínu. Hrafnhildur Guðrún er lífeindafræðingur og Stefán Þórarinnsson tengdasonur þeirra er flugvirkir. Barnabörnin eru tvö. Að lokum spyr blaðamaður Siggja hvort það hafi hjálpað honum að gera upp húsið. „Jú, örugglega. Svo finn ég núna að það er komin sál í það, þetta er orðið mitt hús.“

gj/ Ljós. gj og úr einkasafni

Vagga íslenskrar menningar

Dalirnir bera með sér ómetanlega menningararfleifð sem sameinar djúpar rætur fortíðar, skapandi anda samtímans og metnað til framtíðar.

Saga Dalamanna nær óslitið aftur til landnámsaldar. Laxdælasaga segir frá Auði Djúpúðgu sem settist að í Hvammi og deilum Kjartans Ólafssonar og Bolla Þorleikssonar. Dalirnir eru líka sögu svið Gísla sögu Súrssonar og Eiríks sögu rauða. Leifur heppni, sá sem talinn er hafa siglt fyrstur Evrópubúa til Ameríku, var sonur Eiríks og þannig hefur arfleifðin alþjóðlega skírskotun. Sögu landfundanna í Ameríku er gerð frábær skil í Vínlandssetrinu í Búðardal og Eiríksstöðum í Haukadale og mælum við sérstaklega með heimsóknum þangað.

Sturla Þórðarson sagnaritari bjó að Staðarhóli í Saurbæ og ritaði einnig Íslendingasögu sem varð burðarstoð Sturlungu. Sturla ritaði eitt eintak Landnámabókar, eitt þeirra rita sem brann í brunnum mikla í Kaupmannahöfn árið 1728. Handritið var þar í safni Árna Magnússonar handritasafnara, en hann er einnig Dalamaður, fæddur að Kvennabrekku.

Skarð á Skarðsströnd gegndi lykilhlutverki í valdabaráttu á 15. öld, þar sem Ólöf ríka Loftsdóttir reisti sig sem tákn kvenlegs styrks gegn erlendum yfirgangi. Ólöf og bóndi hennar Björn, sá sem eigi skyldi gráta, eru án efa ríkustu Íslendingar sem hafa lifað og bjuggu stórbýli að Skarði. Enn má finna dýrgripa frá þeim tíma í kirkjunni þar, til að mynda vængjuð altarisstafla skreytt listilega útskornu alabastri.

Hér er riðið afar hratt yfir sögu Dalanna, en sagnaarfurinn veitir rithöfundum og fræðimönnum dagsins í dag innblástur. Sem dæmi ritaði Sigríður Hagalín Björnsdóttir skáldsöguna Hamingja þessa heims þar sem sögu sviðið er Skarð miðalda og Staðarfell nútímans.

Dalirnir eru þannig opið safn í landslaginu, menningar sögulegar perlur um allt hérað. Fornleifarannsóknir í Ólafsdal hafa varpað ljósi á byggð frá landnámi og ljóst er að í Dölum leynast menjar sem bíða þess að verða uppgötvðar og varpa frekara ljósi á glæsta fortíð svæðisins.

Burðarstoðir íslenskrar myndlistar

Ásmundur Sveinsson, einn helsti höggmyndalistamaður Íslands, fæddist á Kolsstöðum í Miðdölum en hann vann í stefnu modernisma. Verk sem sum hver hafa skipað sér sess sem ómetanlegur menningararfur þjóðarinnar. Finna má verk Ásmundar í hans heimasveit, áhrifaríka verkið Fýkur yfir hæðir er staðsett við Vínlandssetrið og Kona að strokka hefur nýlega verið sett upp að menningar sveitabænum Erpsstöðum.

Hreinn Friðfinnsson, einn frumlegasti listamaður íslenskrar samtímalistar, ólst upp á Bæ í Miðdölum og hafði sína heimabyggð í huga allt til æviloka. Hreinn var einn stofnenda SÚM hópsins sem kom eins og ferskur vindblær í íslenska myndlistarsenu á 7. áratugnum. Eitt síðasta verk Hreins var framkvæmd verksins Gjörningatríós í sinni heimasveit. Því miður entist Hreini ekki ævin að sjá verkið verða að veruleika, en verkið fór fram og vakti verðskuldaða athygli. Listasafn Dalasýslu varðveitir verk eftir Hrein og fleiri listamenn með tengingar



Vínlandssetur í Búðardal geymir sögu af landafundum Eiríks rauða og Leifs heppna með verkum þekktra íslenskra myndlistarmanna.



Á Eiríksstöðum er tilgátubær þar sem hægt er að kynna sér líf, leik og störf eftir landnám.



Hjarðarholtskirkja í Hjarðarholti í Laxárdal, fyrsta verk Rögnvaldar, var vígð 1904.

við svæðið, þar á meðal Helga Þorgils Friðjónsson myndlistarmann sem stóð að stofnun safnsins. Helgi er fæddur og uppalinn í Búðardal og hefur hróður hans farið víða. Til gamans má nefna að bæði Hreinn og Helgi hafa tekið þátt fyrir hönd Íslands í Feneyjartvíræringnum.

Menningarsetrið á Nýp, endurbýgt af listamanninum Þóru Sigurðardóttur og sagnfræðingnum Sumarliða Ísleifssyni, er dæmi um menningartengda nýsköpun. Þar blómstrar samtímalist í sveitasamfélaginu, en Heinaberg handan vegarins er að verða miðstöð listalífs líkt og að Nýp. Að Heinabergi ráða Ævar Kjartansson útvarpsmaður og Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður ríkjum og má með sanni segja að sköpunarkrafturinn hafi stungið rótum í frjóum sverði á Skarðsströndinni.


Ljóð og lög þjóðar

Það voru ekki aðeins fornþókmenntirnar sem voru skráðar í Dölum eins og áður var rakið. Þjóðskáldin Stefán frá Hvítadal, Jóhannes úr Kötlum og Steinn Steinarr eiga öll sameiginlegt að hafa dýpkað bókmenntaarf þjóðarinnar og hafa tengingu við Dalina. Verk þeirra einkennast helst af óði til náttúru og sveitar eins og er einkennandi við ljóðlist rómantíkunnar, enda kenndu skáldin sig við sína hjartans staði í Dölum.

Blána fjöll og birtir nótt.
Brak og skóll um hliðarlendur.
Vatnaföllin vaxa ótt.
Vetur höllum fæti stendur.

Davíð Stefánsson frá Hvítadal

Ljóð Hallgríms Jónssonar frá Ljárskógum, „Undir dalanna sól,“ hefur



Minnismerki um Jóhannes úr Kötlum stendur í Búðardal með brot úr ljóðinu Ég hylli.



Það er víðeigandi að verkið Kona að strokka eftir Ásmund Sveinsson standi við rjómaþúið Erpsstaði.

einnig orðið þjóðinni kært í lagasmíðum Björgvins Þ. Valdimarssonar. Dalamenn eru afar stoltir af arfleifð sinni og má finna minnismerki um þessi þjóðskáld víða um svæðið.

Segja vil ég sögu af sveinunum þeim, sem brugðu sér hér forðum á bæina heim.

Svona byrjar kvæðabálkur sem Jóhannes úr Kötlum orti um íslensku jólasveinana og gaf út í ljóðakverinu Jólin koma árið

1932. Þar lýsir skáldið sveinunum þrettán, foreldrum og Jólakettinum á svo lifandi hátt að þau hafa greipt sig í huga og sálir barna og fullorðinna allar götur síðan. Jólin koma urðu til þess að þessi áhugaverða fjölskylda er yfir höfuð þekkt í okkar samtíma og auðvelt er að sjá fyrir sér að ef Jóhannesar úr Kötlum hafi ekki notið við þekktum við Íslendingar aðeins einn þéttvaxinn jólasvein ættaðan úr Vesturheimi.

Það er afar áhugavert ef rýnt er í kveðskapinn að sjá hvernig Dalaskáldin tóku skrefin sem leiddi þau inn í nútímabókmenntir (modernisma) enda er Steinn í hópi atómskálda sem ortu undir þeim stíl. Þetta segir okkur að Dalaskáldin hafi tekið samtímanum fagnandi í listsköpun sinni og eru í raun lyk- ill að velgengni Dalaskáldskaparins.

Hann var eins og hver annar verkamaður í vinnufötum og slitnum skóm, hann var aldrei hryggur og aldrei glaður og átti ekki nokkurn helgidóm. Hann vann á eyrinni alla daga þegar einhverja vinnu var að fá en konan sat heima að stoppa og staga og stugga krökkunum til og frá.

Úr „Verkamaður“ eftir Stein Steinarr

Það er ekki einungis ljóðlistin heldur einnig tónlistin sem Dalamenn hafa heiðrað í gegnum tíðina. Þar má nefna Tómas R. Einarsson djassista og tónskáld, sem er alinn upp að Laugum í Sælingsdal, Elmar Gilbertsson tenór-söngvara og Hönnu Þóru Sturlu- dóttur sópransöngkonu sem bæði eru alin upp í Búðardal og eru stór nöfn í óperuheiminum. Kórar og harmonikkann hafa einnig verið í hávegum í Dölum gegnum tíðina sem enn í dag setja svip sinn á tónlistarflórana í héraðinu.

Arfleifð í steini

Hjarðarholtskirkja, hönnuð af fyrsta íslenska arkitektinum Rögnvaldi Ólafssyni, ber merki keltneskrar listar til heiðurs Auði Djúpúðgu. Byggingin er eitt merkasta verk Rögnvaldar og var Húsavíkurkirkja gerð eftir teikningum Hjarðarholtskirkju. Friðaðar byggingar eru víða í Dölum; kirkjur, skólar og býli.

Studio Búa hafa hannað mannvirki í Dölum eins og áður nefnd menningarsetur að Nýp og Heinabergi, og Studio Grandi hannaði lúxusgistingu í gömlu fjósi á Dröngum. Verk þessara nafntoguðu arkitekta hafa hlotið viðurkenningar heima og utan, meðal annars Hönnunarverðlaun Íslands.

Hér á undan er aðeins stiklað á stóru og hvetjum við bæði gesti og íbúa til að kynna sér menningararfinn frekar. Sagan, listin, arkitektúrinn og samfélagsandinn eru ekki bara dýrmæt arfleifð, heldur einnig verkfæri og tækifæri til framtíðaruppbyggingar. Það er í gegnum þessa þætti sem Dalabyggð getur skapað sér sérstöðu – ekki sem staður sem varðveitir sögu og arfleifð þjóðar, heldur sem lifandi menningarland þar sem hægt er að starfa við þverfaglegar greinar lista sem skapa menningararf framtíðar.

Sigursteinn Sigurðsson
Höf. er menningarfulltrúi Vesturlands

DalaAuður

frásögn af nokkrum frumkvöðlaverkefnum

Frá árinu 2022 hefur verkefnið DalaAuður verið starfrækt í Dölunum en um er að ræða samstarfsverkefni landshlutasamtakanna á Vesturlandi, sveitarfélagsins Dalabyggðar og Byggðastofnunar. Verkefnið styður við ýmis frumkvæðis- og samfélagsverkefni í Dölum í gegnum styrktarsjóð og er úthlutað úr sjóðnum árlega. Verkefnin sem fengið hafa styrk úr sjóðnum eiga það öll sameiginlegt að auðga Dalina á einn eða annan hátt. Sum eru atvinnuskapandi, önnur styðja við menningarstarf og enn önnur eru samfélagsverkefni sem drifin eru af grasrótahópum. Mikil gróska hefur skapast í kringum sjóðinn og fjölmörg spennandi verkefni fengið brautargengi á síðustu þremur árum. Hér á þessari og næstu opnu verða sagðar fréttir af nokkrum þeirra.

Dalverjans lönd - Skyggnst um af Skeggöxl

Skyggnst um af Skeggöxl er fyrsti hluti í viðamiklu ljósmyndaverkefni sem ljósmyndarinn og organistinn Eyþór Ingi Jónsson stendur fyrir og ber nafnið Dalverjans lönd. Verkefnið hlaut styrk úr DalaAuði 2025. Þessi fyrsti hluti verkefnisins snýr að því að mynda vesturhluta Dalasýslu en fjallið Skeggöxl



Kjallaksstaðaá.

Ljós. Eyþór Ingi

er miðsvæðis á því svæði og þaðan liggja ótal dalir til allra átta.

„Ljósmyndaverkefnið Dalverjans lönd hefur byrjað vel og hef ég farið í þrjár ferðir í Dalina sérstaklega til að mynda en þar að auki hef ég líka safnað efni þegar ég hef átt leið á æskulóðirnar í öðrum tilgangi,“ segir Eyþór Ingi, inntur eftir framgangi verkefnisins fram að þessu. Fókusinn er á að mynda og miðla myndum frá Skarðsströnd, Fellsströnd, Hvammssveit og Saurbæ á þessu ári.

Verkefni Eyþórs er til nokkurra ára og stefnir hann á að kortleggja og skrásetja helstu staði í sveitarfélaginu öllu á næstu fimm árum. Á hverju ári verður haldin ljósmyndasýning, þar sem fólki gefst tækifæri til að skoða afrakstur vinnunnar og kaupa útprentuð verk eftir listamanninn. Hluti verkanna verður þó gefinn sveitarfélaginu á stafrænu formi og verður sveitarfélaginu, ferðaþjónustuaðilum og einstaklingum frjálst að nýta þær myndir til að vekja athygli á svæðinu. Með þessu vill ljósmyndarinn gefa til baka til samfélagsins þar sem hann ólst upp.

Eyþór Ingi er Dalamaður, uppallinn í Sælingsdalstungu. Verkefnið er hans leið til að fanga fegurð svæðisins. Vill hann með verkefninu sýna bæði Dalamönnum, ferðafólki og öðrum hvað í raun er fallett í

Dölum. Myndefnið er fjölbreytt og sýnir helst landslag, dýralíf og náttúru Dalanna – en einnig mannvirki og mannvistarleifar. Vonar hann að ljósmyndirnar verði hvatning fyrir fleiri að leggja leið sína í Dalina til náttúruskoðunar eða gönguferða.

Verkefnið Dalverjans lönd er marglaga. Auk þess að mynda sýsluna í bak og fyrir og miðla myndunum til áhugasamra, stefnir hann einnig á að halda ýmis konar viðburði á komandi árum. Í Dölunum eru fjölmargar fallegar kirkjur og fannst Eyþóri Inga, sem eins og áður sagði er einnig organisti, kjörið að nýta þær undir bæði tónleika og fræðslu. „Næstu verkefni eru að safna sumarmyndum af svæðinu, bæði landslagsmyndum og dýramyndum og einnig að halda viðburði í kirkjum í Dölum. Svo verður um hásumar gengið á Skeggöxl til að skyggna um,“ segir Eyþór Ingi um það sem er framundan í verkefninu.

Áhugasömum er bent á að ljósmyndavef Eyþórs, www.eythoringi.com.

Nýp – vettvangur skapandi lista

Nýp á Skarðsströnd er fyrrum lögbylí og sauðfjárbú. Búskapur lagðist af og stóðu húsin tóm í um 40 ár. Þóra Sigurðardóttir og Sumarliði

listararfi Dalanna. Vinnustofan, eða „resedensían“ og sýningarýmið efla ekki bara listssköpunina, heldur hjálpa til við að efla Dalina sem áfangastað bæði fyrir áhugafólk og fagfólk í listum.

Árið 2023 hlutu Þóra og Sumarliði styrk úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs til að koma upp grafíkverkstæði á vinnustofunni, sem þá var nýlega risin. Styrkurinn var nýttur í að panta grafíkpressu að utan og standsetja grafíkverkstæðið sjálft. Með þessu jókst fjölbreytni starfseminnar og tækifæri til listsköpunar enn frekar. „Í sumar tókum við á móti þremur listamönnum í „residensíuna“ okkar að Nýp. Það eru tveir myndlistarmenn og einn rithöfundur. Myndlistamaðurinn Gústaf Geir Bollason dvelur hér vegna sýningar á verkum sínum sem opnuð var 31. maí. Sýninguna kallar hann „Alla þessa leið“ og mun hún standa út sumarið og verður opin samkvæmt samkomulagi.

Rithöfundurinn Sigríður Hagalín Björnsdóttir dvelur á Nýp um skeið við ritstörf og jafnframt bandarískur myndlistarmaður, Joan Perlman, sem nýtir sér grafíkvinustofuna og prentpressuna. Auk þess verður í ágúst málþing um frumkvæði og tilraunir Magnúsar Ketilssonar í Búðardal (1732-1803) til jarð- og trjáræktar og til ræktunar



Geiturnar í Ytri-Fagradal.

stofninum en einnig að vinna afurðirnar og gera þær aðgengilegar og eftirsóttar. Halla vill meina að það sé auðvelt, enda geitaafurðir dýrindis hráefni. Íslenskir geitaostar eru fágætir og helst að hægt sé að kaupa þá, líkt og ostana frá Höllu, beint frá býli.

Rjómabúið á Erpsstöðum tók vel í hugmynd Höllu um samstarf og

Af geitunum fellur líka til geitafiða, kasmírull. Hana þarf að kemma í höndum og er það töluvert verk. Í ár fékk Halla, ásamt Guðrúnu Jóhannsdóttur geitabónda á Stóra-Múla, styrk til að senda geitafiðuna í nýja ullarvinnslu í Rauðbarðarholti, Urði Ull og þróa vöruna áfram í samstarfi við ullarvinnsluna. Bandið er mjúkt, sann-



Joan Perlman, bandarískur myndlistarmaður, nýtir sér grafíkvinustofuna og prentpressuna á Nýp.

grænmetis; þar munu halda erindi Sigurbjörn Einarsson og Hrafnkell Lárusson, Sumarliði Ísleifsson stýrir málþinginu.“

Geiturnar frá Ytri-Fagradal gefa

Á bænum Ytri-Fagradal eru nokkrar geitur sem eru mjólkaðar sumarmánuðina. Á síðasta ári fékk Halla Steinólfsdóttir bóndi styrk til að þróa geitaosta úr mjólkinni. Þar sem ekki er komin upp ostavinnsla á bænum, þá er mjólkinn fryst og hún svo flutt að Rjómabúinu á Erpsstöðum þar sem ostagerðarfólk gerir úr henni dýrindis osta. Ostarnir hafa svo verið seldir í Rjómabúinu og í Ytri-Fagradal.

Geitastofninn á Íslandi er í útrýmingarhættu og fái sem vinna afurðir af íslenskum geitum. Því er mikilvægt að viðhalda bæði

voru á síðasta ári þróaðar nokkrar tegundir af geitaostum og seldust þeir vel. Áfram verður unnið að því að búa til osta og má vænta þess að þeir verði til sölu í sumar.

kölluð lúxusvara og verður til sölu bæði hjá Höllu í Ytri-Fagradal en einnig er stefnt að því að það verði til í nýrri verslun sem opnaði í vor hjá Urði Ullarvinnslu.



Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir við uppskerustörf.



Eyjólfur Ingvi Bjarnason, ásamt dætrum þeirra Guðbjartar Lóu að huga að uppskerunni.

Beint frá skýli — sjálfsafgreiðsluverslun í sveit

Bændurnir Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason hafa á síðustu árum ræktað grænmeti í Ásgarði. Árið 2023 fengu þau styrk úr DalaAuði til að setja upp sjálfsafgreiðsluverslun fyrir vörur sínar sem koma beint frá býli.

„DalaAuður hefur verið mikil lyftistöng fyrir okkar verkefni og hvatt okkur til að halda áfram í verkefni sem við höldum fyrst að væri algjört glapræði. Almennir hefur samfélagið einnig tekið vel á móti grænmetinu okkar og margir fastir viðskiptavinir sem koma reglulega yfir sumarið og fylla á ísskápinn sinn með grænmeti frá okkur, það þýkir okkur sérstaklega vænt um,“ segir Guðbjört Lóa. Þau hófu sölu á vörunum „beint frá skýli“ síðasta sumar. Lítil skúr stendur við þjóðveginn, á gatnamótunum hjá Ásgarði og þar er hægt að stoppa bílinn og kaupa bæði kjöt af bænum og útiræktað grænmeti. Hægt er að borga annars vegar með pening eða millifærslu og hafa bændurnir ekki orðið varir við annað en að fólk sé almennt heiðarlegt og borgi uppsett verð.

Spurð út í sumarið sem er framundan eru þau bjartsýn, eftir erfitt ræktunarsumar síðasta sumar. „Sumarið 2025 stefnum við á að framleiða svipað magn og undanfarin ár en höfum vonir um betri uppskeru en síðasta ár. Í fyrra festum við kaup á útplöntunarlífa sem mun hjálpa mikið við að setja niður plönturnar, spara tíma og mannskap og létta á líkamlegri vinnu sem fylgir útplöntun. Við setjum áfram mesta áherslu á blómkaði þar sem það virðist dafna vel hjá okkur og er arðbæst í sölu hjá Sölufélagi garðyrkjubænda. Ásamt því verðum við áfram með spergilkál, hvítkál, hnúðkál, blöðrukál, rófur, kartöflur og ætlum að gera aðra tilraun núna með annað yrki af rauðkáli en það hefur ekki heppnast eins vel þau skipti sem við höfum prófað. Í skúrnum verður

einnig hægt að fá grillkjöt frá okkur á meðan birgðir endast.“

Þau vilja stefna meira á beina sölu til ferðamanna sem keyra í gegn enda sjálfsafgreiðsluverslunin þeirra aðgengileg frá þjóðvegnum sem liggur í gegnum Dalina og áfram vestur á firði. „Það er svona draumurinn að stilla framleiðslunni í hóf og stýra uppskerunni þannig að við eigum alltaf nóg af tegundum í boði þegar fólk kemur og kíkir í skúrinn.“ Með góðu sumri má gera ráð fyrir að fyrstu afurðir fari í sölu í skúrinn upp úr miðjum júlí. Þau halda úti Facebook síðunni Frá Ásgarði og láta vita þar þegar þau setja nýtt grænmeti í söluskúrinn. „Hvetjum við alla sem vilja fá fréttir af okkar starfi að fylgja okkur þar.“

Íslenskur hvítlaukur á innanlandsmarkað

Í Saurbænum er nýstárleg matvælaframleiðsla að ryðja sér til rúms. Þórunn M. Ólafsdóttir er frumkvöðullinn á bak við verkefnið, með dyggri aðstoð Haraldar Guðjónssonar, maka síns. Þetta áhugaverða þróunarverkefni hófst 2022 og hefur fengið nokkra styrki úr DalaAuði síðan þá.

Þórunn og Haraldur rækta hvítlaukinn með svokallaðri „no dig/no till“ aðferð, sem ólíkt hefðbundinni ræktun notast ekki við reglulega jarðvinnslu á borð við tætingu eða plægingu árlega. Jarðvegurinn er unninn í upphafi, mótuð eru beð og síðan eru þekjujurtir notaðar til að draga úr vexti illgresis. Mikil áhersla er lögð á að örva jarðvegslífið og viðhalda frjósemi jarðvegsins með niðurbroti lífrænna leifa. Þau Þórunn og Haraldur nota ýmis konar lífrænan áburð í sinni ræktun og bera á hvítlaukinn þörungamjöl, síldarmjöl og Glæði, ásamt því að þau notast við áburð frá Vege+. Þau eru að gera ýmsar tilraunir með þekjugróðurinn og nota ýmsar einærar jurtir á milli hvítlauksraðanna og þar sem enginn hvítlaukur er.

Hvítlaukunum er plantað út að hausti og tekinn upp síðsumars eða



Þórunn á nýja akrinum, þar sem búið er að setja niður trjáskúr milli raða. Hér sést að hvítlaukurinn sem settur var niður síðasta haust er kominn af stað. Horfurnar eru mun betri en í fyrra.



Mikil vinna er lögð í uppsetningu tónleikanna ár hvert og hefur myndast skemmtileg hefð í kringum þá.

í byrjun hausts ári eftir. Ræktunartímabilið er um tíu mánuðir. Síðustu ár hafa verið strembin í ræktun á hvítlaukum. Sumarið 2024 var vætusamt og kalt og einnig hafa þau lent í tjóni vegna frostlyftingar á veturna. Síðasta sumar færðu þau allt ræktunarsvæðið á nýja akra og lofa þeir góðu. Áður voru þau á rækta á eigin lóð, sem tilheyrir sumarhúsi þeirra í Dölum. Nýju akrarnir liggja þar rétt hjá og er því stutt fyrir þau að fara og huga að ræktuninni.

„Útlitið er mikið betra en í fyrra. Bæði er veðrið gott og útsæðið sem við fengum frá Frakklandi virðist vera gott,“ segja þau, bjartsýn fyrir sumarið. Settar verða upp vindhlífar fyrir NA áttinni á nýja akrinum í sumar, þar sem strengd er loðnunót á milli staura, 3-4 fyrir hvert beð og einnig verður unnið við að koma trjákurli í göngustígana á nýja svæðinu. Þá stefna þau að því að reisa bragga á þessu sem verður nýttur til þurrkunar og sem geysla fyrir uppskeruna.

Mikil elja og dugnaður hefur einkennt verkefnið og dvelja þau allt sumarið við vinnu vegna hvítlauksins. Síðustu ár hafa þau unnið hvítlaukssalt úr uppskerunni og er saltið orðin vinsæl söluvara, bæði í héraði og víðar. Draumurinn er að koma einnig hvítlaukum sjálfum í verslanir landsmanna. Ópið hús verður hjá þeim að Neðri-Brekku á Beint frá býli deginum sem verður 24. ágúst nk. og eru allir hvattir til að heimsækja þau þá.

Þegar líða fer að jólum

Síðustu ár hefur fjölskyldan á Skerðingsstöðum safnað saman fjölskyldu og vinum og haldið jólatónleika fyrir húsfalli í félagsheimilinu Dalabúð í Búðardal. Tónleikarnir hafa verið styrktir af Frumkvæðissjóði DalaAuðs og eru að festa sig í sessi sem jólahæð hjá mörgum Dalamönnum.

En af hverju ákveður fjölskylda vestur í Dölum að halda jólatónleika? Þegar stjórta er spurt. Svandið er þó einfalt, þetta hafði blundað í hluta af fjölskyldunni í einhverjum árum. Tónlist hefur verið stór hluti af fjölskyldunni og þá sérstaklega söngur síðan systkinin á Skerðingsstöðum fæddust og jafnvel lengur. Öll eru þau líka mikil jólabörn og var það orðin einskonar hefð fyrir jólin að fara á Frostrósatónleikana meðan þeir voru haldnir. Að sitja í salnum, horfa og hlusta kveikti á einhverjum neista að langa til að gera sjálf og fá að standa sjálf upp á sviði og syngja fyrir aðra.

Áður en jólatónleikarnir Er líða fer að jólum urðu til hafði heimilisfólkið á Skerðingsstöðum komið fram hér og þar, sungið í kórum og við hinar ýmsu athafnir. Eftir að hafa gengið með þessa hugmynd í nokkur ár var ákveðið að slá til



Heimsókn í Brekkuskóg sumarið 2024 við undirritun á samstarfssamningi milli Dalabyggðar, Skógræktarfélags Dalasýslu og Skógræktarfélags Íslands.

veturinn 2021 en vegna Covid faraldurs varð að fresta þeim til ársins 2022 og hafa þeir nú verið haldnir í þrjú ár og næstu tónleikar eru fyrirhugaðir 29. nóvember nk. Undirbúningur fyrir tónleikana er strax hafinn og búið er að sækja um styrki fyrir þeim. Síðan er óformleg vinna í gangi allt árið þar sem er verið að skoða lög og útsetningar fyrir tónleikana. Vinnan við hverja tónleika fyrir sig hefur þannig hafið rúmlega ári áður en þeir eru haldnir. Æfingar fyrir tónleikana hefjast svo með haustinu og eru alveg fram á tónleikadag þannig að það má segja að jólalögin ómi allt haustið á Skerðingsstöðum og fleiri heimilum sem koma að þessari skemmtun en það eru fjölmargir sem koma að svona viðburði.

„Að standa fyrir svona stórum viðburði er alveg töluverð vinna. Vinna sem ekki aðeins ein mannskja hefur lagt á sig. Þó svo að einn verkefnastjóri sé skráður fyrir verkefninu er fjöldinn allur af fólki sem kemur að þessu öllu saman. Fólkið sem stendur á sviðinu, söngvarar og hljómsveit, en jafnframt er fjöldinn allur af fólki bak við tjöldin sem aðstoðar okkur við að koma öllu í verk. Ef ekki væri fyrir þetta fólk myndu þessir tónleikar ekki eiga sér stað,“ segir Alexandra Jónsdóttir, sem hefur leitt verkefnið.

Hún segir það dýrmæta reynslu að standa að svona viðburði. Tónleikagestir hafa verið um 280 á tónleikunum en um 20 manns koma samtals að því að skipuleggja viðburðinn. Boðið hefur verið upp á jólastemningu á viðburðinum með jólaþræsingum og er félagsheimilið ríkulega skreytt, til þess að búa til stemningu. „Efst í huga eftir hverja tónleika er þakklæti til allra. Við erum ótrúlega þakklát fyrir fólkið sem stendur með okkur í þessu, strákunum í hljómsveitinni sem hafa staðið í þessu með okkur, án þeirra værum við aldrei uppi á sviði að syngja. Fólkinu sem stendur vaktina meðan við stöndum upp á sviði. Ekki síður erum við þakklát fyrir allt það fólk sem sér sér fært að mæta og njóta tónleikana með okkur.“

Brekkuskógur lifnar

Skógræktarfélag Dalasýslu var stofnað 1948 og plantaði félagið núverandi Brekkuskógi um 1990 á um fjögurra hektara svæði neðan þjóðveggar, sem er svæði rétt norðan við Búðardal. Eftir að félagið var endurreist árið 2022 hefur megináherslan í starfi félagsins verið á Brekkuskóg og er markmiðið að gera skóginn og umhverfi hans aðgengilegt og áhugavert svæði til útivistar og yndisauka fyrir íbúa og ferðamenn.

Búið er að vinna umtalsverða undirbúnings- og skipulagsvinnu og hefur það allt farið fram í samráði við sveitarstjórn. Fyrir liggur ítarleg frumhönnun og skipulagstillögur frá Verkfæðistofunni EFLU, sem er sá grunnur sem byggt er á fyrir framhaldið.

A síðasta ári var gerður þríhliða samningur við sveitarfélagið sem landeiganda um Brekkuskóg. Með samningnum fá Skógræktarfélag Dalasýslu ásamt Skógræktarfélagi Íslands fullt forræði til 50 ára yfir tæplega sex hektara svæði, sem nær yfir núverandi skóg, auk meira lands. Þannig að í framtíðinni mun skógurinn stækka og ná fast að núverandi byggð í Búðardal og frá þjóðvegi í austur og niður í fjöru. Þetta mun því verða frábært útivistarsvæði og mikil bæjarþrói fyrir byggðina.

Verkefnið hefur fengið ríflega styrki frá DalaAuði, sem nýttir eru í skipulagsvinnuna og framkvæmdir, svo sem stígagerð. Stórar framkvæmdir eru nú í gangi við að leggja stíga og jafna samkomurjóður í skóginum, sem verktafar á svæðinu sjá um að vinna fyrir félagið. Verktakafyrirtækið Eykt hefur síðan úttegað efni í undirlag fyrir stígana. Sveitarstjórn og starfsmenn Dalabyggðar hafa einnig aðstoðað við verkefnið með margvíslegum hætti og sýnt því mikinn áhuga.

Auk áforma um aðstöðusköpun varðandi stíga og rjóður voru teknar upp viðræður við Breiðfirðingafélagið um að styðja við gerð umhverfislustaverks í Brekku-

skógi. Úr því varð síðan samkomulag um að skilgreina sérstakt verkefni „Umhverfislistaverk í Brekkuskógi,“ sem Björn Steinar Blumenstein, vöruhönnuður og fagstjóri vöruhönnunardeildar Listaháskóla Íslands, mun útfæra. Breiðfirðingafélagið mun styrkja það með fjárframlagi auk styrks frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands fyrir verkefni á sviði menningar. Í því verður m.a. gerð endanleg útfærsla á fyrirliggjandi hönnun á staðnum, m.t.t. legu, útlits og þema sem á að einkenna svæðið. Aætlað er að leggja áherslu á bæði skóginn og fjöruna sem mun þannig auka aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þegar ekið er eftir þjóðvegnum í vestur er víða mjög fallett útsýni út á Hvammsfjörðinn og ofan í fjöruna þar sem alengt er að sjá seli og erni. Hins vegar er óvíða auðvelt fyrir ferðamenn að fara niður í fjöruna, og því er hér einstakt tækifæri til að opna slíkt aðgengi frá skóginum en einnig verður mögulegt að tengja svo fjörustíg yfir í byggðina og við þá göngustíga sem þar eru nú þegar.

Brölt um Dali

Dalamannabrölt er gönguleiðahópur sem er búinn að vera starfræktur í Dölunum í nokkur ár. Töluverður fjöldi er í hópnum sem hefur síðustu ár gert það að markmiði sínu að ganga sem mest í sinni heimasveit. Þegar áhugamannahópurinn sem kallar sig Dalamannabrölt fór að ganga um svæðið áttuðu þau sig á því að leiðirnar væru nær óendanlegar en fáar leiðir væru merktar.

Forsprakki hópsins er Ingibjörg Jóhannsdóttir en hún ásamt fleiri aðilum sóttu um og fengu styrk til að stika og merkja fleiri leiðir í Dölum. Dalirnir eru gósenland fyrir göngufólk enda dalirnir næstum óteljandi og auðvelt að finna aflíðandi hlíðar og einnig hærri tinda. Allir ættu því að geta fundið leiðir til að fara. Sagan drýpur af hverju strái og auðvelt er að ímynda sér landnámsstímann þegar farið er gangandi um svæðið.

Ákvað hópurinn að endurstika fyrst tvær leiðir, þar sem merkingar voru orðnar veðraðar. Fyrir valinu urðu leiðin inn að Ránargili, sem er rétt hjá Laugum í Sælingsdal, og svo Hafratindar á Svínadal. Voru þessar leiðir stikaðar sumarið 2024. Sumarið 2025 verður annasamt hjá hópnum en til stendur að halda áfram verkefninu og merkja og stika fleiri leiðir.

„Nú förum við að hefjast handa því sauðburðarvinna er búin hjá flestum. Við þurfum að klára endurmerkingar á Laugum og Tindunum, en það á eftir að hanna og koma fyrir vegprestum og



Fyrsti minnisstuðullinn í jólasveinaverkefninu var reistur á Erpsstöðum.

merkingum þar,“ segir Ingibjörg um vinnuna framundan.

Hópurinn hefur kallað eftir samstarfi við ferðabjóna á svæðinu enda er mikilvægt að stika og merkja aðeins leiðir þar sem leyfi og vilji landeigenda er fyrir því að vísa göngufólki um svæðið. Dalahyttur tóku vel í þetta framtak og mun hópurinn skipuleggja og stika nýja leið í sumar að steinboga nokkrum, sem er í Laugadal, í samstarfi við rekstraraðilana þar.

Í vetur var ákveðið að gaman væri að koma á stikuðum göngu- og/eða reiðleiðum milli Dalanna og nærliggjandi byggðalaga og var í fyrsta áfanga ákveðið að taka fyrir leiðina um Burstadal yfir í Hítardal. Þessi vinna verður samstarf Dalamannabröls og Hestamannafélagsins Glæds en um er að ræða leið sem einnig er farin á hestum. Bæði hestamannafélagið og gönguhópurinn sjá tækifærin í samvinnu við að koma upp vegprestum og betri merkingum á vinsælum reiðleiðum. Það gæti auðveldað bæði hestahópum og gönguhópum ferðalögin um Dali en svæðið er vinsælt meðal beggja hópa.

Í sumar verður einnig hafist handa við að hnitsetja valdar gönguleiðir sem birtar verða á vef Markaðsstofu Vesturlands og vonandi víðar. Öll vinna Dalamannabrölsins er unnin í sjálfbærni og er það ástríðan fyrir umhverfi og náttúru Dalanna sem hvetur hópinn áfram. Tækifærin til útivistar eru víða en greinargóðar merkingar hjálpa þeim sem vilja nýta sér svæðið til útivistar. Hægt er að fylgjast með hópnum, bæði verkefninum og göngunum framundan á Facebook síðu hópsins Dalamannabrölt – áhugamannahópur.

Jólasveinarnir eru úr Dölunum

Jóhannes úr Kötllum var eitt helsta skáld sinnar samtíðar og afkastamikill höfundur. Eftir hann liggja fjölmörg og fjölbreytt verk. Ljóðabókin Jólnin koma er eitt af hans þekktustu verkum. Börn á Íslandi hafa lært þessi kvæði í skóla eða leikskóla og mörg þeirra muna þau síðan alla ævi. Áhrif þessa verks eru e.t.v. ekki öllum kunn en óhætt er að segja að ljóðin hafi fest í sessi hugmyndir fólks um 13 íslenska jólasveina, nöfn þeirra og röðina sem þeir koma til byggða. Það er ekki ólíklegt að þessi merkilegi menningararfur, sem virðist hafa varðveist í munnum æmum a.m.k. í Dölunum, hefði glatast ef skáldið hefði ekki náð að gera þeim skil með sínum hætti. Með vísunum gaf hann þeim áframhaldandi líf, sem enn mótar jólahæðir landsmanna í dag.

Jóhannes var Dalamaður og kenndi sig við Katla sem eru fossar, hyljir og klettur við ána Fáskrúð í Dölum. Í ljósi þessarar órjúfanlegu tengingar Jóhannesar og jólasveinanna við svæðið er nú unnið að viðamiklu verkefni sem ber heitið Jólasveinarnir eru úr Dölunum. Verkefnið snýst um að koma upp stórum skiltastuðlum á 13 stöðum víðs vegar í sýslunni, þar sem jólasveinunum, staðháttum og sögu nærsvæðisins er gert skil. Framsetningin á skiltunum er byggð á kvæðum Jóhannesar úr Kötllum um þá og þeim stíl sem hann notaði til að gefa þeim eilífðarlíf.

„Íslensku jólasveinarnir eru úr Dölunum er orðið að veruleika,“ segir Þorgrímur Einar Guðbjartsson, menningarfrumkvöðull og

bóndi á Erpsstöðum. Hann ásamt Guðrúnu Björgu Bragadóttur ferðabjónustubónda í Hlíð í Hörðudal, hafa unnið að þessu verkefni frá árinu 2022. Síðastliðin ár hefur verið unnið að undirbúningi og þróun á verkefninu. Nú í apríl var fyrsta minningarstuðlinum komið fyrir, við Erpsstaði og er það Skyrógámur sem prýðir þann pall. „Það er heilmikil þæling sem liggur að baki staðarvali hvers og eins jólasveinastuðuls. Eins og margir vita þá er á Erpsstöðum framleitt skyr á hinn aldagamlu máta heimavinnslunnar og því lá beinast við að tengja hann við þann stað, enda hefur nú komið í ljós að hann býr í Sauðafellinu, sem umlykur Erpsstaði,“ segir Þorgrímur. Stuðullinn er sexhyrndur og á hverri hlið verða upplýsingar sem lúta að Skyrógámi, tengingu hans við staðinn, sagt verður frá skáldinu og stuttlega frá sögunni um jólasveinana auk þess sem ýmsir fróðleiksmolar um nágrennið eru listaðir þar upp. Framundan er að setja upp tvo stuðla í viðbót, annars vegar í Hörðudal og hins vegar við Ljárskógasel, nálægt Kötllum þeim er Jóhannes kenndi sig við. Á hverjum stuðli verða vísbendingar sem eiga að geta komið gestum á sporið um hvert skal halda í átt að næsta dvalarstað jólasveins. Þannig verður hægt að ferðast um Dalina og heimsækja minnisvarða hvers jólasveins og um leið skoða allt hitt sem Dalirnir hafa upp á að bjóða.

Einnig er verið að vinna að gerð heimasíðu og safna fróleiksmolum og undirbúa gagnvirka leiki sem ferðalangar eiga að geta notið meðan þeir eru að leita að jólasveinum. Ferðalangar eru hvattir til að skoða fyrstu stuðlana í sumar á ferð sinni um svæðið. Tilvalið er að kíkja inn að Erpsstöðum og fá sér heimagerðan ís eða skyrkonfekt og skoða stuðulinn hans Skyrógáms í leiðinni.

Dalía

Á Miðbraut 15 er stórt og reisulegt hús sem áður hýsti Búnaðarbankann í Búðardal. Húsið hefur gegnt ýmsum hlutverkum en fyrir nokkrum árum keyptu hjónin Leifur Steinn Elísson og Dr. Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir húsið, sem staðsett er í miðju bæjarins. Þar reka þau fjölbreytta starfsemi undir heitinu Dalía.

Á efri hæðinni er gistiaðstaða. Þar eru rúmgóð herbergi með sér salerni og sameiginlegt eldhús. Á neðri hæðinni er síðan salur sem er notaður til tónleikahalds, kynninga og fræðslu um m.a. sögu, menningu og listir. Þau Leifur Steinn og Sveinbjörg hafa lagt áherslu á að bjóða upp á líflega og vandaða menningargardskrá í Dalíu og hafa þau fengið styrki til viðburðahaldsins, m.a. úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs. Meðal listamanna sem þar hafa komið fram eru Eyþór Ingi, Mugison, Bjartmar Guðlaugsson, Soffía Meldal, Madame Tourette, Soffía Óðinsdóttir, Hundur í óskilum, Þóra Sif Svansdóttir, Lay Low, Una Torfa, Elmar Gilbertsson og Hanna Dóra Sturludóttir.

Sögufélag Dalamanna hefur haldið ýmsa áhugaverða viðburði í Dalíu en þau hafa til dæmis staðið að bókakynningum og sögustundum að undanförunu.

Þorrell Gunnar Sigurbjörns-son fjallaði um bók sína Með harðfisk og hangikjöt að heiman. Hvers vegna sendu Íslendingar hóp íþróttafólks á Sumarólympíuleikana í London árið 1948 þegar það var matarskortur og erfiðar aðstæður í Bretlandi eftir seinni heimsstyrjöldina? Sumarliði Ísleifsson fjallaði um bók sína „Í fjarska Norðursins, Ísland og Grænland“ viðhorfssaga í þúsund ár. Í apríl sögðu þær Guðlaug Kristinsdóttir og Gríma Kristinsdóttir svo frá æskuminningum sínum úr Saurbænum, gáfu smá innsýn í mannlífið og minnst á skemmtilega karaktera sem voru þeim samtíða.

Jörvaglegðin 2025 Var sett í Dalíu á sumardaginn fyrsta og þar voru haldnir átta viðburðir undir merkjum Jörvaglegðinnar. Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur fjallaði um hjónaskilnaði og spádóma í Laxdælu og Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, fjallaði um Hrein Friðfinnsson, listamann frá Bæ í Miðdölum. Einnig var fjölbreyttur tónlistarflutningur og haldin listasmiðja fyrir börn, unglinga og fullorðna.

Í sumar, nánar tiltekið 26. júlí, verður Una Torfa með tónleika í Dalíu. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferðalagi hennar og Hafsteins Þráinssonar, einnig þekktur sem CeaseTone, um landið. Í undirbúningi eru fleiri tónleikar í sumar og haust. Hjónin Leifur Steinn og Sveinbjörg Júlía vonast áfram eftir það góðri aðsókn á viðburði og að hægt verði í náinni framtíð að halda uppi sambærilegri starfsemi og verið hefur. Þau eru sannfærð um að viðburður léttilund Dalamanna og annarra gesta og styðji jafnframt við aðra starfsemi í Dalabyggð.

lg



Hugrún Reynisdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Ingibjörg Jóhannsdóttir klár í að stika.



Una Torfa og Hafsteinn Þráinsson.

Peir hafa sett lit á samfélagið

Frá upphafi útgáfu árið 1998 hefur héraðsfréttablaðið Skessuhorn staðið fyrir útnefningu á Vestlendingi ársins. Valið fer þannig fram að kallað er eftir tilnefningum íbúa um þá Vestlendinga sem þykja verðugir þess að hljóta þetta sæmdarheiti fyrir árangur í starfi eða leik. Síðan vinnur dómnefnd á vegum blaðsins úr innsendum tilnefningum. Verðlaun þessi hafa í tímans rás farið um gjörvallt Vesturland og meðal annars í Dalina. Með tilnefningum eru íbúar gjarnan að minna á styrkleika samfélaga sem þeir eru hluti af. Gaman er að segja frá því að á undanförnum árum hafa vaskir Dalamenn hlotið þennan heiður og skal tveggja þeirra hér getið.

Vestlendingur ársins 2017 var Svavar Garðarsson í Búðardal. Svavar hafði á þessu herrans ári lagt fram hundruði klukkustunda í sjálfbodaðastarf við að fegra og bæta umhverfið á heimaslóðum. Hann lagfærði og hreinsaði opin svæði og var öðrum íbúum hvatning í þeim efnum. Um haustið beitti hann sér fyrir því að selir úr Húsdýragarðinum yrðu fluttir í laug í



Svavar Garðarsson í Búðardal Vestlendingur ársins 2017 með verðlaunagrip og blóm. Ljós. sm.

Búðardal. Þar fódraði hann selina og undirbjó þá til að komast í sjó í sitt náttúrulega umhverfi.

Í byrjun þessa árs var kunngjört valið á Vestlendingi ársins 2024. Fyrir valinu varð Steinþór Logi Arnarsson 26 ára bóndi í Stórholti í Dölum. Sumarið 2022 tók hann ásamt Eyðisi Önnu Kristófersdóttur unnustu sinni við búi

foreldra hans í Stórholti. Bæði eru þau búfræðingar frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, voru bekkjarfélagar í skóla. Steinþór Logi er formaður Samtaka ungra bænda hér á landi og hefur sem slíkur talað fyrir málefnum bænda hvar sem því verður við komið. Í tilnefningum sem nafn hans fékk var meðal annars sagt að hann tal-



Fjölskyldan á Stórholti í Saurbæ í Dölum í byrjun árs. Eyðis Anna Kristófersdóttir og Steinþór Logi Arnarsson með syni sína, þá Kristófer Loga og Þórð Elí. Ljós. mm

aði máli ungra bænda á skiljanlegu en hófstilltu máli. Slík málafylgja bæri jafnan árangur. Hann hafi bent á mikilvægi þess að fundnar yrðu leiðir til að áfram verði hægt að stunda landbúnað og matvælaframleiðslu í landinu. Sveitirnar þyrftu að haldast í byggð og lagaumgjörð mætti ekki auðvelda jarðasölu til auðkýfinga sem hyggðu á annað en

landbúnað, jafnvel erlendra kaupenda. Auk tilnefninga fyrir störf sín að félagsmálum voru allmargir sem sögðu það skipta máli að Steinþór Logi væri afar háttvís; vönduð og góð manneskja. Bæri slíka mann-kosti að eftir því væri tekið.

mm

Hér er allt sem við þurfum

Rætt við Justynu og Szymon Bartkowiak sem fluttu til Íslands fyrir sjö árum og settust að í Búðardal

Það er stór ákvörðun að flytja búferlum frá heimalandi sínu, jafnvel bara til þriggja ára eins og unga parið fyrirhugaði árið 2018. Það var Ísland sem varð fyrir valinu, þar langaði þau að búa og vinna einhvers staðar í dreifbýli. Þau koma frá tveimur nágrannaborgum í vestanverðu Póllandi; Szymon er frá Jarocin og Justyna frá Środa Wielkopolska. Í hvorri borg fyrir sig búa um 30 þúsund manns, en um 250 í Búðardal svo breytingin var stór. Blaðamaður Skessuhorns ræddi við Justynu og Szymon yfir heima-gerðri bókun sem myndi sóma sér vel á hvaða veitingastað sem væri.

Emma er drottningin

Það er Justyna sem á heiðurinn af bókunni, sem er borin fram með ís, jarðarberjum og bláberjum. Í eldhúsinu er mikið útsýni og þau segja að það sé indælt að vaska upp með slíkt fyrir augunum. Þriðji heimilismeðlimurinn er átján ára gamli kötturinn Emma sem þau segja að sé drottningin á heimilinu. Kísa er matvönd, enda komin til virðulegra ára. „En henni þykir gott að éta parnesan, svo við teljum að hún hljóti að vera ítölsk,“ segir Justyna og hlær.

Tveir merkir peningar

Þau telja sig heppin að hafa lent hér á landi þótt ýmislegt væri ólíkt því sem þau áttu að venjast. „Við komum 16. apríl,“ segir Szymon. „Fyrsti dagurinn var frekar kaldur.“ Þau tóku flugrútna til Reykjavíkur. „Ég man að ég fékk tvo hundrad krónu peninga til baka og tók mynd af þeim í lófanum á mér,“ segir Justyna. „Tveir peningar með fiskum! Við höfðum heyrt af fallegri náttúru á Íslandi, fossum og kulda. En líka um Björk og Sigurrós, svo tónlistin kom eitthvað inn í þetta. Við höfðum náð í einhverjar upplýsingar en það er allt öðruvísi að sjá þetta fallega land með eigin augum.“

Vissu ekki að samlandarnir væru svona margir

Við undirbúning flutninga vestur skýrðist myndin smám saman. Þau sendu fjölda tölvupósta og einhver svör bárust, m.a. frá gisti- og veitingastaðnum Dalakoti í Búðardal, sem er rekinn af Önnu Sigríði Grétarsdóttur og Pálma Jóhannssyni. Svo gerðist allt nokkuð fljótt því þremur vikum síðar voru Justyna og Szymon komin til Búðardals. „Við ákváðum að láta á þetta reyna,“ segir Justyna. Það merkilega var að þegar þau byrjuðu að skoða Ísland var þeim ekki kunnugt um að hér væru svo margir Pólverjar sem raun ber vitni. „En við kynntum okkur landið samt eftir bestu föngum,“ segja þau. „Til að mynda sáum við að þéttleiki byggðar væri sextíu sinnum minni hér en í Póllandi.“

Matargerðin

Justyna og Szymon vinna enn fyrir Önnu og Pálma og sjá um mötuneytið fyrir Auðarskóla, mat fyrir dvalarheimilið Silfurtún og fleiri fyrirtæki og stofnanir í héraðinu. Matreiðslan er þeirra sameiginlega áhugamál, en í grunninn er Justyna menntuð í félagslegri hagfræði og hann er véltækni-fræðingur. Þau segja að það hafi verið gott að breyta til. „Fólk skildi ekki af hverju við kusum að flytja út á land í lítið samfélag,“ segir Szymon. „En það vildum við alltaf.“

Verður að koma með smjör

Til að byrja með fannst Justyna og Szymoni ýmislegt framandi í íslenskri matarhefð. „Okkur fannst skrítið að það væri settur sykurl í kartöflumús,“ segir Justyna. „Við héldum fyrst að það væri brandari!“ Szymon bætir við að þau skilji hins vegar vel að fólk vilji

hafa sultu með mat. „Og saltfiskur og sætt rúgbrauð er góð blanda,“ segir hann. Þau halda mikið upp á lambakjöt og taka það gjarnan með sér ef þau fara til Póllands. „Við tökum þá líka hangialegg með,“ segir Justyna. „Og ekki síst smjör, við getum ekki komið án þess, systir mín tæki það ekki í mál,“ segir hún og hlær. Szymon tekur undir þetta. „Smjórið er íslenska gullið.“

Byggja í Búðardal

Justyna og Szymon hafa verið saman í átta ár og gift í tvö. Þau kunna mjög vel við sig á Íslandi; ekki síst njóta þau þess að ganga



Justyna og Szymon. Fyrir ofan þau er Íslandskort og það er vel við hæfi.



Skóflustunga að væntanlegu húsi þeirra tekin um bjarta nótt.

um óspillta náttúru. Szymon hefur áhuga á ljósmyndun og bæði eiga sameiginlegt áhugamál í matargerðinni. Vinnuveitendur þeirra hafa staðið þétt við bakið á þeim og samfélagið er gott. Í fyrra var Justyna fjallkonan í Búðardal á 17. júní. Næst á dagskrá er að byggja sér hús á staðnum. „Hér er

allt sem við þurfum,“ segja þau. Í maílok tóku þau skóflustunguna, rétt eftir miðnættið í björtu íslensku vori.

Tengslin mikilvægust

Það er kominn tími til að kveðja. Lokaspurningin hljóðar svo:



Peningarnir tveir í lófa Justynu daginn sem þau komu til Íslands.

„Hver mynduð þið segja að væri aðal kosturinn við að búa hérna? Þau eru fljót til svars. „Sterk tengsl við bæjarbúa, hér eru mun betri tækifæri til að hitta fólk en í Reykjavík. Við förum í sveitina í sauðburð og rúning og sækjum viðburði í Búðardal, svo sem þorablót og tónleika. Fólkíð hér er blátt áfram og gott. Við upplifum okkur sem hluta af samfélaginu og það er dýrmætt.“

gj/ Ljós. gj og úr einkasafni

Eins gott að finnast gaman að reikna

Rætt við Magnínu G. Kristjánsdóttur fjármálastjóra Dalabyggðar. Hún á áratuga starf að baki fyrir sveitarfélagið og hefur unnið þar með níu sveitarstjórum

Miðdælingur og Laxdælingur

Magnína er Dalakona. Hún átti heima á Sámsstöðum í Laxárdal til sjö ára aldurs en Guðbjörg Margrét Jónsdóttir móðir hennar er þaðan og þar bjuggu móðurafi hennar og amma. Faðir Magnínu, Kristján Gunnlaugur Bergjónsson er frá Snóksdal í Miðdölum. Magnína hlær og hristir höfuðið þegar hún er spurð hvort því fylgi togstreita að vera bæði Miðdælingur og Laxdælingur. En hún leiðréttir blaðamann sem telur hana núna vera Búðdæling. „Þótt ég búi í Búðardal þá er ég Laxdælingur,“ segir hún. „Við fluttum hingað þegar ég var sjö ára. Þá byggði pabbi minn íbúðarhús hérna og við fluttum í það. Svo komu móðurafi og amma og bjuggu hjá okkur og líka föðuramma mín frá Snóksdal. Föðurafi hét Bergjón Kristjánsson sem er frekar sjaldgæft nafn. Hann bjó hjá okkur á haustin og starfaði í sláturhúsinu. Dóttir mín lét skíra son sinn nafninu hans, en prestinum þótti það ekki alveg sjálfsagt.“ Blaðamaður hefur á orði að nafnið Magnína hljóti að vera sjaldgæft líka. „Já, við vorum bara þrjár á landinu með því nafni síðast þegar ég gáði,“ segir hún. „Móðuramma mín hét Magnúsína en vildi ekki að ég fengi það nafn. Svo mamma fór þá leið að láta skíra mig Magnínu.“

Vildi ekkert með skólann hafa

Magnína segist alltaf hafa verið heimakær. „Ég ætlaði meira að segja ekkert í skólann hérna þegar að því kom,“ segir hún. „En pabbi minn fór nú bara með mig og ég sættist á það.“ Hún hætti námi eftir grunnskólann og kynntist manninum sínum snemma, honum Sigurði Ingvasyni. Hann er frá Borðeyrarbæ í Hrútafirði svo hún sótti hann ekki langt. „Við vorum 17 ára,“ segir hún. „Við byrjuðum búskapinn í Búðardal og ég vann á skrifstofu Kaupfélagsins í mörg ár. Svo fæddist dóttir okkar árið 1983 og ég dreif mig í nám í verslunardeild sem var boðið upp á hér frá skólanum á Akranesi. Þar sem ég var ekki hrifin af því að fara mikið að heiman vildi ég gjarnan nýta mér það sem var boðið upp á hér.“

BS próf á fimm árum

Seinna fór Magnína í í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri og gat tekið það í fjarnámi. „Ég útskrifaðist þegar ég var fimm-tug,“ segir hún. „Við vorum sjö manns sem byrjuðum í náminu og það voru minnir mig tveir sem ekki útskrifuðust. Þetta var ansi mikið með vinnu og heimilishaldi þótt krakkarnir væru reyndar uppkomnir.“ Þau Sigurður eiga tvö börn og eitt tengdabarn, Heiðmar Örn Ólafsson. Börnin eru Eva Björk og Ernir Freyr og barnabörnin eru orðin fjögur: Breki Örn, Bergjón Paul, Kristján Ingvi og Rannveig Ronja. „Við fórum okkur hægt í BS náminu á sínum tíma,“ segir Magnína. „Ég og vinnufélagi minn í dag. Við vorum alltaf samstuga;

tókum þetta á einum fimm árum og útskrifuðumst árið 2009. Það var mun auðveldara fyrir okkur að vera tvær og líklega hefði ég ekki gert þetta annars. Svo var alltaf mjög mikið fjór þegar við fórum sjö saman í staðarlotur til Akureyrar, það var einu sinni á önn.“

Nú sveitarstjórar

Eftir að hafa verið á Kaupfélags-skrifstofunni vann Magnína á skrifstofu Verkalýðsfélagsins Vals og á skrifstofu í trésmiðju um sinn en svo bauðst henni vinna á skrifstofu sveitarfélagsins. „Þar er ég svo búin að vera síðastliðin 38 ár,“ segir hún hlajandi. „Étli það sé kannski kominn tími á það hjá mér að fara að breyta til? En mér hefur alltaf fundist gaman að vinna á skrifstofunni.“ Hún hefur unnið með allnokkrum sveitarstjórum á þessum tíma, Björn Bjarki Þorsteinsson núverandi sveitarstjóri er sá níundi. „Haraldur kom reyndar tvisvar en ég tel hann bara einu sinni,“ segir hún kankvís á svip. „Vonandi hef ég ekki gleymt neinum.“

Alls kyns rekstur í húsinu

Magnína á því langan feril að baki í vinnu með sveitarstjórnarfólki. Fyrst þegar hún byrjaði á þeim vettvangi var hún í hálfu starfi, með bókhald og símsvörun. „Ég byrjaði með bókhaldið og launin fyrir Laugaskóla,“ segir hún. „Svo breyttist það og ég fór að taka öll laun fyrir Dalabyggð og líka fyrir Hjúkrunarheimilið Fellsenda um tíma.“ Í dag reiknar hún út laun fyrir ríflega áttatíu launþega að meðtöldum húsaleigubótum og nefndarlaunum. Hún hefur orð á því að það hafi orðið gríðarlegar breytingar á vinnustaðnum þann tíma sem hún hefur starfað þar. „Fyrst vorum við bara nokkur á skrifstofunni,“ segir hún. „Það var ég og sveitarstjórinn og síðan bættist við bókarí á skrifstofu Laxárdalshrepps, byggingafulltrúinn, Verkalýðsfélagið Valur og presturinn. Einar fyrrverandi skólastjóri frá Laugum var þarna með aðstöðu vegna vinnu fyrir skjalsafnið og Vátryggingafélag Íslands var með skrifstofu á efri hæðinni. Sýslumaðurinn, lögreglan, ráðunauturinn og bókasafnið voru á neðri hæðinni. Og núna er fullt hús hér af fólki með alls kyns starfsemi og nýsköpunarsetur niðri.“

Til staðar um mánaðamót í tæp fjörutíu ár

Þegar Magnína hóf störf í ráðhúsi sveitarfélagsins var það í sömu byggingu og nú, á Miðbraut 11 í Búðardal. Húsið var nýbyggt þá og ekki að fullu frágengið. Hún segist í upphafi hafa verið yngst í starfsmannahópnum en sé núna orðin elst. Allan tímann hefur hún reiknað út launin. „Það þýðir viðveru um hver mánaðamót öll þessi ár,“ segir hún. „Mörg sveitarfélög eru með einn ákveðinn launafulltrúa og það er ekki ráðið í afleysingar, enda eru samningar orðnir með sífelldum viðbótum sem er

flókið að eiga við og finnast bara í fundargerðum stéttarfélaganna. Ég segi stundum að launataxtarnir séu komnir í þrívídd; þetta er endalaus frumskógur. Það er eins gott að manni finnst gaman að reikna!“ Hún hefur aðeins einu sinni þurft afleysingu í lengri tíma. „Það var í átta vikur vegna liðskiptaaðgerðar,“ segir hún. „Svo handleggsbraut ég báðar hendur og þá þurfti ég afleysingu, en bara um tvenn mánaðamót.“ Hún tekur fram að vegna viðskiptanámsins hafi hún um tíma tekið langar helgar í frí.

Kórstarfið skemmtilegt

Margt hefur breyst í Búðardal síðan Magnína man fyrst eftir sér þar. Ekki síst hefur samfélagið tekið breytingum. „Allt fólkið sem maður var mest með er annað hvort flutt eða dáið,“ segir hún. „Ég er hætt að þekkja alla sem ég reiknaði út laun fyrir hjá Dalabyggð, en það gerði ég áður. Það er svo mikil endurnýjun. Það er hægt að hafa margt fyrir stafni hérna í tómstundastarfi, það er kórastarf og leikfélagið er endurvakið og boðið upp á ýmislegt fyrir börn og unglinga. Svo er að koma nýtt íþróttahús og sundlaug.“ Sjálf hefur hún talsvert sungið með kórum og gegndi formennsku í Söngfélaginu Vorboðanum þar til hún fór í háskólann, þá tók hún hlé. Hún hefur líka sungið með kór sem var stofnaður fyrir nokkrum árum og heitir Hljómbrot. Söngfélagið Vorboðinn var kór sem var stofnaður fyrir mörgum árum en er ekki lengur starfandi. Stjórnandi hans var m.a. Halldór Þórðarsson frá Breiðabólstað og það var farið í söngferðalög og haldnar söngskemmtanir. Ýmis önnur félagsstörf hafa komið við sögu, Magnína sinni til að mynda stjórnarstörfum og var gjaldkeri í starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnes-sýslu í fjöldamörg ár.

Pokan ekki úr Hrútafirði



Stjórnsýsluhúsið í Búðardal.

Það er ljóst að Magnína hefur yndi af tónlist, enda hlustar hún mikið og horfir gjarnan á tónleika í sjónvarpi séu þeir í boði. Ef það koma kórar í Dalina lætur hún sig heldur ekki vanta í áheyrendahópinn. Svo hafa þau Sigurður mjög gaman af því að ferðast. Þau hafa reyndar ekki vanið komur sínar til Tenerife, en hafa ferðast víða



Magnína G. Kristjánsdóttir



Falleg teikning sem á heiðursess á vegg í íbúðinni, gerð eftir barnamyndum af Magnínu og Sigurði.



Hjónin á ferðalagi í Mónakó.



Magnína á pallinum við hús sitt, þar sem náttúran er allt um kring.

hún. „Stundum er reyndar þoka og þá er sagt að hún berist hingað úr Hrútafirðinum. En ég segi alltaf nei við því vegna þess að í Hrútafirðinum er alltaf gott veður!“

Það eru ágæt lokaorð.

gj/ Ljósni: gj og úr einkasafni



Lið Undra í leik, það þarf að leggja línur og ræða saman.



Frá fótboldamóti Undra að Laugum í Sælingsdal.

Tómstundir mikilvægar samfélaginu

Það er mikilvægt fyrir fólk á öllum aldri að nýta frítíma sinn á uppbyggilegan hátt, m.a. til að sinna áhugamálum og tómstundum. Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi skipulagðs æskulýðs-, félags- og tómstundastarfs barna og ungmenna. Í fámennari sveitarfélögum er ekki endilega hægt að bjóða upp á allt en mikilvægt er að framboðið sé fjölbreytt og leitað sé leiða til að mæta þeim sem ekki finna sig t.d. í hefðbundnu íþróttastarfi.

Árið 2026 verður opnað glæsilegt íþróttamannvirki; íþróttahús og sundlaug, í hjarta Búðardals. Þetta verður til þess að börn og ungmenni í Dölum hafi einn stað til þess að stunda sínar íþróttir. Næstu kynslóðir munu alast upp við það að hafa öflugt starf í hjarta bæjarins sem mun yta undir þátttöku þeirra.

Fjölbreytt starf

Í Dalabyggð er virkt skátastarf fyrir börn og fullorðna. Skátafélagið Stígandi er með reglulega fundi, fer í útilegur og tekur þátt í skátamótum bæði innan lands sem utan. Á svæðinu starfar líka Hestamannafélagið Glaður, næst elsta hestamannafélag landsins. Félagið stendur fyrir fjölbreyttu starfi svo sem námskeiðum, fræðslu og mótum.

Íþróttafélagið Undri stendur fyrir því að hægt er að æfa handbolta, fótbolta og badminton í sveitarfélaginu ásamt því að hafa milligöngu um sundnámskeið árlega og eins hefur félagið staðið fyrir íþróttaskóla fyrir yngstu börnin og leikjanámskeiði á sumrin. Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga hlaut nýverið viðurkenningu ÍSÍ sem Fyrirmyndarhérað. Undir formerkjum sambandsins er m.a. keppt í hlaupi og frjálsum íþróttum. Einnig hafa Dalamenn verið óhræddir við að prufa sig áfram með nýjar íþróttir og aðrar tómstundir eins og D&D, rafíþróttir og fleira.

Glímu félag Dalamanna (GFD) stendur fyrir glímuæfingum í Dalabúð fyrir allan aldur og hafa iðkendur náð góðum árangri á glímumótum um land allt síðastliðin ár. Hefur Freyjumenið til að mynda komið alls níu sinnum í hlut glímudrottningar frá GFD frá árinu 2000. Jóhanna Vigdís

Pálmadóttir glímukona hjá GFD var kjörin íþróttamanneskja UDN 2023 og aftur 2024. Við höfðum samband við Jóhönnu Vigdís og spurðum hana út í upplifunina af íþróttaiðkun í Dölunum.

Dalamenn stoltir af glímunni

Hvernig finnur maður „sína íþrótt“ í sveitarfélagi þar sem framboðið er kannski ekki mjög fjölbreytt? „Þegar maður býr í fámennu samfélagi þar sem framboðið er misjafnt, þá er algengt að maður prófi ýmislegt. Hjá mér lá það eiginlega svolítið fyrir að byrja í glímu, afi minn stofnaði Glímufélag Dalamanna og frænkur mínar, systur pabba, eru báðar miklar fyrirmyndir fyrir mér og voru efnilegar glímukonur.“ Jóhanna segir að í sumum tilfellum velji maður ekki beint íþróttina sjálfur, heldur komi hún til manns og þróist út frá því sem maður leggur metnað sinn í. Getur það ekki líka verið jákvætt að vera íþróttamanneskja úr fámennu sveitarfélagi? „Jú, klárlega. Glíman sjálf er lítið samfélag og flest okkar æfa með litlum félögum. Fyrir mér er almennt mjög jákvætt að koma úr fámennu sveitarfélagi, það fylgir oft meiri samheldni og stuðningur.“

Jóhanna segir að áhugi sé lykilatriði til að ná árangri. Ef áhuginn minnki, þá minnki framfarir. „Það skiptir líka miklu máli að hafa gaman af því sem maður er að gera, án þess verður það erfitt til lengdar og árangurinn lætur líklega á sér standa.“ Jóhanna segir Dalamenn stolta af glímunni og styðja vel við bakið á iðkendum, bæði í fjáröflunum og þegar íþróttafólk nær góðum árangri „Þá finnur maður fyrir stolti og áhuga fólks.“ Hún segist þakklát fyrir íþrótt- og tómstundastarfið sem var í boði þegar hún var í grunnskóla, þar hafi hún tekið þátt í öllu sem var í boði af miklum krafti og áhuga. Hvaða þýðingu hefur það að vera valin Íþróttamanneskja UDN? „Fyrst og fremst er það mikil hvatning til að halda áfram. Lífið í íþróttum er eins og lífið sjálft, það eru bæði hæðir og lægðir. Þessi viðurkenning styrkir mann í því að halda áfram, líka þegar hlutirnir eru ekki alltaf upp á sitt besta.“

jmb



Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga hlaut Fyrirmyndarbikar UMFÍ á Unglingalandsmóttinu 2024.



Liðsheild skiptir máli og þá þarf líka að hlusta á þá sem eldri eru.



Jóhanna Vigdís er metnaðarfull, hjálpsöm og góð fyrirmynd annarra. Enda hefur hún hlotið titilinn Íþróttamanneskja UDN tvö ár í röð.



Glímufélag Dalamanna hefur verið að ná glimrandi góðum árangri á mótum.



Meðan beðið er eftir nýju íþróttahúsi æfir Glímufélag Dalamanna í félagsheimilinu Dalabúð.



Jóhanna Vigdís ásamt efnilegasta glímufólkinu 2023 samkvæmt útnefningu Glímusambands Íslands, þeim Benóní Kristjánssyni og Alexöndru Öglu Jónsdóttur frá GFD en Jóhanna hlaut þann titil 2021.

Getur haft nóg að gera ef þú kærir þig um

Í fámennu og dreifbýlu sveitarfélagi getur verið auðveldara að velta fyrir sér hindrunum heldur en að leita að tækifærunum. Það virðist samt einkenna Dalamenn að þeir eru félagslega þenkjandi og hugmyndaríkir þegar kemur að félagslífi og tómstundum. Þegar nýir íbúar spyrja út í hvort það sé eitthvað um að vera, er oft auðveldast að útskýra það með einni setningu: Hérna getur þú haft nóg að gera ef þú vilt, en líka ekkert að gera ef þú þarfnast þess.

Þótt skipulagt íþróttastarf sé oft miðað af samfellu við skóla til að mæta yngri kynslóðinni þá eru vissulega tækifæri til þátttöku full-orðinna m.a. í Hestamannafélaginu Glaði, Glímufélagi Dalamanna og ýmsum keppnisíþróttum undir félagsmerkjum UDN.

Leikklúbbur Laxdæla hefur sett á svið um 30 leikverk frá stofnun. Um er að ræða áhugamannaleikfélag sem starfar innan Bandalags íslenskra leikfélaga. Félagið hefur meðal annars á síðustu árum sett á svið verkin Baðstofuna eftir Hugleik Dagsson, Skóarakonuna dæmalausu eftir Frederico Garcia Lorca og Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson.

Tónlistin er einnig hluti af menningu og mannlífi í Dölum. Harmónikkufélagið Nikkólína hefur starfað í Dölum um árabíl eða allt frá árinu 1981. Tónlistarskóli Auðarskóla er alla jafna þétt setinn og þá hafa einstaklingar sem byrjað hafa að læra þar sótt í að halda tónlistinni á lofti. Þannig eru heimamenn gjarnir á að koma fram á hátíðum, svo sem Jörvagleði og Heim í Búðardal, ásamt því að troða upp sveitungum til skemmtunar. Gott dæmi eru jólatónleikarnir Er liða fer að jólum þar sem tónlistarfólk úr Dölum ásamt vinum og ættingjum hafa sett upp glæsilega jólatónleika síðustu ár.

Kvenfélagið Fjolan starfar í Suðurdölum, Þorgerður Egilsdóttir í Laxárdal og Hvöt á Fellsströnd. Þessi kvenfélög ásamt kvenfélögum í Austur-Barðastrandarsýslu mynda Samband breiðfirskra kvenna. Handverk er líka mikils metið í Dölum. Handverkshópurinn Bolli stendur fyrir því að koma verkum heimamanna á framfæri og rekur verslun í Búðardal þar sem má nálgast fjölbreytt handverk.

Undir hatti Landsbjargar starfa Björgunarsveitin Ósk, Unglingadeildin Óskar og Slysavarnadeild Dalasýslu innan héraðsins. Félögin standa fyrir þjálfun og fræðslu félagsmanna og sinna sjálfbærðarstarfi sem miðar að því að koma í

veg fyrir slys, bjarga mannlífum og verðmætum.

Rauði krossinn í Dölum og Reykhólasveit heldur einnig úti starfi í héraðinu, sinnir m.a. neyðarvörnum, vinaverkefni, heldur skyndihjálparnámskeið og rekur fataverslun til styrktar starfi félagsins.

Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi heldur úti virku félagsstarfi þar sem meðal annars er farið í heimsóknir milli héraða sem að félaginu standa. Þá er einnig gönguhópurinn Stormur hópur eldri borgara sem gengur rösklega saman um Búðardal tvisvar í viku. Á síðasta ári gerði sveitarfélagið svo samning við Ungmennafélagið Ólaf púa sem rekur líkamsræktarstöð í Búðardal um ókeypis aðgang elli- og örorkulífeyrisþega að aðstöðunni.

Þá má ekki gleyma landbúnaðar- og ræktunartengdum félögum. Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu hefur m.a. staðið fyrir Haustfagnaði sauðfjárbænda kringum fyrsta vetrardag sl. ár við góðan orðstír. Félag nautgripabænda við Breiðafjörð, fjöldi búnaðar- og fjárræktarféлага ásamt Skógræktarfélagi Dalasýslu, Hrossaræktarsambandi Dalamanna og Hestaiegendafélagi Búðardals.

Dalamenn eru einnig duglegir við að prófa nýja hluti, stofna til félagskapar og láta vaða þegar kemur að félagsstarfi, áhugamálum og tómstundum. Þannig varð til dæmis Dalamannabrölt til hjá hópi áhugafólks um ýmis konar göngur í Dölum. Hafa einstaklingar látið vita þegar þeir stefna á göngur og safnað þannig fleirum saman til ferðarinnar. Síðustu misseri hefur félagskapurinn einnig unnið að stíkun gönguleiða í Dölum svo fleiri geti notið þess að ferðast, ganga um og bróla.

Þessi drifkraftur Dalamanna er áþreifanlegur. Sem dæmi hafa

íbúar staðið fyrir söng- og myndlistarnámskeiðum, stofnað sönghópa og verið með hlaðvörp, staðið fyrir lista- og menningarviðburðum, spilað rafíþróttir og D&D svo eitthvað sé nefnt. Svo ekki sé minnst á allt það óformlega sem íbúar bralla sér til ánægju. Hittast í fótbolta, njóta þess að spjalla í heita pottinum, ríða út, stunda veiði, fara saman í ferðir á sleðum, hjólum eða öðrum fararkostum. Ekki má gleyma saumaklúbbunum og má nefna að saumaklúbburinn í Haukadal hefur starfað í 64 ár.

Fólkið á bakvið handtökin

Ingibjörg Jóhannsdóttir, íbúi í Búðardal var tilnefnd til Íslensku lýðheilsuverðlaunanna 2023 en hún hefur um árabíl sinnt félags- og almannaheillastarfi í heimahéraði ásamt því að standa fyrir fræðslu fyrir allan aldur, uppbyggingu líkamsræktarstöðvar og aðstöðu fyrir sjúkrahjálara. Ingibjörg er einnig í félagsskapnum Dalamannabrölti og hefur komið að verkefnum um stíkun gönguleiða. „Ég er alin upp við það að við eigum að gefa af okkur, ef mann langar að einhver hlutur verði gerður, þá áttu ekki að ætlast til að aðrir geri það fyrir þig, heldur verður maður að vinna í því sjálfur eða vera í teymi sem hefur sömu ástríðu fyrir hlutunum.“ Ingibjörg bætir við að það sé gott og gefandi að gefa af sér og sjá hlutina verða til.

Fjölskyldan á Skerðingsstöðum í Hvammssveit hefur verið einstaklega dugleg við að bæði taka þátt í félagsstarfi og standa fyrir viðburðum. Við spurðum þau hvers virði það væri að leggja þessa vinnu á sig: „Það er nú fyrst og fremst að við höfum gaman af þessu.“ Þau segja að vinnan geti verið krefjandi á meðan á henni stendur en



Þátttakendur á útreiðanámskeiði hjá Hestamannafélaginu Glaði.

alltaf skemmtilegt þegar upp er staðið. „Það er líka ómetanlegt að fólk hafi gaman af því að mæta á allan þann fjölda viðburða sem við höfum staðið að í gegnum árin. Við höfum þó ekki staðið í þessu ein í öll skiptin, heldur unnið með fjöldanum öllum af góðu fólki.“ Þau nefna að ef maður stendur að einhverju sé hægt að koma út ákveðinni útrás á sköpunarþörf „Síðan er alltaf gaman að gera eitthvað fyrir aðra og ekki síður okkur sjálf.“

Jóhanna Sigrún Árnadóttir bóndi

jms



Tónlistarskóli Auðarskóla er þétt setinn og tónlistin mikilvæg íbúum á öllum aldri.



Nemendur í Auðarskóla fara oft til móts við Gönguhópinn Storm og gefa göngugörpum faðmlag.



Unglingadeildin Óskar á æfingu. Unglingastarfið er fjölbreytt og skemmtilegt, mikil áhersla er lögð á hópefli, þar sem samvinna og samheldni er efnd í hópnum.



Hrútasýning á Haustfagnaði sauðfjárbænda. Haustfagnaður er sannkölluð uppskeruhátíð bænda.



Björgunarsveitin Ósk starfar í Dalabyggð og sinnir þar útköllum.

„Ég er mjög tengdur þessum stað“

Spjallað við Þórð lækni sem hefur í rúm þrjátíu ár annast heilsu fólks allt frá Bröttubrekku og vestur í Kjálkafjörð

Það er blíðviðrisdagur þegar blaðamaður ber að dyrum á heimili Þórðar Ingólfs-sonar læknis í Búðardal. Fríða kona hans kemur til dyra og segir Þórð vera væntanlegan innan nokkurra mínútna. Það reynist rétt og innan skamms erum við sest að spjalli í rúmgóðri falletgri stofu með útsýni til hafs. Þórður byrjar á að segja að það sé nú ekki ástæða til að eyða tíma í að taka viðtal við hann. En samtalið á eftir að leiða annað í ljós, enda hefur blaðamaður heyrt margt gott um manninn. Það rif-ast t.d. upp að nýleg íbúakönnun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sýndi að Dalamenn væru sáttir við þá lækniþjónustu sem þeir fengju. Ánægja með heilsugæslu var mark-tækt meiri þar en t.d. á Snæfellsnesi.

Örlagarík búsetuákvörðun

Þórður hefur sem sagt gegnt stöðu heimilislæknis í læknishéraðinu Dölum og Reykhólahreppi í rúm þrjátíu ár. „Ég tók sérnám í heim-ilislækningum í Eskilstuna í Sví-þjóð á sínum tíma,“ segir hann. „Eftir það fór ég að vinna þar sem heimilislæknir og var kominn með fastráðningu. Ég var fjölskyldu-maður og við konan mín þáverandi fundum að börnin okkar voru að fara að alast upp sem Svíar þótt við töluðum t.d. alltaf við þau íslensku. Svo það var spurningin um hvar við vildum tilheyra. Báðir kostir vögu alveg salt hjá okkur en að lokum varð niðurstaðan að fara hingað heim. En það kom sem sagt alveg til greina að vera þarna áfram og þá væri ég sjálfsgott úti ennþá.“

Læknir í sveit

Heimilislækningar eru mikilvæg grein læknisfræðinnar og fela í sér mikla breidd. Þórður verður íhugu-ull á svip þegar blaðamaður spyr af hverju þær hafi orðið fyrir val-inu. „Ég leysti af í tvö sumur á heilsugæslunni á Siglufirði þegar ég var að klára námið. Þar fann ég ein-hvern veginn að þetta starf heillaði mig, sérlega þá hvað það var fjöl-breytt. Og ég hafði alltaf þá hugsun að ég vildi vera í dreifbýli en ekki á höfuðborgarsvæðinu.“ Þórður er alinn upp í Hveragerði svo hann þekkir smábæjarlífið vel. Hann er sonur Steinunnar Runólfisdóttur og Ingólfs Pálssonar. „Foreldrar mínir eru samt sitt úr hverri áttinni,“ segir hann. „Mamma er úr Skaga-firðinum en pabbi austan af Síðu. Þau voru mjög gott fólk bæði og það hefur verið mér gott veganesti.“

Tvær stöður að einni

Í Eskilstuna héldu Íslendingar mikið hópinn eins og gengur. Meðal sérnámslæknanna var Lárus Ragnarsson sem Þórður kynntist vel og fór síðar til starfa í Búðar-dal. „Hann er afbrigðismaður og við vorum góðir vinir,“ segir hann. „Það hafði sitt að segja um það að ég valdi að koma hingað. Það var líka gott að vinna með honum og reginmunur frá því að vera einn.“ Þá voru tvær stöður lækna í Búðar-dal en læknishéruðin þar og á Reyk-

hólum voru sameinuð í eitt tveggja lækna hérað með lögum árið 1974 undir Heilsugæslustöðinni í Búðar-dal. Þetta þýðir að umdæmi Þórðar nær allt vestur í Kjálkafjörð, enda vinnur hann einn dag í viku hverri á Reykhólum.

Fólk er tillitssamt

Þórður er eini læknirinn á svæðinu, enda er erfitt að fá lækna til starfa úti á landi. Fyrirkomulagið er þannig að hann vinnur samfelld í tuttugu daga en fær svo frí í tíu daga, þegar afleysingalæknir tekur vaktina. „Helgarnar eru báðar þar innifaldar,“ segir hann. „Það munar



Í hestaferð um Skorradalinn fyrir nokkrum árum.



Fríða og Þórður á heimili sínu í Búðardal.

um það.“ En blaðamaður gerir sér grein fyrir að veikindi geta komið hvenær sem er upp, líka að nóttu til. „Það verður samt að segjast að íbúar hér eru tillitssamir og hringja ekki utan afgreiðslutíma nema eitthvað virkilega alvarlegt sé að og það þykir mér vænt um,“ segir Þórður. „En það að hér voru tvær stöður lækna á sínum tíma var ein aðalástæðan fyrir því að ég kom hingað.“ Við þetta má bæta að Þórður tekur á ýmsan hátt annan þátt í samfé-laginu en á læknavaktinni. Hann er formaður stjórnar Menningar- og framfarasjóðs Dalasýslu og gegnir



Þórður Ingólfsson.

segir vegina vera slæma og nánast ónýta, enda hefur mikið verið rætt um bágt ástand í samgöngumálum á Vesturlandi að undanfögnu. „En burtséð frá því þá mun umferðin færast hingað, á þessa ónýtu vegi. Þegar tengingin um firðina og Dynjandisheiði verður komin verður styttra að fara suðurleiðina vestur á Ísafjörð.“

Að þekkja sjúklinginn

Starf Þórðar er því vissulega fjöl-breytt og hann segir það í raun vera mikinn kost. „Það væri mun ein-hæfara að starfa sem heimilislæknir á höfuðborgarsvæðinu.“ segir hann. „Hér er bókstaflega allur skalinn af áskorunum í starfi og það hefur verið dýrmæt reynsla.“ Hann kveður ekki nánar á um þetta, en segir að hann finni að fólk sé þakk-látt fyrir að hafa lengi getað leitað til sama læknisins. „Fólki finnst gott að þurfa ekki að byrja frá grunni að útskýra sjúkrasögu sína. Það veit að ég þekki hana og við getum haldið áfram þaðan,“ segir hann. „Það skapar líka vissst öryggi að læknir þekki til sjúklings og sögu hans, það eykur líkur á réttri sjúk-dómsgreiningu og meðferð.“

Úrvals starfsteymi

Þess má nærri geta að á svo löngum starfsferli hefur margt gerst sem erfitt hefur verið að takast á við. En Þórður segist ekki hafa verið einn í þessu. „Ég vinn með afbrigðis góðu teymi heilbrigðisstarfsfólks hérna,“ segir hann. „Það er svo margt sem skiptir þar máli í heildarútkom-unni; aðkoma sjúkraflutninga-manna, hjúkrunarfræðings, sjúkra-liða og læknafræðinga svo nokkuð sé nefnt. Saman tökumst við á við þetta og ef erfðir atburðir verða er gott að geta talað saman um þá reynslu. Það munar öllu.“

Svo eru það gleðistundir-nar. Þórður annast mæðravernd á svæðinu því þar er ekki starfandi ljósmóðir. Þetta segir hann vera einar bestu stundirnar í starfinu og svipur hans ber það með sér að þær gleðja. En vissulega er þetta stórt starf fyrir einn mann og á köflum eru annir-nar miklar. „Eg minni skjólstæðinga mína stundum á að ég sé takmörkuð auðlind,“ segir hann og hlær.

Hestamennskan gefur

Þau Fríða hafa byggt sér stórt og myndarlegt hús þar sem þeim líður

vel með börnin sín þrjú, sem eru á aldrinum 11–17 ára. Hún starfar sem ritari í Auðarskóla. Þórður á þrjú önnur börn frá fyrri samböndum svo hann er sex barna faðir. „Enda er ég orðinn þetta gamall, sextíu og fimm ára,“ segir hann og brosir. Fríða heitir fullu nafni Málfríður Mjöll Finnsdóttir. Þau kynntust í hestamennsku á sínum tíma og það er þeirra sameiginlega áhugamál. Þau eiga fimm hesta núna, en hafa oft átt fleiri. „Það er ákveðin heilun í því fólgin að sinna hestunum sínum eftir langan vinnudag,“ segir Þórður. „Jafnvel bara það að moka skít getur hvílt hugann svo um munar.“

Umhverfið í Búðardal býður líka upp á góðar reiðleiðir og ekki síst útivist í náttúrunni. Annað sem hann nefnir er að eitt af því besta sem hann tekur sér fyrir hendur sé að fara í smalamennsku að hausti hjá tengdforeldrum sínum á Háa-felli í Miðdölum. Þar er Fríða uppa-lin og fólkið hennar hefur búið þar í margar kynslóðir.

Samfélagið gott

Þegar samtali lýkur hugsar blaða-maður til íbúa þessa læknishér-aðs sem hafa verið heppnir með lækinninn sem þar hóf störf árið 1994. En hvað er það annars helst sem gerir lækni kleift að standa vaktina svona lengi og undir þessu álagi? Þórður hugsar sig um. „Eitt er það að ég vil einmitt vinna svona vinnu. Svo kann ég einstaklega vel við mig hérna og er mjög tengdur þessum stað. Ekki síst er ég ham-ingjusamlega giftur henni Fríðu minni. Samfélagið er gott og nátt-úrufegurðin mikil og gefandi að geta haft áhugamál eins og hesta-mennsku til að hvíla hugann að loknum vinnudegi. Ég gæti reyndar ekki hugsað mér að búa í erli höf-uðborgarsvæðisins þar sem dag-legt líf hlýtur að mótast af meiri streitu en við eigum að venjast hér. Við Fríða erum alltaf fegnust þegar kaupstaðarferð endar og við erum á leið heim aftur. Maður veit auð-vitað aldrei hvar maður endar, en helst vildi ég að það yrði hér,“ segir hann að lokum.

Blaðamaður kveður þau hjónin og ekur heimleiðis, hugsandi um hvað einn einstaklingur getur haft mikið að segja fyrir heilt samfélag ef unnið er af alúð og fagmennsku. Það er ekki að ástæðulausu sem Þórður læknir hefur átt farsælan feril í stóru læknishéraði í meira en þrjátíu ár.

gj/ Ljósm. gj og úr einkasafni

Ferðapjónusta byggist upp og blómstrar

Það þarf ekki að horfa nema um 20 ár aftur í tímann til að rifja upp allt annað umhverfi í ferðapjónustu heldur en við þekkjum í dag. Fyrir um 20 árum var áætlað að Íslendingar væru um 2/3 gesta í Dalasýslu á móti þriðjungi erlendra ferðamanna. Þó Íslendingar séu enn duglegir að heimsækja sögu-slóðir í Dölum þá hefur erlendum ferðamönnum fjölgað mikið. Hafa ber í huga að erlendum gestum á Íslandi í heild hefur fjölgað verulega síðustu 20 ár, sem dæmi komu yfir 2,8 milljónir ferðamanna um Keflavíkurflugvöll 2024.

Á þessum árum hefur einnig ýmislegt breyst er varðar möguleika á að ferðast til og um Dali. Nýr vegur um Þröskulda var opnaður 2009 sem beint hefur nær allri umferð til Vestfjarða og Stranda í gegnum Dali. Með opnun Dýrafjarðarganga haustið 2020 var einnig opnuð ný ferðamannaleið um Vestfirði og Dali, þ.e. Vestfjarðaleiðin (e. The Westfjords Way) sem hefur verið hvatning fyrir ferðamenn til að ferðast um héraðið. Áhrifa þessa má meðal annars greina á vinsælum ferðamannastöðum í Dölum.

Fleiri gestir og meiri opnun

Í samtali við bændur á Rjórabúinu Erpsstöðum hefur komið fram að þegar þau byrjuðu 2009 með fram-



Hjá Rjórabúinu Erpsstöðum gerði viðskiptaáætlun ráð fyrir 1200 gestum fyrsta árið en með nýjum vegi um Þröskulda sem opnaður var sama ár urðu þeir 5000.

leiðslu og sölu á rjómaís, gerðu þau ráð fyrir um 1200 gestum það ár. Áhrifaþáttur sem þau höfðu ekki gert ráð fyrir var að vegurinn um Þröskulda var opnaður sama ár svo gestir urðu nær 5000 fyrsta árið og hélst um það bil næstu ár með sígandi aukningu. Hægt og rólega juku þau vöruúrval, bættu við osta- og skyrgerð kringum 2012 og síðastliðin ár hafa gestir verið um 30 þúsund.

Á Eiríksstöðum í Haukadal var byggður upp tilgátubær sem tekinn var í notkun aldamótaárið 2000 og hefur síðan þá sinnt því hlutverki að fræða gesti um lífið í Dölum á 10. öld. Fyrir 20 árum var sögu-staðurinn aðeins opinn um þrjá

mánuði á ári. Í dag, með fjölgun ferðamanna, eru forsendur hins vegar þær að Eiríksstaðir eru opnir átta mánuði á ári og fyrir hópa hina fjóra mánuðina. Yfir háannatíma starfa þar á bilinu 8-9 manns.

Fjölbreytt gisting, frekari uppbygging

Fjöldi rúma á hótélum á Vesturlandi hefur meira en tvöfaldast á síðustu tíu árum. Gististöðum í Dölum hefur fjölgað með árunum, í dag eru yfir 200 rúm í ferðapjónustu í héraðinu. Hægt er að velja úr gistingu allt frá Skógarströnd yfir í Saurbæ, hvort sem þú vilt vakna við fuglasöng hinum megin við tjaldið



Frekari tækifæri felast meðal annars í því að fá fólk til að stoppa, borða og nýta aðra þjónustu.

eða geta dregið sængina yfir höfuð í uppbúnu rúmi þegar vekjarklukkan hringir. Gistiheimili, sumarhús, sveitasetur, hótél, heimagisting, herbergi eða tjaldsvæði og allt þar á milli.

Ferðapjónar í Dölum tala um fjölgun síðastliðin ár, gistirýmum sé fjölgað en alltaf sé eftirspurn, sem gefi hugmynd um tækifæri svæðisins. Tækifæri felist meðal annars í því að bjóða upp á þjónustu fyrir þann kúnnahóp sem þú vilt fá, fá fólk til að stoppa, borða og nýta aðra þjónustu. Í dag er nokkuð um það að gestir sem nýta gistimöguleika í Dölum séu einungis að fara í gegn en þó færast það í aukana að þeir dvelji lengur og ferðist um svæðið.

Það er ekki að finna bilbug á ferðapjónum í Dölum. Þeir tala fyrir frekari uppbyggingu, fjölgun gistirýma og meiri affreyningu.

Metnaður er ekki bara í orði því gististaðir í Dölum fá góðar ein-kunnir og umsagnir. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með uppbyggingu ferðapjónustu í Dölum á síðastliðnum árum og ekki síður skemmtilegt að heyra af framtíðarplönunum. Ferðapjónar hafa trú á svæðinu og möguleikum þess. Samkvæmt áætlunum rekstraraðila gætum við því á næstu árum séð fjölgun hótela, enn frekari fjölgun gistirýma, heit böð, gönguleiðir, söfn og margt fleira.

jms

Sam-ið er sterkt í Dölum

Um ári eftir að verkefnið Dalabyggð í sókn hófst var ráðgjafafyrirtækið Cohn&-Wolfe fengið að verkefninu til að vinna verkfærakistu út frá markmiðum þess. Einn af þeim þáttum sem fyrirtækið skoðaði var viðhorf íbúa, með ánægjulegum niðurstöðum. Meðal þess sem kom í ljós er að fólk er ánægt með árangur náungans, stolt af sögunni og náttúrunni. Í Dölum mættast lýðgæði og landgæði í lífsgæðum. Þá kom einnig í ljós að „sam-ið“ er sterkt á svæðinu; samheldni, samlyndi, samgangur, samvistir, samhljómur og samtakamátturinn.

Golfmót og sumarblóm

Samheldið samfélag getur leitt svo margt gott af sér. Þetta hefur m.a. sannast þegar kemur að hagsmunabaráttu Dalamanna. Það þarf hvorki læti né stóryrði til að vekja athygli á málum. Sem dæmi má nefna miðnætur golfmót sem haldið var á Skógarstrandarvegi 2023 til að vekja athygli á slæmu ástandi vegarins. Þar fóru íbúar af stað, söfnuðu stuðningi og fylktu liði til að spila 18 holur á vegi sem bauð upp á mun fleiri. Árið eftir var sumarblómum plantað í holur á sama vegi til að minna á stöðu vegarins. Samhljómur, samheldni og samtakamáttur án öfga hafa þannig leitt til þess að bágs ástands Skógarstrandarvegur er minnst ár hvert og áfram berjast íbúar fyrir úrbótum.

Guðrún Björg Bragadóttir eigandi Dalahytta var ein af skipuleggjendum golfmótsins 2023. Við spurðum Guðrúnu út í þetta uppátæki og hvort það hafi fengið verðskuldaða athygli. „Þegar frá líður finnst mér það fá meiri athygli þ.e. fólk man eftir því og minnst þess enn. Hefði viljað að það hefði fengið meiri athygli þá en betra er seint en aldrei.“



Aðstæður voru allskonar á miðnætur golfmótinu á Skógarströnd.



Dalahyttur bjóða upp á gistingu og reka veitingastað í uppgerðum bragga í Hörðudal.

Gerir gott betra

En hvers vegna að leggja þetta á sig, hvert er mikilvægi þessa vegar? „Fyrir mér er þetta eitt af því mikilvægasta sem við erum að vinna að.“ Guðrún nefnir að bundið slitlag og stytting vegalengda muni auka lífsgæði. „Að geta farið í lágvöruslun

án þess að þurfa yfir fjall og geta ferðast í nær hvaða veðri sem er.“ Ferðapjónninn gleymir ekki áhrifum sem betri vegur getur haft á atvinnugrein hans: „Eins munu ferðamenn fara Skógarstrandarveginn í stað þess að fara aftur til baka í Borgarnes og þaðan norður.“

Guðrún segir að ferðamönnum sé



Útsýnið frá „golfvöllinum“ á miðnætur mótinu.



Guðrún Björg Bragadóttir og maður hennar Guðlaugur Sigurgeirsson.

því miður ráðlagt að ferðast svona til að sleppa við slæman veg. „En með því þá missa þeir af útsýninu sem er gífurlega fallett og fleiri fá ekki að selja sína þjónustu eins og til dæmis við hér í Dölum.“ Úrbætur á veginum geti leitt af sér meiri atvinnu. „Miklu meiri hreyfingu fólks um svæðin beggja megin við.

Sem gerir ekkert annað en að gera gott betra.“ Aðspurð hvort samtakamáttur íbúa geti leitt af sér árangur svarar hún: „Ekki spurning. Sjáið bara hvað er að gerast í Dölunum núna. Menn og konur eru á fullu í alls konar verkefnum og það er meira um að fólk vinni saman þvert á verkefni og styðji þannig hvert annað.“



Auðarskóli.

Ljósmynd. sm

Auðarskóli hefur gildin; ábyrgð, ánægja og árangur

Auðarskóli hefur verið starfræktur frá 1. ágúst 2009 en þá voru allar skólastofnanir í sveitarfélaginu Dalabyggð sameinaðar. Hann er samrekinur en undir Auðarskóla falla þrjár deildir: Leikskóli, tónlistarskóli og grunnskóli.

Í Auðarskóla er nemandinn í öndvegi og lögð er á það áhersla að jafnt nemendur sem starfsmenn eigi góð og gefandi samskipti. Markvisst er unnið að því að auka félagsfærni nemenda, þrautseigju, sjálfstæði og eigin getu. Viðfeðmt starfsumhverfi skólans krefst sveigjanlegra vinnubragða sem einkennast af viðsýni, samvinnu og umburðarlyndi. Í skólanum eiga allir að finna fyrir velvild og hlýju og vita að þar er skjól og stuðningur að finna. Í námsumhverfinu er lögð áhersla á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni og jákvæð samskipti. Í Auðarskóla á öllum að líða vel og velferð nemenda og starfsfólks er ávallt höfð í fyrirrúmi sem endurspeglar í góðum starfsanda í öllu skólastarfinu. Gildi Auðarskóla eru; „ábyrgð, ánægja og árangur“ og byggist skólastarfið á þessum orðum.

Auðarskóli er eins og aðrir skólar á Íslandi í dag, eitt stórt lærdóms-samfélag þar sem rík áhersla er lögð á símenntun starfsfólks og um leið aukna fagmennsku og framsækið skólastarf sem er í sífelldri þróun. Þróunarverkefni af ýmsu tagi eru stór þáttur í innra starfi skólans, jafnt hjá starfsfólki og nemendum.

Nemendalýðræði höfum við verið að auka hægt og bítandi undanfarin ár. Á núverandi skólaári voru haldin tvö nemendaping með góðum árangri og til stendur að koma því í fast form að halda alltaf eitt þing á hvorri önn þar sem umræðuefnin eru mismunandi hverju sinni. Á nemendapingum eru nemendur hvattir til að koma sinni skoðun á framfæri og hafa þannig tækifæri til að hafa áhrif á skólann eða fá betri tilfinningu og skilning á því hvernig skólastarf gengur fyrir sig og til hvers er ætlast af þeim sem nemendum.

Áherslur skólaársins framundan verða innleiðingarvinnna á leiðsagnarnámi og kennslu og Skólabjónusta Ásgarðs er skólanum innan handar í þessari vinnu og veitir starfsmönnum leiðsögn. Áfram er einnig lögð áhersla á



Hjóladaður er haldinn árlega í Auðarskóla.



Árlega kemur danskennari í skólann og kennir krökkunum í viku. Í lok vikunnar koma fjölskyldur nemendanna saman í Félagsheimilinu Dalabúð og fylgjast með afrakstrinum. Yfirleitt endar það á að allir fá að dansa saman undir handleiðslu krakkanna.



Froðurennibraut er fastur liður á skólaslitum.

vaxtarhugarfar, markmiðasetningu nemenda og samþættingu námsgreina með þjálfun nemenda í lykilhæfni aðalnámskrár í forgrunni.

Í Auðarskóla er mikið notast við samþættingu námsgreina og fjölbreyttar náms- og kennsluáðferðir til að mæta betur þörfum hvers og eins nemenda. Einnig er lögð mikil áhersla á tjáningu, framkomu og framsögn sem eykur sjálfstraust, öryggi og styrkir sjálfsmynd nemenda. Viðburðir eins og kaffihúsa- kvöld, árshátíð, bekkjarkvöld og foreldravíðburðir efla þessa færni til muna hjá nemendum. Þessir viðburðir eru hluti af ríkum hefðum

sem móta skólastarfið í Auðarskóla. Markmið hefðanna er meðal annars að skapa skólanum sérstöðu, viðhalda siðum, efla samskipti nemenda og samkennd, sjálfstraust þeirra og virðingu hver fyrir öðrum. Nemendafélagið og foreldrafélagið eru einnig virk í að koma með hugmyndir að bættu skólastarfi og viðburðum innan skólans.

Samfélagið allt, fyrirtæki og stofnanir hér í Dalabyggð sýna skólastarfinu velvilja og styðja við viðburði sem skólinn stendur fyrir og fyrir það erum við sérlega þakklát.

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir Höf, er deildarstjóri grunnskóla



Lifandi og fjölbreytt skólastarf eflir nemendur skólans.



Nemendur nýta félagsheimilið Dalabúð sem er við hliðina á Auðarskóla.



Svipmynd frá vorhátíð í Auðarskóla.

Ljósmynd. úr safni Skessuhorns/sm



Reynt er að stuðla að útiveru, bæði hjá leikskóla- og grunnskólabörnunum. Dagurinn hjá nemendum á grunnskólastigi hefst þannig t.d. allaf á göngutúr um hverfið. Leikskólakrakkarnir eru einnig duglegir að skoða nánasta umhverfið sitt, með aðstoð kennaranna sinna. Þau kíkja stundum í heimsóknir í stofnanir og víðar og kæta þannig íbúanna.

Ný hugsun í nýtingu ullar

Nýsköpunarfyrirtækið Urður ullarvinnsla hefur opnað dyr sínar í Rauðbarðaholti í Hvammssveit og þar er tekið á móti gestum alla daga í sumar. Viðskiptahugmyndin er ný. En hún byggir á íslensku ullinni, afurð sem hefur fylgt þjóðinni allt frá landnámi.

Rauðbarðaholt er í Hvammsveit, í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Búðardal. Þar hafa ungu hjónin og frumkvöðlarnir Ingibjörg Þóranna Steinudóttir og Einar Hlöðver Erlingsson endurbyggt hesthús og fjárhús frá miðri síðustu öld og þar er aðsetur fyrirtækisins með véla- samstæðum og fleiru. Urður er svo- kölluð smáspunaverksmiðja. Þar er áhersla á að spinna band úr íslenskri ull af fé úr Dölunum t.d. lambsull, sem er mýksta og verðmætasta ullin. Ingibjörg er verkfræðingur og Einar húsasmiður. Það hlýtur að teljast fullkomin blanda fyrir fyrirtæki eins og þetta.

Lífsgæði að búa á svona stað

Til að byrja með er rétt að nefna að það er tvíbýlt í Rauðbarðaholti; þetta er fjölskyldujörð og á hinum bænum býr móðir Einars, Monika B. Gunnarsdóttir ásamt manni sínum Halldóri Gunnarsyni. Þau eru sauðfjárbændur með um 300 fjár, enda er gott að búa með sauðfé á þessum slóðum. Ingibjörg og Einar eru hins vegar ekki með búskap en hafa gert upp gamla bæinn á jörðinni og búa þar. Útsýni frá bænum er einstaklega vítt og fagurt og þótt Ingibjörg sé úr þéttbýlinu í Hafnarfirði kann hún mjög vel við sig. Þau Einar eiga tvær stálpaðar dætur, Auði Lindu og Freyju Sjöfn. Ingibjörg segir það vera lífsgæði að búa þarna, ekki síst fyrir börn. Fjarvinna sé raunhæfur möguleiki og nóg af ýmiss konar afþreyingu. Það sé líka gott hvað boðleiðir eru stuttar og því auðvelt að nýta sér það sem er í boði.

Mislita féð á sér uppreisnar von

Fyrirtækið dregur nafn sitt frá einni örlaganornanna þriggja, enda spinna þær mönnum örlög. Urður var elst þeirra. Hún var norn fortíðarinnar og nafn hennar merkir: „Það sem orðið er.“ Þetta á vel við þegar höndlað er með fornan menningararf eins og afurðir sauðfjár. Verkefnið hefur fengið stuðning gegnum DalaAuð, Uppbyggingarsjóð Vesturlands og Hollvínasamtök Dalabyggðar og viðskiptahugmyndin þykir bæði athyglisverð og vænleg. Ingibjörg er verkfræðingur og hefur reyndar starfað í fjarvinnu hjá fyrirtækinu Nox Medical undanfarin ár ásamt öðru. „Sérstaða Urðar felst í að nýta alla liti sauðkindarinnar,“ segir hún. „Yfirleitt hafa bændur fengið mest fyrir hvítu ullina sem hefur leitt til aukins fjölda af hvítu fé í hlutfalli við það mislita. En margir hafa samt ræktað mislitt fé af hugsjón vegna þess hve fallett það er.“

Fær alla liti sauðfjárens

Í fróðlegri grein Emmu Eypórsdóttur og fleiri sérfræðinga í Náttúrufræðingnum má lesa að litafjölbreytni íslensks sauðfjár hafi viðhaldist í stofninum um aldir ólíkt mörgum erlendum

fjárkynjum. Grunnlitir eru hvítt, svart og mórault en litamynstur grátt, grámórault, golsótt og botnótt ásamt tvílitu þar sem hvít svæði á dökkum grunni skapa mikla fjölbreytni. Það fyrsta sem mætir gestum í húsnaði Urðar er einmitt veggspjald Bændasamtakanna af íslensku sauðalitunum.



Útihúsin hafa fengið nýtt hlutverk.

„Fólk sér liti í garninu frá okkur sem það sér ekki annars staðar af því ég framleiði úr öllum litunum sérstaklega,“ segir Ingibjörg. „Svo kaupi ég ull frá mörgum bændum og fæ þannig örugglega allt litróf sauðkindarinnar.“

Tvinnað band sem hentar í alls konar

Svo er ekki sama hvernig band kemur af ullinni. „Þú getur ekki fengið lambsull í þessari þykkt annars staðar, sem hentar fyrir lopapeysur,“ segir Ingibjörg og bendir á eina hespuna. „Þegar fólk kaupir lopa í búð veit það ekki hvort það er að fá ull af á eða lambi. Lambsull fæst þó á einstaka stöðum, svo sem í Þingborg á Suðurlandi. En í öðrum ullarvinnslum er finna band sem er vissulega lambsull en bara finna garn sem ég myndi ekki nota í lopapeysu. Hér framleiði ég lamb-sullarband sem er samkeppnishæft við hágæða ullarband erlendis. Það er tvinnað og hentar í alls konar flikur.“ Hún bendir á nokkrar mismunandi hespur í hillu. „Þetta er móflekktótt og þetta mórault, en svo er þetta hér hvort tveggja mórault. Samt er litamunur og hér sérðu hespur sem eru báðar með bandi úr svartflekktóttu en þetta hafi verið mismunandi reyfi.“ Garn Urðar er af þremur gerðum með mismunandi eiginleika. Þær bera sterk nöfn: Heiður, Vald og Virðing. Þetta skýrir Ingibjörg svo: „Nöfnin sækja í gildi Íslendingasagnanna. Þær snérist jú eingöngu um heiður, vald, virðingu og slíkt. Fleiri nöfn munu bætast við þegar fram líða stundir.“

Beint frá bæ til bands

Meðal þess sem finna má í hillum Urðar er grámórault garn. „Aðeins 0,3% af ám eru skráðar með þennan lit á Íslandi,“ segir Ingibjörg. „Svo grámórault er eitthvað sem þú færð ekki í búð. Svo er ég með svartflekktótt, golsótt, svartgolsótt og mógolsótt og svo mætti áfram

telja.“ Eðli málsins samkvæmt eru birgðir af ákveðnum litum ekki ótakmarkaðar. „En ég á þó alltaf það mikið að það sé hægt að fá nóg í það sem þrjóna skal,“ segir Ingibjörg. „Dokkurnar eru merktar eftir lotum, sem sagt framleiðsludegi. Við erum með rekjanleika niður á upprunabæ; ég get sem sagt



Ingibjörg við spunavélina.



Blæbrigði litanna, frá svörtu yfir í hvítt.

rakið út frá lotunni frá hvaða bæ ullin kom.“

Umhverfisvæn framleiðsla

Urður borgar í raun herra verð fyrir ullina en bændur eru vanir að fá og sama verð er greitt fyrir alla liti. „Venjulegast hafa bændur flokkað þetta í hvítt, mórault, svart og grátt,“ segir Ingibjörg. „Allt annað hefur farið í sérflokk sem mislitt, alveg sama hvort það sé lambsull eða hvað. En við fengum bændurna til að flokka í alla litina svo ég geti unnið úr þeim öllum. Við reynum líka að henda sem minnstu úr framleiðslunni og fengum sérstakt tæki með sem gerir þykkt óspunnið band úr afgangum sem til falla. Það er hægt að gera gróft þrjón úr því; teppi, sessur eða mottur.“ Þessi fagmennska er kannski bara það sem hefur vantað í landinu? „Já, ég held að þetta hafi aldrei verið gert hér áður,“ segir hún. „Það eru alls konar markmið hjá okkur, svo sem að hækka verð til bændna og að vinna alla litina. Nokkrir bændur hafa sagt mér að nú loksins borgi sig fyrir þá að setja uppáhaldslitinn sinn á, svo þetta er strax farið að ýta undir litauðvalið. Menn geta farið að rækta kindur út frá ullinni.“

Áhrif á þróunina

Það er ýmislegt fleira jákvætt sem ullarvinnslan hefur í för með sér og snýr að samfélaginu og fyrirtækið keypti ull frá 22 bæjum í haust. Ingibjörg nefnir líka að þau séu búin að ráða til sín sumarstarfsmann úr



Einar og Ingibjörg hafa verið samhent í uppbyggingu fyrirtækisins.

salnum og veggurinn að hlöðunni. En viðbótin er byggð í sama stíl. „Þegar ég var að rífa þetta og taka upp krærnar kom í ljós gamalt steypd kindabað,“ segir hann. „Enda tíðkaðist að baða féð þegar þetta var byggt á sínum tíma.“

Handvirkt ferli náttúrulegrar afurðar

Allt er handvirkt í vélasalnum. Ullin er sett á færiband til tætingar og spýtist svo inn í lokað rými þar sem gefur að líta ullarhrúgu. „Hérna er núna ull af svartgolsóttu,“ segir Ingibjörg. „Stundum erum við bara með eitt reifi af einum lit og vinnum það sér. En stundum er fleiri en eitt í sama lit, úr sama poka frá sama bæ. Það er sem sagt liturinn sem er til grundvallar í hverju holti.“ Hún bendir á aðra vél: „Eftir tætingu fer ullin í forkembivél og losnar þar um leið við óhreinindi svo sem gras og slíkt. Það fellur niður á botn en það sem við viljum nota fer alveg gegnum vélna. Svo er það kembivélin, þar þarf maður að vigta ofan á beltið svo alltaf fari sama magn í hana á sama tíma. Út úr henni kemur grunnurinn af spunanum sem kallast ullarþypa.“

Við yrkjum lífsgæðin

Ingibjörg Þóranna situr í sveitarstjórn Dalabyggðar og hefur gegnt starfi oddvita að undanförnu. Hverjir eru að hennar mati helstu kostir svæðisins til búsetu? „Ég sé hjarta framtíð fyrir Dalabyggð. Við stöndum núna í mestu framkvæmdum í sögu sveitarfélagsins, byggingu íþróttamiðstöðvar með íþróttasal og sundlaug í Búðardal. Eg sé fyrir mér að það muni laða að fjölskyldufólk í Dalina enda verður aðstaða til að ala upp börn þá til fyrirmyndar. Leikskóli, skóli, félagsheimili, íþróttahús og sundlaug allt á sama stað, ekkert skul á æfingar eða neitt slíkt. Ég sé fyrir mér áframhaldandi uppbyggingu á íþróttastarfi sem mun enn frekar styrkja Dalina sem góðan valkost fyrir fjölskyldur. Dalabyggð er í verkefni brothættra byggða hjá Byggðastofnun undir yfirskriftinni DalaAuður. Það verkefni hefur gefið af sér fjöldann allan af stórkostlegum verkefnum, mörgum hverjum tengdum atvinnulífinu, líkt og Urði ullarvinnslu. Við yrkjum lífsgæðin í Dölunum og horfum bjartsýn fram á veginn.“

Blaðamaður finnur fyrir djúpstæðri virðingu fyrir fagmennskunni sem ríkir í Rauðbarðaholti og þakkar fyrir sig. Það verður gaman fyrir fólk að leggja leið sína þangað; skoða garn og liti og upplifa nýja nálgun í framleiðslu gæðavöru úr náttúrulegri afurð.

gj/ Ljós.m. gj



Peysan Krosshólaborg frá Urði ullarvinnslu. Hægt er að nálgast uppskrift að peysunni inni á heimasíðu fyrirtækisins, urdurull.is/vorur/krossholaborg/.

sveitinni, átján ára gamlan einstakling sem er í námi. „Það er samfélagsatriði að unga fólkið hérna geti komið heim í sumarvinnu,“ segir hún. „Svo má nefna að nágranni okkar sem er stundum með kindur sem ganga úti allan veturinn hefur valið mislitt í það, því ullin getur farið illa á útigöngu. Núna var útigangsféð allt hvítt en þær lituðu voru settar inn. Þá voru settir á fleiri misliti hrútar í vetur og þar af leiðandi koma fleiri mislit lömb. Það verður ennþá skemmtilegra að rýja næsta haust.“

Óvæntur fundur í gólfinu

Spunavélarnar koma frá Kanada. Þær eru hentugar að sögn Ingibjargar, taka hlutfallslega lítið pláss og skila sínu vel. Í móttökunni er búð og salerni auk starfsmanna-aðstöðu. Það sem áður var fjárhús og hesthús hefur því tekið stakkaskiptum. Blaðamaður svipast um og tekur eftir að Einar hefur vandað vel til verka. Hann segir hógvær að það liggi vissulega nokkur handtök að baki. Hlöðuna nýtir hann undir verkstæði. Það eina sem stóð eftir þegar búið var að rífa niður mikið af fjárhúsinu var einn veggur í véla-

Heimili fólks en ekki stofnun

Heimsókn á hjúkrunarheimilið að Fellsenda í Miðdölum

Hjúkrunarheimilið á Fellsenda hefur verið í rekstri síðan árið 1968 og var á sínum tíma stofnað fyrir gjafafé. Í dag er þar stór vinnustaður. En fyrst og fremst er þar griðastaður, fyrir aldraða geðfatlaða einstaklinga. Hugsunin er sú að um heimili sé að ræða, ekki stofnun. Blaðamaður Skessuhorns kom þar við á dögnum og spjallaði við Gunnar Bergmann Steingrímsson deildarstjóra hjúkrunar.

Jörðin að gjör

Það var Finnur Ólafsson frá Fellsenda sem gaf jörð sína og fjármuni í þessum tilgangi. Hann stofnaði jafnframt minningarsjóð um foreldra sína, þau Ólaf Finnsson og Guðrúnu Tómasdóttur frá Fellsenda. Í stofnskrá er kveðið á um að sjóðnum skuli varið til þess að reisa og reka elli- og hjúkrunarheimili fyrir Dalasýslu. Það reyndist hins vegar ekki vera eftirspurn eftir slíkum dvalarrýmum þar og því var frekar farið í að taka við fólki með alvarlega geðsjúkdóma, óháð aldri. Í dag eru íbúar heimilisins á breiðu aldursbili, yngsti íbúinn er 49 ára og elsti 89 ára. Þeir hafa fyrst og fremst komið frá geðsviði Landspítalans og öll rýmin eru skilgreind sem hjúkrunarrými. Árið 2006 varð gjörbreyting á allri aðstöðu þegar starfsemin flutti í nýtt og glæsilegt húsnæði á staðnum.

Gunnar segir að heimilið rúmi í dag 27 sjúklinga og að kappkostað sé að láta hverjum og einum líða eins og heima hjá sér. „Því þetta er fyrst og fremst heimili þeirra,“ segir hann. „Og við starfsfólkið erum gestir, með það hlutverk að gera líf þeirra eins bærilegt og hugsast getur.“

Stór vinnustaður

Eðli málsins samkvæmt glímur heimilisfólk á Fellsenda við alls kyns geðrænar áskoranir ásamt afleiðingum eftir erfiðan áfengis- og fíknivanda sem hefur leitt til alvarlegs og varanlegs heilsuþrests. Gunnar segir að það komi alveg tímar þar sem umönnunin sé mjög krefjandi. „Það koma tímabil þar sem er mjög þung og erfið umönnun en svo koma rólegri tímar inn á milli. Þetta er svipað og á öllum hjúkrunarheimilum sem ég hef starfað á,“ segir hann. Um leið hrósar hann starfsfólki sínu og staðfestir að það sé ekki mikil starfsmannavelta. „Jú, einhverjir hafa fært sig um set, en þá kemur maður í manns stað,“ segir hann. „Alls eru hér 43-45 manns í misháu starfshlutfalli. Auk umönnunarstarfa vinnur fólk við ræstingar og þvotta, í eldhúsi og við iðjuþjálfun.“

Góðar heimsóknir

Við skoðun á heimasíðu Fellsenda rekur blaðamaður augun í að ýmsir góðir gestir koma að staðaldri þangað og létta heimilisfólki lífið. Reglulega kemur sjúkrahjálpari auk fóttaðgerðafræðings, hársnyrtis og snyrtifræðings, svo ekki sé minnst á Steinunni Pálsdóttur úr Borgarnesi sem kemur reglulega og skemmtir

fólkinu með spili og söng. „Við erum með ágætt skipulag á afþreyingunni,“ segir Gunnar. „Það er Ingibjörg iðjuþjálfari sem annast það af einstakri kostgæfni. Svo kemur séra Snævar hingað reglulega og það gleður fólkið,“ segir Gunnar. „Og læknirinn kemur alltaf á fimmtudögum á vegum Heilsugæslunnar í Búðardal. Það er passað vel upp á heimilisfólk, að þeirra heilsa sé eins og best verður á kosið.“



Gunnar Bergmann Steingrímsson.



Frá Fellsenda er fallegt útsýni og heimilisfólk nýtur veðurblíðunnar úti við á góðviðrisdögum.



Heimilið er hlýlega innréttað og vel búið húsgögnum.

Notalegt að aka til vinnu

Starfsfólk Fellsenda býr að mestu leyti í næsta nágrenni heimilisins. Sjálfur býr Gunnar á Hróðnýjarstöðum norðan við Laxárdal, en það tekur hann „Samt stuttan tíma að aka til vinnu. „Samir myndu segja að Fellsendi væri afskekkt, hér lengst uppi í sveit,“ segir hann. „En það er ekkert svo langt að fara. Ég er um 25 mínútur að keyra í vinnuna og það er afslappandi akstur, ég er ekki sífellt að stoppa á rauðu ljósi og náttúrufegurðin er engu lík.“ Hann flutti með fjölskyldu sinni frá Akranesi í Dalina fyrir rúmu ári. „Það var í janúar, á erfiðum tíma,“ segir hann. Búslóðin var sett á flutningabíl og Gunnar ók sjálfur. Á leiðinni lenti hann í vandræðum í hálku og leitaði til KM þjónustunnar í Búðardal um aðstoð. „Svo hjálpaði mér flutningabílstjóri sem var svo elskulegur að keyra restina af leiðinni fyrir mig,“ segir hann. Eftir að hingað var komið höfum við kunnað afar vel við okkur og dætur

okkar blómstra í Auðarskóla. Þar eru þær í mikilli virkni, í skátunum, glímu og badminton og ekki síst eru það öll ævintýrin heima í sveitinni. Ég verð líka að taka fram í þessu að ég er einstaklega þakklátur fyrir framlag eiginkonu minnar, Láru Elínar Guðbrandsdóttur og hennar skilning.“

Flóinn rekstur

Gunnar dregur ekkert úr því að starf hans sé annasamt og á stundum erfitt. „Við erum með fólk sem er bæði með líkamlegar, geðrænar og fíknitengdar áskoranir,“ segir hann. „Fólk sem er ósjálfbjarga og mögulega í hjólastól. Það má segja að heilsufarið sé eins ólíkt og íbúarnir eru margir og hver og einn er með sinn karakter og þarfir. En það er mikilvægt að hvetja alla til virkni eins og hægt er þótt það sé ekki alltaf auðvelt. Einn vandinn liggur svo í því að hjúkrunarmódelið sem heimilið byggir á passar misvel við okkur því



Við innganginn hangir mynd af velgjörðarmanni heimilisins, Finni Ólafssyni (1880 - 1957).

það byggir mikið til á aðstæðum á hefðbundnum hjúkrunarheimilum.“ Blaðamaður hefur á orði hversu fallegt og vel búið heimilið sé og Gunnar tekur undir það. „Það er líka nokkuð rúmgott hérna en samt væri æskilegt að geta byggt við húsið til að bæta meðferðaraðstöðu hjá okkur.“ segir hann.

Lausnamiðuð hugsun

Gunnar segir að hann fái næstum daglega símtöl frá öðrum heilbrigðisstofnunum og félagslegri heimaþjónustu þar sem spurt sé hvort það sé laust pláss. „En við gætum í mesta lagi tekið við einum til viðbótar og þá með því að breyta sjúkrahjálfunarrými í dvalarrými,“ segir hann. „Á tímabili vorum við með hvíldarinnlagnir, en þurftum svo að taka við einstaklingi í það rými sem er því ekki fyrir hendi lengur. En það er samt fólk á biðlista eftir hvíldarinnlagn og afleitt að geta ekki tekið á móti því.“ Hann leggur samt áherslu á jákvæðni starfsmannahópsins þrátt fyrir álag. „Við viljum vera bjartsýn, horfa fram á veginn og leysa vandamál eftir bestu föngum. En það getur tekið tíma.“

Falleg hugmyndafræði

Það er á Gunnari að heyra að hann er ánægður með stefnuna sem Fellsendi starfar eftir. Hann langar jafnvel að ganga enn lengra og innleiða það sem heitir þjónandi leiðsögn og byggir í raun á að þjónusta við fatlað fólk sé byggð á kærleika og virðingu. „Það er góð og vönduð hugmyndafræði sem grundvallast á mannúð, gæsku, væntumþykju og hlýju,“ segir hann. „Þó þetta sé vissulega allt fyrir hendi hér væri dýrmætt að geta ræktað þá hugsun ennþá betur,“ segir hann að lokum.

Hvað er það besta við að búa í Dölunum?



Svanbít Lilja Viðarsdóttir, Búðardal

Náttúran og aukni fjölskyldutíminn er það besta við að búa í Dalabyggð.



Vilhjálmur Arnórsson, Búðardal

Mjög miðsvæðis fyrir vinnu og tómstundir.



Sindri Geir Sigurðsson, Búðardal

Kyrrðin, fólkið og jákvæðnin sem umlykur allt.



Guðrún Björg Bragadóttir, Hlíð

Hér er hátt til lofts og vítt til veggja og endalausir möguleikar.



Ragnheiður Pálsdóttir, Kverngrjóti

Gott samfélag, kyrrðin, náttúran, engin eldgos eða jarðskjálftar.

Dalirnir dafna! Lausar lóðir í Búðardal

Ásuhvammur – ný gata – auk þess lausar lóðir við
aðrar götur, nánar á www.dalir.is/lausar-lodir



Í Búðardal er gert ráð fyrir einbýlis-, par- og raðhúsalóðum



Í skipulagi er lögð áhersla á gott yfirbragð hverfa, nálægð við útivistarsvæði, öruggar göngu- og hjólaleiðir og góð tengsl við miðsvæði.

Stutt í skóla/leikskóla og nýtt íþróttahús ásamt sundlaug sem verða tekin í notkun í upphafi árs 2026.

Fjölbreytt tólstundastarf fyrir allan aldur.

Gott mannlíf og samheldni. Hæglæti og kyrrð.

Einstök náttúra, fjölmörg tækifæri til útivistar og hreyfingar. Frábær loftgæði. Öryggi; lítill náttúruvá.

Miðja Vesturlands; um 80 km í Borgarnes, Stykkishólm, á Hvammstanga, Hólmavík og Reykhóla.

Kynntu þér framboðið á
dalir.is/lausar-lodir

